Hringbraut 212. 112

Möt framkvæmd: 1/8/1943.	Metið kr.
<p>Íbúðarhús, tvílyft, með risi og kjallara, úr bindingi, klætt utan borðum, pappa, listum og járni á veggjum og þaki. Eldvarnarveggur er á milli þessa húss og hins næsta. Millipil er í útveggjabindingi. Masonitpiljur eru innan á útveggjabindingi aðalhöðanna, beggja megin skilveggjabindings og neðan á loftbitum. Milligólf er í báðum bitalögum og sagspónastopp er á milli gólfanna. Tvöfaldir gluggar eru á báðum höðum hússins. Kjallarin er múrhúðaður utan. Þar eru skilveggir, loft og gólf úr steinsteypu. Í neðri hæðinni eru 2 íbúðarherbergi, eldhús, anddyri og gangur. Í efri hæðinni eru 3 íbúðarherbergi, baðherbergi m/v.s., fastur skápur og gangur. Í kjallaranum er þvotta- og miðstöðvarherbergi, þurkstofa, geymsluherbergi og v.s. Steinsteyputröppur eru við húsið og niðurstig við bakhlíð þess að útidyrum kjallarans.</p> <p>Stærð: L. 6.2 m. br. 8.1 m. h. 5.7 m. ris 0.8 m. kjh. 2.0 m.</p> <p>Húsið, ásamt tilheyrandi, er virt á.....</p>	<p>68.390.- ✓</p>

Möt framkvæmd: 1/2/1944. 19/10/1963.	Metið kr.
<p>Íbúðarhús, þrílyft, með risi og kjallara, úr steinsteypu, með þaki úr borðasúð, pappa, listum og járni. Stigar og loft eru úr járnþentri steinsteypu, en kjallaragólf og skilveggir eru úr venjulegri steinsteypu. Innan á útveggjum eru vikurplötur og allar íbúðir hússins eru múrsléttaðar og olíumálaðar innan. Í hverri hæð fyrir sig eru 5 íbúðarherbergi, 2 eldhús, 2 steypibaðklefar m/v.s., 4 fastir skápar, anddyri og 2 gangar. Í kjallara hússins eru þvottaherbergi, miðstöðvarherbergi, 8 geymsluherbergi, 2 áfastir skápar, anddyri og 2 gangar. Á bakhlíð hússins eru 3 veggpallar og allt er það múrhúðað utan með skeljasandi.</p> <p>Stærð: L. 12.0 m. br. 10.3 m. h. 8.2 m. ris 1.5 m. kjh. 2.2 m.</p> <p>Húsið, ásamt tilheyrandi, er virt á.....</p>	<p>248.250.-</p>
<p>Virt 19/10/1963.</p> <p>Húsið er óbreytt frá síðasta mati, 1/2/1944, en óskast endurmetið til hækkunar með tilliti til verðhækkana, sem orðið hafa frá því að mat fór fram.</p> <p>Stærð hússins:</p> <p>L. 12.0 m., br. 10.3 m., h. 8.2 m., ris 1.5 m., kj. 2.2 m. = 1.371.96 m³ m³</p> <p>Húsið, ásamt tilheyrandi, er virt á kr. 1.990.000.-</p>	<p>1.990.000.-</p>

Gata og númer:

Hringbraut 214. 114

Möt framkvæmd: (21/10/1934.) 1/5. 1943	Metið kr.
<p>Íbúðarhús, tvílyft, með risi og kjallara, úr bindingi, klætt utan borðum, pappa, listum og járnri á veggjum og þaki. Eldvarnarveggur er á milli þessa húss og hins næsta. Millibil er í útveggjabindingi. Masonitpiljur eru innan á útveggjabindingi aðalhæðanna, beggja megin skilveggjabindings og neðan á loftbitum. Milligólf er í báðum bitalögum og sagspónastopp er á milli gólfanna. Tvöfaldir gluggar eru á báðum hæðum hússins. Kjallarinn er múrhúðaður utan. Þar eru skilveggir, loft og gólf úr steinsteypu. Í neðri hæðinni eru 2 íbúðarherbergi, eldhús, anddyri og gangur. Í efri hæðinni eru 3 íbúðarherbergi, Baðherbergi m/v.s., fastur skápur og gangur. Í kjallaranum er þvotta- og miðstöðvarherbergi, þurkstofa, geymsluherbergi og v.s. Steinsteyputröppur eru við húsið og niðurstig við bakhlíð þess að útidrym kjallarans.</p> <p>Stærð: L. 6.2 m. br. 8.1 m. h. 5.7 m. ris 0.8 m. kjh. 2.0 m.</p> <p>Húsið, ásamt tilheyrandi, er virt á.....</p>	<p>67.640.-v</p>

Gata og númer:

Hringbraut 215. 115

Möt framkvæmd: 1/2/1944.	Metið kr.
<p>Íbúðarhús, þrílyft, með risi og kjallara, úr steinsteypu með járnþaki á pappa og borðasúð. Stigar og loft eru úr járnþentri steinsteypu, en skilveggir og kjallaragólf úr venjulegri steinsteypu innan á útveggjum eru vikurplötur og allar íbúðir hússins eru múrsléttaðar og olíumálaðar innan. Í hverri hæð fyrir sig eru 4 íbúðarherbergi, 2 eldhús, 2 steypibaðklefar, anddyri og gangur. Í kjallara eru miðstöðvarherbergi, þvottaherbergi 7 geymsluherbergi, v.s., 2 fastir skápar, anddyri og gangur. 2 veggpallar eru á bakhlíð hússins og allt er það múrhúað utan með skeljasandi.</p> <p>Stærð hússins: L. 9.7 m. br. 10.3 m. h. 8.2 m. ris 1.5 m. kjh. 2.2 m.</p> <p>" útskots: L. 2.4 m. br. 2.7 m. h. 9.0 m. skápak kjh. 2.2 m.</p> <p>Húsið, ásamt útskoti og tilheyrandi, er virt á.....</p>	<p>220.780.-/</p>

Gata og númer:

Hringbraut 216. 116

Möt framkvæmd: (1/5/1942.) 25/9/1945.	Metið kr.
<p>Íbúðarhús, tvílyft, með risi og kjallara, úr bindingi, klætt utan borðum, pappa, listum og jární á veggjum og þaki. Eldvarnarveggur er á milli þessa húss og hins næsta. Millibil er í útveggjabindingi. Masonitbiljur eru innan á útveggjabindingi aðal hæðanna, beggja megin skilveggjabindings og neðan á loftbitum. Milligólf er í báðum bitalögum og sagspónastopp er á milli gólfanna. Tvöfaldir gluggar eru á báðum hæðum hússins. Kjallarinn er múrhúðaður utan. Þar eru skilveggir, loft og gólf úr steinsteypu. Í neðri hæðinni eru 2 íbúðarherbergi, eldhús, anddyri og gangur. Í efri hæðinni eru 3 íbúðarherbergi, baðherbergi m/v.s., fastur skápur og gangur. Í kjallaranum er þvottaherbergi, miðstöðvarherbergi, þurkstofa, geymsluherbergi og v.s. Steinsteyputröppur eru við húsið og niðurstig við bakhlíð þess að útidyrum kjallarans.</p> <p>Stærð: L. 6.2 m. br. 8.1 m. h. 5.7 m. ris 0.8 m. kjh. 2.0 m.</p> <p>Húsið, ásamt tilheyrandi, er virt á.....</p>	<p>43.590.- /</p>
=====	
<p>Húsið er óbreytt frá síðasta mati. (1/5/1942.)</p> <p>Stærð: L. 6.2 m. br. 8.1 m. h. 5.7 m. ris 0.8 m. kjh. 2.0 m.</p> <p>Húsið, ásamt tilheyrandi, er virt á.....</p>	<p>89.300.-</p>

Gata og númer:

Hringbraut 216. 116

Mót framkvæmd: (1/5/1942.) 25/9/1945.	Metið kr.
<p>Íbúðarhús, tvílyft, með risi og kjallara, úr bindingi, klætt utan borðum, pappa, listum og jární á veggjum og þaki. Eldvarnarveggur er á milli þessa húss og hins næsta. Millibil er í útveggjabindingi. Masonitþiljur eru innan á útveggjabindingi aðal hæðanna, beggja megin skilveggjabindings og neðan á loftbitum. Milligólf er í báðum bitalögum og sagspónastopp er á milli gólfanna. Tvöfaldir gluggar eru á báðum hæðum hússins. Kjallarinn er múrhúðaður utan. Þar eru skilveggir, loft og gólf úr steinsteypu. Í neðri hæðinni eru 2 íbúðarherbergi, eldhús, anddyri og gangur. Í efri hæðinni eru 3 íbúðarherbergi, baðherbergi m/v.s., fastur skápur og gangur. Í kjallaranum er þvottaherbergi, miðstöðvarherbergi, þurkstofa, geymsluherbergi og v.s. Steinsteyputröppur eru við húsið og niðurstig við bakhlíð þess að útidýrum kjallarans.</p>	
Stærð: L. 6.2 m. br. 8.1 m. h. 5.7 m. ris 0.8 m. kjh. 2.0 m.	
Húsið, ásamt tilheyrandi, er virt á.....	43.590.- /
=====	
Húsið er óbreytt frá síðasta mati. (1/5/1942.)	
Stærð: L. 6.2 m. br. 8.1 m. h. 5.7 m. ris 0.8 m. kjh. 2.0 m.	
Húsið, ásamt tilheyrandi, er virt á.....	89.300.-

Gata og númer:

Hringbraut 218. 118

Möt framkvæmd: (9/9/1944.) 21/4/1947.	Metið kr.
<p>Íbúðarhús, tvílyft, með risi og kjallara, úr bindingi, klætt utan borðum, pappa, listum og járnri á veggjum og baki. Eldvarnarveggur er á milli þessa húss og hins næsta. Millibil er í útveggjabindingi. Masonitbiljur eru innan á útveggjabindingi aðal hæðanna, beggja megin skilveggjabindings og neðan á loftbitum. Milligólf er í báðum bitalögum og sagspónastopp er á milli gólfanna. Tvöfaldir gluggar eru á báðum hæðum hússins. Kjallarinn er múrhúðaður utan. Þar eru skilveggir, loft og gólf úr steinsteypu. Í neðri hæðinni eru 2 íbúðarherbergi, eldhús, anddyri og gangur. Í efri hæðinni eru 3 íbúðarherbergi, baðherbergi m/v.s., fastur skápur og gangur. Í kjallaranum eru þvotta- og miðstöðvarherbergi, þurkstofa, geymsluherbergi og v.s. Steinsteyputröppur eru við húsið og niðurstig við bakhlíð þess að útidyrum kjallarans.</p>	
Stærð: L. 6.2 m. br. 8.1 m. h. 5.7 m. ris 0.8 m. kjh. 2.0 m.	
Húsið, ásamt tilheyrandi, er virt á.....	81.900.- ✓
=====	
Húsið er óbreytt frá síðasta mati 9/9/1944.	
Stærð: L. 6.2 m. br. 8.1 m. h. 5.7 m. ris 0.8 m. kjh. 2.0 m.	
Húsið, ásamt tilheyrandi, er virt á.....	104.200.-
=====	

Gata og númer:

H R I N G B R A U T. 119 (Jötunn h/f)

Möt framkvæmd: 24/5/1944	Metið kr.
<p>a. Vélaverksmiðjuhús, úr járnbentri steinsteypu. Þak, loft og stigar eru úr járnbentri steinsteypu. Útveggir holufylltir. Í neðri hæð er vélasalur, skrifstofa, verkstjóraherbergi, verzlun og miðstöðvarherbergi. Skrifstofuskilrúm er úr gleri og slípuðu birki. Í efri hæðinni er handverkstæði, 5 skrifstofuherbergi, lagerherbergi, 2 kaffistofur og gangur. 3 salerni eru í húsinu og miðstöðvarhitun. Skilrúm eru ýmist úr steinsteypu, eða timbri.</p> <p>Stærð: L. 32.0 m. br. 13.5 m. h. 7.5 m.</p> <p>Húsið, ásamt tilheyrandi, er virt á.....</p>	486.000.-
<p>b. Ennfremur er á sömu lóð smiðju- og smurningshús, úr járnbentri steinsteypu, bæði þak, loft og stigar. Útveggir múrhúðaðir. Í neðri hæðinni er smurningshús, vélasalur, eldsmiðja og rafsuðuherbergi og verkstjóraklefi og stigagangur. Í efri hæðinni eru 5 herbergi, þar að auki snyrtiherbergi og 3 v.s., kaffistofa, modelherbergi f. bræðsluofn. Skilrúm í húsinu eru ýmist úr tré eða steinsteypu.</p> <p>Stærð: L. 15.8 m. br. 19.8 m. h. 6.5 m.</p> <p>Húsið, ásamt tilheyrandi, er virt á.....</p>	202.000.-
<p>Samtals</p> <p>=====</p>	688.000.-

Gala og númer:

Hringbraut (Vikurfélagið h.f.)

Möt framkvæmd: 24/6/1948	Metið kr.
Samkvæmt bréfi þann 10/4. 1948 hafa staflíðir b, c og e verið rifnir niður og breytist þess vegna röð staflíða, sem hér segir:	
Staflíður a er virtur þann 15/1. 1946 á krónur.....	105.300.00
Staflíður d verður nú staflíður b, virtur þann 15/1. 1946 á krónur.....	1.000.00
Staflíður f verður nú staflíður c, virtur þann 15/1. 1946 á krónur.....	96.300.00
Staflíður g verður nú staflíður d, virtur þann 15/1. 1946 á krónur.....	1.800.00
Staflíður h verður nú staflíður e, virtur þann 15/1. 1946 á krónur.....	13.200.00
Staflíður i verður nú staflíður f, virtur þann 15/1. 1946 á krónur.....	2.200.00
Staflíður g. (24/6/1948)	
Viðbygging við steypuverksmiðjuna, byggð úr timbri, grindin klædd utan asbesti, óeinangruð og með asbest-þaki, ósundurhólfuð, notuð fyrir grjótmulningsvél.	
Stærð: L 14.5 m. br. 5.5 m. h. 4.7 m. ris 0.5 m.	
Viðbyggingin, ásamt tilheyrandi, er virt á.....	23.900.00
	Samtals kr. 243.700.00

Gata og númer: Hringbraut 121 Vesturálma Vikurfélagið h/f.

Möt framkvæmd: (30/10/1957.) 10/8/1958.	Metið kr.
<p>Nýtt vörugeymsluhús, fjórar hæðir og ris, stálgrindarhús hlaðið úr vikri, óeinangrað, óhúðað að utan og með þaki úr timbri, pappa og bárujárni.</p> <p>1. hæð hússins var brunatryggð 10/12/1948 með brunabótanr. : 3735A. Hún er óbreytt frá því mati, nema hitalögn er nú komin. Þessi bygging flytzt yfir á þetta nýja mat.</p> <p>Á 2. hæð er ósundurhólfuð vörugeymsla (nýtt).</p> <p>3. og 4. hæð eru eins og 2. hæð.</p> <p>Þakhæðin er óinnréttuð geymsla.</p> <p>Stærð hússins:</p> <p>L. 50.50m. Br. 11.00m. H. 12.60m. Ris 3.3m. = 7.943.65m³</p> <p>Húsið með tilheyrandi er metið á..... Kr. 3.579.700.-</p>	
<p><u>Virt 10/8 . 1958.</u></p> <p>Frá síðasta mati , 30/10 1957, óbreytt að stærðum, en matið er talið of hátt. Óskast endurmetið.</p> <p>Stærð hússins:</p> <p>L. 50.50 m., br. 11.00 m., h. 12.60 m., ris 3.3 m. = 7.943.65 m³.</p> <p>Húsið með tilheyrandi er metið á kr. 2.900.000.-</p>	
<p><u>Virt: 22/10 1973.</u></p> <p>Allar hæðir hafa verið endurnýjaðar í verzlunarhúsnæði:</p> <p>1 - 4hæð. og ris.</p> <p>Húsið er óbreytt að stærðum frá síðasta mati.</p> <p>Húsið, ásamt tilheyradni, er virt ákr. 46.870.000.-</p>	

Möt framkvæmd: 10/12/1948 30/10/1947.	Metið kr.
<p>2 hús, er fá sama brnr. og hin eldri að viðbættu <u>A.</u></p> <p>A. Skrifstofu- og vörugæmsluhús, 4 hæðir og ris, byggt úr steinsteyptum súlum og bitum og fyllt í milli vikursteiní. Þak er úr timbri, pappa og asbestskífu. Öll skilrúm eru úr vikursteiní, vikurplötur eru negldar neðan á skambbita og <u>þperrur</u> og múrhúðaðar. Gangar og stigar eru lagðir línóleum og gúmmí. Miðstöð er í húsinu og er upphitun bæði með kyndingu og heitu vatni. Á 1. hæð eru vörugæmslur, bifreiðaverkstæði og sölu-búðir. Á 11. hæð er óinnréttuð vörugæmsla. Á 111. hæð verða innréttuðar skrifstofur og vörugæmslur, er óinnréttuð nú. Á 1V. hæð eru 10 skrifstofur, 3 v.s., innbyggðir skápar og eldtraustur skápur. Þrjú herbergin stærstu hafa kork á gólfum og harðviðarbrjóstpanel, annarsstaðar er línóleum á gólfum. Í herbergjunum eru harðviðarhurðir, karmar og gerikti, ásamt riðfríum stálhandföngum og flourocen ljósalömpum. Á þakhæð eru 15 íbúðarherbergi, 1 geymsla og 2 v.s. og steypibaðherbergi dúklagt. Stærð hússins: L 33.0 m. br. 11.0 m. h. 13.6 m. ris 4.0 m.</p> <p>" " : L 50.5 m. br. 11.0 m. h. 3.6 m. flatt</p> <p>B. Þurrkhús fyrir vikur, allt byggt úr steinsteypu. Skilrúm verða hlaðin úr vikursteinum, milliloft verður úr járnbitum með trédekki. Stærð hússins: Ml. 43.6 m.mbr. 10.3 m. mh. 10.0 m.</p> <p>Bæði húsin, ásamt tilheyrandi, eru sameiginlega virt á.....<u>krónur 2.335.100.-</u></p>	<p>3.914.43-</p> <p>3.106.700.-</p>
<p>Frá síðasta mati 10/12 '48 hefur húsið tekið eftirfarandi breytingum:</p> <p>1. hæð er óbreytt, nema nú flyzt vesturálma þessarar hæðar á nýtt brunabóta-númer, 6876.</p> <p>2. hæð er óbreytt, nema þar hefur bærinn innréttuð skólastofur.</p> <p>Á 3. hæð eru nú 4 skólastofur, v.s. og handlaug, kennaraherbergi og skólastjóra-herbergi. Ýmist málað eða klætt innan með krossviði. Allt dúklagt.</p> <p>4. hæð og þakhæð eru að öllu leyti óbreyttar frá síðasta mati.</p> <p>Stærð hussins:</p> <p>L. 33.0 m. Br. 11.0 m. H. 13.6 m. Ris 4.0 m. Alls 5.662.80 m³.</p> <p>Húsið með tilheyrandi, er metið á Kr. 3.510.900.-</p>	<p>3.510.900.-</p>

Gata og númer:

Möt framkvæmd:	Metið kr.
Virt: 22/10 1973.	
Frá síðasta mati hafa átt sér stað einhverjar endurnýjanir	
á hverri hæð.	
Stærð hússins:	
A. L. 33.0 m., Br. 11.0 m., H. 13.6 m., Rís. 4.0 m. = 5.663 m ³	33.978.000.-
L. 43.6 m., Br. 10.3 m., H. 10.0 m. = 4.491 m ³	15.269.000.-
Húsið, ásamt tilheyrandi, er virt á.....kr.	<u>49.247.000.-</u>

Gata og númer:

Hringbraut. (Vikurfél. h.f.) 121

Möt framkvæmd: (1/5/1943.) 15/1/1946.	Metið kr.
<p>Íbúðarhús, einlyft, með risi og byggt úr vikursteini, útveggir tvíhlaðir og múrsléttuðir utan og innan. Skilveggir eru einnig úr múrsléttuðum vikursteini. Þak er úr borðasúð, pappa og asbestplötum. Neðan á loftbitum eru sléttar asbestplötur og öll hæðin er olíumálud innan. Steinsteypugólf og grunur er undir húsinu. Í húsinu eru 6 íbúðarherbergi, 3 eldhús, 3 v.s., 3 geymsluskápar, 3 gangar og 3 anddyri og þvottahús.</p> <p>Stærð: L. 17.0 m. br. 7.3 m. h. 2.7 m. ris 1.3 m.</p> <p>Húsið, ásamt tilheyrandi, er virt á.....</p>	<p>61.670.-</p>
<p>^{15/7}/_{11/46} Húsið er óbreytt frá síðasta mati 1/5/1943, að öðru leyti en því að þar er nú hitaveita.</p> <p>Stærð: L. 17.0 m. br. 7.3 m. h. 2.7 m. ris 1.3 m.</p> <p>Húsið, ásamt tilheyrandi, er virt á.....</p>	<p>109.400.-</p>

Gata og númer: HRINGBRAUT 121 (Eiðsgrandi)

Möt framkvæmd: 6. febrúar 1970	Metið kr.									
<p>Nýtt vörugæymsluhús ofl. Húsið er steinsteypt og hlaðið úr vikursteinum. Einangrað með vikri. Múrhúðið utan. Þakið er timbur, pappi og bárujárn. 2 hæðir. Hitaveita.</p> <p>1. hæð: B. Ósundurhólfuð geymsla, V.S. 2. hæð: Eins og 1. hæð. 3. hæð: A. Verksmiðjuhús úr steinsteypu. Óinnréttað.</p> <p>Stærð hússins:</p> <table border="0" style="width: 100%;"> <tr> <td style="width: 50%;">A L 18,3 m., Br. 10,6 m., H. 5,5m. }</td> <td rowspan="2" style="width: 10%; text-align: center;">=</td> <td rowspan="2" style="width: 15%; text-align: center;">1.100 m³</td> <td rowspan="2" style="width: 25%;"></td> </tr> <tr> <td>L 5,3 m., Br. 2,7 m., H. 2,3m. }</td> </tr> <tr> <td>B L 30.82 m., Br. 18,6 m., H. 9,6 m.</td> <td>=</td> <td>5.503 m³</td> <td></td> </tr> </table> <p>Húsið, ásamt tilheyrandi, er virt ákr.</p>	A L 18,3 m., Br. 10,6 m., H. 5,5m. }	=	1.100 m ³		L 5,3 m., Br. 2,7 m., H. 2,3m. }	B L 30.82 m., Br. 18,6 m., H. 9,6 m.	=	5.503 m ³		<p>1.100.000.-</p> <p>8.250.000.-</p> <hr style="border: 1px solid black;"/> <p>9.350.000.-</p>
A L 18,3 m., Br. 10,6 m., H. 5,5m. }	=				1.100 m ³					
L 5,3 m., Br. 2,7 m., H. 2,3m. }										
B L 30.82 m., Br. 18,6 m., H. 9,6 m.	=	5.503 m ³								

Gata og númer: LANDSSPÍTALINN við HRINGBRAUT

Möt framkvæmd: 31.marz 1970	Metið kr.
<p>Geislalækningadeild. Steinsteyppt, einangrað með plasti. Múrhúðað og málað utan. Þakið er asfaltpappi. Hitaveita.</p> <p>Kjallari: Veggir múrhúðaðir og málaðir. Loft novapanplötur, málaðar. Gólf dúklögð. Hurðir spónlagðar (teak) . Karmar, sumir málaðir en aðrir úr harðviði. Gluggar málaðir og með tvöföldu gleri. Veggflísar við hreinlætistöki. Innréttingar koma í ræstiklefa, línherbergi og búningsklefa.</p> <p>Stærð kjallarans: L 17,5 m., Br. 10.53m., H. 4,00 m., = 737 m³</p> <p>Húsið, ásamt tilheyrandi, er virt á.....kr.</p>	<p>3.800.000.-</p>

Gata og númer:

Hringbraut, Grænaborg.

Möt framkvæmd: 1/3/1942.	Metið kr.
<p>a. Íbúðar- og skólahús, einlyft, með risi, úr bindingi, klætt utan borðum, þappa og eternitplötum, bæði veggir og þak. Innan á útveggjabinding er þiljað með krossviði og í bindinginn er stoppað með sagspónum. Skilveggir eru úr plankabindingi, með tvöföldum krossviðarþiljum. Gólf eru úr plögðum origon-pine borðum og í gólfbitalögum er milligólf. Stoppað er á milli gólfanna með sagspónum. Klætt er með krossvið neðan á loftbitana. Allt er húsið olíuborið og lakkað innan. Undir því er steinsteypugrunnur. Í húsinu er salur, 1 íbúðarherbergi, eldhús, búr, baðherbergi, 2 v.s., 2 gangar og 2 geymsluherbergi. Dúkur er á aðalgangi og eldhúsi.</p> <p>Stærð: L. 20.0 m. br. 6.1 m. h. 2.6 m. ris 2.0 m.</p> <p>Inngönguskúr, er byggður við austurhlið hússins, úr bindingi, klæddur utan borðum og þappa og á þaki er bárujárn þar yfir en á veggjum eternitplötur. Skúrinn er á steinsteypugrunni, með steinsteypugólf, þiljaður og málaður innan.</p> <p>Stærð: L. 4.0 m. br. 1.5 m. h. 2.6 m. skáþak</p> <p>Húsið, ásamt inngönguskúr og tilheyrandi, er virt á.....</p>	47.075.-
<p>b. Viðbygging við suðurenda aðalhússins, byggð úr bindingi, klædd utan með borðum, þappa, og asbestplötum, en þak er úr eternit á þappa og borðasúð. Í útveggjabindingi er pappalag í borðagrind og trétexþiljur þar innan á og allt olíumálað. Steinsteypugólf er í viðbyggingunni. Þar er 1 kennslustofa, v.s., anddyri.</p> <p>Stærð: L. 7.1 m. br. 8.8 m. h. 2.4 m. ris 1.7 m.</p> <p>Viðbyggingin, ásamt tilheyrandi, er virt á.....</p>	28.300.-
<p>c. Geymsluskúr, úr járnri á langböndum, bæði veggir og þak.</p> <p>Stærð: L. 9.0 m. br. 2.7 m. h. 2.3 m. skáþak.</p> <p>Sólskýli er einnig úr járnri á langböndum. Í því er trégólf, suðurhlið þess er opin.</p> <p>Stærð: L. 18.0 m. h. 2.3 m. skáþak. br. 2.7 m.</p> <p>Skúrinn, ásamt sólskýlinu, er virtur á</p>	3.976.-
<p>d. Snyrtiskúr, byggður við norðurgöfl aðalhússins, á steypugrunni, úr bindingi, klæddur utan borðum, þappa og járnri á veggjum og þaki. Allur er hann þiljaður innan, vírlagður, múrsléttður og hvítmálaður.</p> <p>Stærð: L. 3.7 m. br. 2.2 m. h. 2.6 m. skáþak.</p> <p>Snyrtiskúrinn, ásamt tilheyrandi, er virtur á.....</p>	3.445.-
Flyt	82.796.-

Gata og númer:

Möt framkvæmd:	Metið kr.
	Flutt 82.796.-
e. Svefnskáli, úr bindingi, klæddur utan járni á langböndum á báðum góflum og annari hliðinni. Vesturhlið er klædd utan plægðum borðum. Pak er úr borðum pappa og járni.	
Stærð: L. 9.6 m. br. 3.4 m. h. 2.2 m. skápak.	
Skálinn er virtur á.....	1.584.-
	Samtals 84.380.-

Gata og númer:

Hringbraut. (Landsspítalinn)

Möt framkvæmd: 21/2/1942.

Metið kr.

a. Spítalahús, úr steinsteypu, með þaki úr borðasúð; pappa, listum og steinhellu. Byggingin er öll þrílyft, með risi og kjallara, í húsinu eru 4 loft og nokkrum hluta þess 5 loft úr járnbentri steinsteypu, en kjallaragólf og skilveggir allir eru úr venjulegri steinsteypu. Innan á öllum útveggjum eru korkplötur, með ástrengdu vírneti og allt er húsið sementssléttað innan og olíumálað: Öll eldhús og baðherbergi eru mikið flísalögð og með terrasso-yfirsteypu á gólfum. Stigar allir og gangagólf eru lögð gúmmíduk. Í neðstu hæðinni eru 6 sambýlis-sjúkrastofur, 6 einbýlisstofur, 2 dagstofur, efnarannsóknarstofa, sjúkraskoðunarstofa, skrifstofa, 2 fataherbergi, hjúkrunarherbergi, 3 baðherbergi, eldtraustur skápur, læknisstofa, kandidatsherbergi, eldhús, 2 skolunarherbergi, áhaldastofa, kennslustofa, herbergi fyrir sjúkra-bifreið, línstrekjuklefi, pallur, lyftuklefi, lyfjaherbergi, 5 v.s., 12 fastir skápar, 2 anddyri og 4 gangar. Í miðhæðinni eru 5 sambýlisstofur, 6 einbýlisstofur, 2 dagstofur, hjúkrunarherbergi, eldhús, 2 skolunarherbergi, 2 baðherbergi, biðstofa, skrifstofa, borðstofa, læknisstofa, kandidatsherbergi, rannsóknarstofa, 2 umbúðarherbergi, verkfærastofa, sótthreinsunarklefi, líkgeymsla, lyftuklefi, pallur, 5 v.s., 26 skápar, anddyri og 4 gangar. Í efstu hæðinni eru 4 sambýlisstofur, 9 einbýlisstofur, 3 fæðingarstofur, hjúkrunarstofa, 2 eldhús, 2 skolunarherbergi, 3 baðherbergi, 2 línstofur, 2 pallar, lyftuklefi, 2 legupallar, 2 fataherbergi, 6 v.s., 18 skápar, 2 anddyri og 8 gangar. Í þaklyfti eru fyrirlestrarsalur, ljósmóðurstofa, bókasafnsherbergi, lestrarstofa, skjalaherbergi, safnastofa, aðgerðarstofa, lyftuherbergi, 4 geymsluherbergi og 5 gangar. Þar uppi eru þiljur, allar vírlagðar og múrsléttaðar og allt olíumálað eins og annarsstaðar í húsinu. (Í kjallaranum eru) í kjallaranum eru 3 röntgenlæknisstofur, 2 vélaklefar, 2 verndarklefar, 3 fata-klefar, biðstofa, skrifstofa, 2 myrkraklefar, vélaherbergi, 2 búr, borðstofa, 2 framleiðsluherbergi, mjólkurstofa, eldhús, fataherbergi, nuddlækningastofa, 2 lækniherbergi, 2 ljóslækningastofur, 2 geymsluherbergi, rafmagnsherbergi, miðstöðvarherbergi, eldiviðarhús, 2 kolaklefar, baðherbergi, steypibaðklefi, 3 v.s., 2 ísklefar, lyftuklefi, 7 gangar og 5 anddyri. Steinsteyputröppur eru við allar útidyr byggingarinnar, en þeirra mestar eru aðaldyratröppur spítalans. Lofttræsting er mjög vönduð í húsi þessu og nær til hvers einasta herbergis þess. Stigar eru úr steinsteypu og allt er húsið sementssléttað utan.

Stærð aðalhússins: L. 27.2 m. meðalbr. 16.1 m. meðalh. 12.5 m. meðalris 4.2 m. kjh. 3.4 m.

Gata og númer:

Möt framkvæmd:	Metið kr
Stærð austurálmú: L. 16.9 m. br. 9.8 m. meðalh. 11.5 m. ris 3.5 m. kjh. 3.4 m.	
" millibyggingar: L. 13.1 m. br. 10.5 m. h. 11.3 m. ris 2.5 m. kjh. 3.4 m.	
" vesturálmú: L. 15.7 m. br. 9.8 m. h. 11.5 m. ris 2.5 m. kjh. 3.4 m.	
" millibyggingar: L. 13.1 m. br. 10.5 m. h. 11.3 m. ris 2.5 m. kjh. 3.4 m.	
" skúrs v/aðalh: L. 15.1 m. br. 3.7 m. h. 4.4 m. skápak, kjh. 3.4 m.	
Húsið, ásamt skúr og tilheyrandi, er virt á.....	2.080.285.-
b. Þvottahús, úr steinsteypu, með þaki úr borðasúð, pappa og listum og bárujárn. Innan á þakbitum er hvelfing úr plögðum borðum, en innan á útveggjum eru korkplötur, hvortveggja lagt vírneti, fínhúðað og olfumálað. Hús þetta skiptist í þvottahús og þurkstofu. Skilveggur og gólf er úr steinsteypu. Í þvottahúsi er terrasso-yfirsteypa, en linoleumdúkur á þurkstofugólfi. Húsið er múrsléttað utan.	
Stærð: L. 7.2 m. br. 13.9 m. h. 3.0 m. ris 1.5 m.	
Austurálma er byggð, að ytri frágangi til eins og sjálft þvottahúsið. Loft er úr járnbentri steinsteypu, en skilveggir og gólf úr venjulegir steinsteypu. Kork er innan á útveggjum með ástrengdu vírneti, allt fínhúðað og málað. Þar er kindingarklefi, kolaklefi, viðgerðarstofa, straustofa, vinduklefi, afgreiðslustofa, v.s. og gangur. Terrasso-yfirsteypa er á gólfum kindingarklefa, v.s. og gangsins, á gólfum annara herbergja, nema kolaklefa er linoleumdúkur.	
Stærð: L. 11.7 m. br. 10.5 m. h. 3.0 m. ris 1.5 m.	
Vesturálma er byggð eins og hinn annar hluti hússins að ytri sem innri frágangi. Þar er líkskurðarstofa, rannsóknarstofa, líkhús, 2 sóttreinsunarherbergi, móttökuherbergi, aðgreiningarstofa, bleytiherbergi, 2 v.s., snyrtiherbergi og gangur. Á gólfum er terrasso hér, nema í 2 herbergjum þar er linoleumdúkur. Allt er húsið sementsléttað utan.	
Stærð: L. 15.8 m. br. 10.5 m. h. 3.0 m. ris 1.5 m.	
Húsið, ásamt tilheyrandi, er virt á.....	116.390.-
c. Skúr fyrir kælivjelar er byggður úr steinsteypu, bæði útveggir, loft og gólf, allur múrsléttaður utan og innan.	
Stærð: L. 5.4 m. br. 2.3 m. h. 3.0 m. skápak.	
Skúrinn er virtur á.....	3.330.-
	Samtals 2.200.005.- ✓

Gata og númer: Barónsstígur, Landsspítalinn

Möt framkvæmd: 19/3/66	Metið kr.								
<p>Ketilhús, dælustöð, spennistöð o. fl. Byggt úr steinsteypu. Einangrað með vikri. Múrhúðað, slétthúðað og málað. Þakið er steipt, með bárujárni. Olíukynding.</p> <p>1. hæð: Salir fyrir miðstöðvar og gufukatla, þar með dælur og rafbúnað, einnig er klefi fyrir vaktmenn. Herbergi með sjálfstæðum inngangi er fyrir þrýstilofts- og súrefnisstöð, einnig á öðrum stað fyrir spennistöð Rafmagnsveitunnar. Aðeins að innan eru veggir múrhúðaðir og málaðir.</p> <table data-bbox="392 489 1263 659"> <tr> <td>L. 16,9m., 17,00m., h. 5,3m.</td> <td>0 1.523 m³</td> </tr> <tr> <td>L. 8,5m., br. 4,80m., h. 4,4m.</td> <td>= 180 m³</td> </tr> <tr> <td>L. 16,3m., br. 4,6m., h. 3,5 m.</td> <td>= 262 m³</td> </tr> <tr> <td></td> <td><hr/>1.965 m³</td> </tr> </table> <p>Húsið, með tilheyrandi, er virt ákr.</p>	L. 16,9m., 17,00m., h. 5,3m.	0 1.523 m ³	L. 8,5m., br. 4,80m., h. 4,4m.	= 180 m ³	L. 16,3m., br. 4,6m., h. 3,5 m.	= 262 m ³		<hr/> 1.965 m ³	<p>4.913.000.-</p>
L. 16,9m., 17,00m., h. 5,3m.	0 1.523 m ³								
L. 8,5m., br. 4,80m., h. 4,4m.	= 180 m ³								
L. 16,3m., br. 4,6m., h. 3,5 m.	= 262 m ³								
	<hr/> 1.965 m ³								

Gata og númer: Barónsstígur, Landsspítalinn (Tengiálma
(Miðhluti
(Vesturálma

Möt framkvæmd: (19/3/66) 10/5/1971. <i>B (Múrhúða)</i>	Metið kr.
<p>Sjúkrahús. Byggt úr steinsteypu. Einangrað með gosull og timbri. Múrhúðað. Þakið úr eir. Hitaveita með varastöð.</p> <p>1. hæð: Allir veggir og loft eru máluð. Gluggar eru hverfigluggar annar hvor gluggi, en annar hvor fastur. Gluggaefni er peruba, gler er tvöfalt samlímt. Hurðir eru spónlagðar teakhurðir, víðast í stálkörmum. Gólf eru ýmist með linoleum-dúk, A.-gerð, eða með Vinyl-flísum. Sjá ennfreður sérlýsingu.</p> <p>Stærð hússins:</p> <p>L 31,06m., Br. 15,80m., H. 14,20m., Ris 1,6m. Kj. 3,30m. L 4,80m., Br. 15,20m., H. 14,20m., Ris. 1,6m. Kj. 3,30m. L 52,26 m., Br. 10,53m., Kj. 3,50m. L 54,43m., Br. 12,5m., H. 14,2m., Ris 1,6m., Kj. 3,30m. L 7,80m., Br. 7,46m., H. 14,2m., Ris 1,6m., Kj. 3,30m. L 3,15m, Br. 1,50m., H. 14,2m., Ris 1,6m., Kj. 3,30m. = 25.845 m³</p> <p>Húsið, ásamt tilheyrandi, er virt ákr. 129.225.000.-</p>	
<p><u>Virt: 10/5/1971.</u></p> <p>Sjúkrahús, 4. hæðir, byggt úr steinsteypu, einangrað með gosull og timbri, múrhúðað utan, þakið úr eir. Hitaveita m/varastöð. Allur frágangur eins og segir til um að ofan frá 19/3/1966. Ennfremur fylgir sérlýsing, sem heft er við handrit brunaúttektar.</p> <p>Stærð hússins:</p> <p>B: L. 54.43 m., br. 12.5 m., h. 14.2 m., ris 1.6 m., kj. 3.3 m. = 12.451 m³ aðalinnng. 496.0 m² h. 3.6 m. = 1.786.00 m³</p> <p>Húsið, ásamt aðalinnngangi og tilheyrandi, er virt ákr. 136.831.000.-</p>	<p>122.543.000.- 14.288.000.- 136.831.000.-</p>

Gata og númer: Hringbraut, Landsspítalinn.

Möt framkvæmd: 30.sept. 1972

Metið kr.

Nýtt eldhús og mötuneyti fyrir sjúkrahús. Húsið er kjallari og tvær hæðir, 1218 m² eða 14930 m³. Áfast við húsið, á 1.hæð, er umferðargangur á súlum, sem tengja eldhúshæðina við 2.hæð nýja spítalans, en undir honum í jörðu göng fyrir leiðslur.

Húsið er byggt úr steinsteypu með járnþentum gólfum og veggjum. Að utan er húsið slétthúðað og síðan málað með hraunhúð frá Málningu h.f. Gluggar eru úr oregon-pine, á þá er borið svart solignum. Gler er tvöfalt verksmiðjugler. Útihurðir og svalahurðir eru úr Teak. Útveggir eru einangraðir með 5 cm plastplötum, en kæli- og frystiklefar eru einangraðir sérstaklega með þykkari einangrun og rakavörn. Innihurðir og skilrúm í göngum og matsal eru úr Oregonpine og gleri. Aðrar innihurðir eru klæddar Formica harðplasti.

Loft eru víðast niðurhengd, klædd með eldvörðum krossviði og máluð. Í þakhæð eru lyftuhús og vélahús fyrir loftræstingu. Þakvalir eru með asfaltþappa, foamglas einangrun og þar á ofan perlumöl og steypar plötur. Á öðrum hlutum þakhæðar er fyrirhuguð inndregin hæð, en þar er nú bráðabirgðapak með asfaltþappa.

Lyftur.

Í húsinu eru 3 lyftur:

1. Fólkslyfta fyrir 12 manns og 900 kg. Hún gengur úr kjallara og á báðar hæðir og er með sjálfvirkar renni-hurðir. Ganghraði 0,85 m/sek.
2. Vörulyfta fyrir 500 kg. Hún gengur úr kjallara og á 1.hæð. Ganghraði 0,5 m/sek.
3. Matarlyfta fyrir 150 kg. Hún gengur á allar hæðir. Ganghraði 0,5 m/sek.

Loftræsting:

Loftræstingu er skift í 5 sjálfstæð kerfi og auk þess afsog fyrir salerni. Í hverju kerfi eru rakagjafar og sjálfvirk stjórnþæki fyrir raka og hita.

Upphitun:

Upphitun er með hitaveitu í ofnakerfi, sem er með hitastýrðum ofnkrönum. Í matsal og eldhúsi sér loftræstikerfið um upphitunina.

Rörpóstur:

Rörpóstskerfi spítalans er tengt út í eldhúsbygginguna og eru þar 3 afgreiðslustöðvar.

Útvarp:

Í matsal og eldhúsi er útvarpskerfi.

Eldvarnarkerfi:

Eldvarnarkerfi er í byggingum og eru slöngukefli á 7 stöðum

Sérlýsingar í kjallara.

1. Bakarí. Veggir og gólf eru flísalögð, niðurhengd loft eru klædd með eldvarnarkrossvið og máluð.

Með bakaríinu eru 2 kæliklefar með flísalögðu gólfi en máluðum

Gata og númer:

Möt framkvæmd:	Metið kr.
<p>og lofti. Hillubúnaður er úr ryðfríu stáli.</p> <p>Á milli bakaríis og lyftu er vörumóttaka og gangar. Þar eru gólf flísalögð og veggir og loft máluð. Fyrir starfsfólkið eru búningsklefar með steypibaði og salerni.</p> <p>Í bakarínu eru 2 bakaraofnar, fastur hefskápur og kæliskápur, stálborð og vaskar. Ennfremur ýmsar lausar vélar, tæki o.p.h.</p> <p>2. <u>Matvælageymslur</u> fyrir eldhús eru í kjallaranum. Þar eru 2 frystiklefar með með forkæli, 3 kældar geymslur og 1 ókæld, ennfremur kartöflugeymsla, ræstiklefar og búningsherbergi.</p> <p>Frágangur er eins og í bakaríi.</p> <p>3. <u>Verkstæði ofl.:</u> Í suðurhlið kjallara er eftirfarandi:</p> <ol style="list-style-type: none"> Trésmíðaverkstæði Rafmagnsverkstæði Verkstæði fyrir finmekanik Kaffistofa Skrifstofa Aðsetur fyrir garðyrkjumann. Ennfremur búningsklefar, salerni o.p.h. og er frágangur þar eftir því sem við á eins og í bakaríi. <p>Í verkstæðum, göngum o.p.h. eru veggir og loft máluð. Gólf eru dúklögð, nema í verkstæði trésmíða og finmekanik, en þar er parket.</p> <p style="text-align: center;"><u>Sérlýsing á l.hæð.</u></p> <p><u>1.Eldhús.</u> Á l.hæð er aðaleldhús, sem skiptist í eftirtaldir deildir:</p> <ol style="list-style-type: none"> Uppþvottur Kalt eldhús Skömmtun Diet Suðueldhús Steikareldhús Mjólkueldhús Brauð og desertundirbúning Vörumóttaka Kjötundirbúning Fiskundirbúning <p>Ennfremur 3 skrifstofur, borðstofa, snyrting, ræstiklefi, 10 kældar matargeymslur og ein fyrir sorp.</p> <p>Frágangur er í aðalatriðum eins og í bakaríi. Auk þess er margháttaður sérbúnaður svo sem:</p> <ol style="list-style-type: none"> 2 pottasamstæður (gufu) 3 steikarpönnur (rafm.) 6 steikarofnar (rafm.) 2 kartöflusuðupotta (gufu) 1 eldavél (6 hellu) 2 frystiskápar (fyrir diet) Skömmtunarband 4 sorpkvarnir Uppþvottavél Vog í móttöku Tæki í mjólkueldhús. Ennfremur lausar vélar, tæki ofl. 	

Gata og númer: Hringbraut, Landsspítalinn. Eldhús og mótuneyti, framhald.....

Möt framkvæmd:	Metið kr.
<p>frh.</p> <p><u>2. Gangar og 3 stigahús.</u> Frágangur er sambærilegur við ganga í kjallara</p> <p style="text-align: center;"><u>Sérlysing á 2.hæð.</u></p> <p><u>1. Setustofa, matsalir og fundarherbergi.</u> Loft og veggir eru máluð, gólf teppalögð</p> <p><u>2. Gangar, stigahús, herbergi og fatageymslur.</u> Loft og veggir eru máluð, gólf dúklögð</p> <p><u>3. Uppvottur og eldhús.</u> Gólf og veggir flísalagðir, loft máluð. Í uppvotti er uppvottavél með tilheyrandi, en í eldhúsi er gert ráð fyrir pottasamstæðum og öðrum eldunarútbúnaði.</p> <p><u>4. Kæliklefi og snyrtingar.</u> Frágangur eins og í bakaríi.</p> <p><u>5. Blómaskáli.</u> Veggir og loft í matsal en gólf flísalagt.</p> <p>Ath. Tryggingin nær ekki til gólfteppa né lausra véla eða tækja, sem eðli sínu samkvæmt myndu fremur teljast til lausafjármuna, sbr. bréf dags. 5.okt. 1972.</p> <p>Húsið, ásamt tilheyrandi, er virt ákr.</p>	<p style="text-align: right;">198.569.000.-</p>

Gata og númer:

Hringbraut.

Möt framkvæmd: 21/2/1942.	Metið kr.
<p>Kynsjúkdómahæli, einlyft, með risi, úr steinsteypu, með járnþaki á pappa og borðasúð. Gólf, loft og skilveggir eru úr steinsteypu. Innan á útveggjum eru vikurplötur. Allt múrsléttað og málað innan. Vikursteypa er ofan á steinsteypugólfi hússins, slitlag og linoleumdúkur extra þykkt. Í aðalhöðinni eru 4 sjúkrastofur, 1 lækniherbergi, hjúkrunarkonuhherbergi, lækningarstofa, 3 v.s., 2 baðherbergi, eldhús, 4 fastir skápar, 2 gangar, 2 anddyri og miðstöðvarherbergi. Húsið er múrsléttað utan..</p> <p>Stærð: L. 17.0 m. br. 11.0 m. h. 3.3 m. ris 1.3 m.</p> <p>Húsið, ásamt tilheyrandi, er virt á.....</p>	<p>88.370.-^v</p>

Gata og númer:

H r i n g b r a u t.

Möt framkvæmd: 21/2/1942.

Metið kr.

Efnarannsóknarstofa, tvílyft, hús, með risi og kjallara, úr steinsteypu, með þaki úr borðasúð, pappa, listum og þakhellu. Í húsinu eru 3 loft úr járn-
bentri steinsteypu, en kjallaragólf og skilveggir eru úr venjulegri steinsteypu.
Innaná útveggjum eru korkplötur og allir húsið múrsléttað og málað innan.
Í hvorri aðal hæðinni fyrir sig eru 7 herbergi og samtals á báðum eru 3 snyrti-
herbergi m/v.s., 3 fataklefar, dimmur klefi, 2 anddyri og stigagangar. Í ris-
hæðinni eru 4 herbergi, 4 fastir skápar og gangur. Þar uppi eru allir skilvegg-
ir, úr bindingi, með tvöföldum þiljum og þiljað er einnig innan á þaksperrum
og neðan á skambita. Allt vírlagt og ýmist veggfóðrað eða málað. Í kjallar-
anum eru líkstofa, skurðherbergi, eldhús, þvottahús, baðherbergi, 3 dýraher-
bergi, 5 geymsluherbergi, kæliklefi og 2 gangar. Terrasso- yfirsteypa er á
öllu kjallaragólfinu og v.s. Gúmmíúkur er á gólfum anddyra og gangar, einnig
á stigum, en linoleumúkar á öllum öðrum gólfum "extra þykkt". Stigar eru úr
steinsteypu. Húsið er múrhúðað utan með hrafntinnu.

Stærð: L. 20.0 m. br. 12.0 m. h. 6.4 m. ris 3.5 m. kjh. 3.1 m.

Húsið, ásamt tilheyrandi, er virt á.....

289.360. ✓

Gata og númer: Hringbraut, Umferðarmiðstöð.

Möt framkvæmd: 22/4/67

Metið kr.

Nýtt hús: Afgreiðslusalir, vörugeymsla, skrifstofur, veitingar. Húsið er steinsteyp, einangrað með frauðsteypu. Þakið er steyp. Hæðir eru 2, og kjallari að hluta. Hitaveita.

1. hæð: Þar er afgreiðslusalur og kaffiteria og farangursgeymsla. Verzlunarbáinn, póstaafgreiðsla, 3 herbergi, pakkageymsla, anddyri og 3 aðrir inngangar í afgreiðslusal, eldhús með tilheyrandi, fatageymsla starfsfólks, stigi niður í kjallara, 3 snyrtiherbergi fyrir starfsfólk með tilheyrandi. 2 snyrtiherbergi fyrir karla og konur og ræstiklefi. Í afgreiðslusal er innbyggt fyrir miðasölu, herbergi fyrir vagnstjóra, auglýsingaturn, borð og veggur fyrir síma, fast borð í kaffiteríu. Allt málað, loft er timburklætt, asbest teil á gólfi. Tvöfalt gler í gluggum. Hurðir og gluggar úr málmi, nema innih. eru úr harðviði.

2. hæð: Afgreiðslusalur á 1. hæð kemur upp á 2. hæð. Þar eru 9 skrifstofuherbergi, fatageymsla, 1 snyrtiherbergi með tilheyrandi, gangur og stigahús. Allt málað, gólf eins og á 1. hæð. Tvöföld gler í gluggum, harðviður í hurðum.

Kjallari: Þar er kyndiklefi, geymslur og kæliur fyrir veitingastofur. Klefi fyrir rafmagnstöflur og þess háttar. Útgangur er út úr kjallara.

Stærð hússins:

L 30,6m., Br. 24,7m., H. 7,8m.

L 11,3m., Br. 3,7m., H. 3,5m., Kj. 2,34m

A L 10,0m., Br. 4,8m., H. 3,5m., Kj. 2,34m

L 6,2m., Br. 3,7m., H. 3,5m.,

B L 14,4m., Br. 23,20m., H. 3,9m.

6500 m³

1303 m³

16.055.000.00

1.863.000.00

Húsið, ásamt tilheyrandi, er virt á kr. 17.918.000.00

Gata og númer: Norræna húsið á Háskólalóð

Möt framkvæmd: 10/12/68

Metið kr.

Nýtt bókasafn, fyrirlestrarsalir, skrifst., kaffistofa og íbúð. Húsið, sem er l hæð og kjallari, er steinsteypt og hlaðið úr tígulsteini, einnig er timbur. Einangrað með vikri, kork, og gosull. Klætt utan: múrhúðað, óhúðað, málað holtígulst., keramik og tígulsteinn. Dakið er steyp. Hitaveita(forhitari).

l. hæð: Forsalur: loft úr máluðum furulistum, fatahengi úr oregon pine, járni og linoleum, listar á súlum og veggjum úr oregon pine. Kaffistofa og eldhús, hluti af lofti úr máluðum furulistum og hluti úr aluminium, eldhús innrétting úr aski. Gluggakistur úr linoleum, listar á súlum úr oregon pine. Fyrirlestrarsalur: loft fremri veggur, handrið á veggjum og grindur við ofna úr oregon pine, ræðustóll úr aski og leðri, innbyggt sýningartjald í vegg, fleki á vegg úr máluðum furulistum, gólf úr beyki. Bókasafn: hillur, afgreiðsluborð, handrið o. fl. úr bleiktum og lökkum aski. Bök í hillum og flekar við handrið úr máluðum plötum, rimlar á vegg úr furu með steinull og striga bakvið, málað, beygjur í handriði úr messing, við vinnuherbergi veggir úr máluðu timbri, gólf úr beyki, vinnuborð úr aski og linoleum. Vinnuherbergi við bókasafn, bókahillur úr máluðu gabonpl. uppistöður og skápar úr aski, vinnuborð úr aski og linoleum, gólfteppi. Lektorsherbergi og skrifstofur; Skápar og hillur úr aski og máluðum plötum, hillur í arkífi úr máluðum gabonpl., gólf úr beyki. Stofa í íbúð.; hillur úr máluðum gabonpl. skermur úr oregon pine listum og járni, fatahengi úr járni, oregon pine og linoleum. Svefnherbergi í íbúð, skápar með hillum og slám úr oregon pine og máluðum plötum. Eldhús og serveringsherbergi í íbúð; skápar úr aski og oregon pine, borð úr harðplasti. Gólf í íbúð, nema í eldh., serveringsherb. og baði úr beyki. Gestaherbergi: skápar úr oregon pine og máluðum plötum, með bökkum og fataslám, gólf með teppum.

Kjallari: Bókageymsla í kjallara; hillur úr járni. Geymslur í kjallara; hillur úr ómeðhöndluðum furuborðum.

Stærð hússins:

$$\begin{array}{l} L 44,45m., Br. 23,30m., H. 3,6m., Kj. 2,8m. \\ L 12,5 m., Br. 27,44m., H. 4,0m. \end{array} \left. \vphantom{\begin{array}{l} L 44,45m., Br. 23,30m., H. 3,6m., Kj. 2,8m. \\ L 12,5 m., Br. 27,44m., H. 4,0m. \end{array}} \right\} = 8002 m^3$$

Húsið, ásamt tilheyrandi, er virt ákr. 40.000.000.00

Gata og númer: Hringbraut Landsspítalinn, Rannsóknarstofur.

Möt framkvæmd: 19. marz 1976	Metið kr.										
<p>Nýjar rannsóknarstofur fyrir sjúkrahús. Stálgrindarhús. Einangrað með gosull og plasti. Klætt utan bárujárni. Prófiljárn á þaki. Hitaveita. l.hæð: Þar er gólf múrhúsað, gólfefni er Vinyl-gólfdukur með krokment undirlagi víðast hvar. Veggir og loft er trégrind klædd með eldpolnum spónaplötum, hljóðeinangrað með glerull. Veggir og loft málaðir víðast, en í snyrtingum klætt með vinyldukk og gangur með töflukorki. Gler í húsinu er tvöfalt verksmiðjugler, í göngum er tvöfalt gler yfir dyrahæð öðrumegin.</p> <p>Innréttingar eru verksmiðjuframleiddar frá Assab í Svíþjóð, þ.e. rannsóknarstofuborð, undirskápar, yfirskápar og hillur, auk þess sjálfstæðar skápaeyningar og hitaherbergi.</p> <p>Þakhæð: lágt ris óinnréttað.</p> <p>Stærð hússins:</p> <table data-bbox="409 744 1366 915"> <tr> <td>L 32,70 m., Br. 12,05 m., H. 3,10 m. Ris 1,20 m.</td> <td>= 1.458 m³</td> </tr> <tr> <td>L 32,70 m., Br. 12,05 m., H. 3,10 m., Ris 1,20m.</td> <td>= 1.458 m³</td> </tr> <tr> <td>L 8,60 m., Br. 6,30 m., H. 3,10 m., Ris fl.</td> <td>= 168 m³</td> </tr> <tr> <td></td> <td><hr/></td> </tr> <tr> <td></td> <td>3.084 m³</td> </tr> </table> <p>Húsið, ásamt tilheyrandi, er virt ákr.</p>	L 32,70 m., Br. 12,05 m., H. 3,10 m. Ris 1,20 m.	= 1.458 m ³	L 32,70 m., Br. 12,05 m., H. 3,10 m., Ris 1,20m.	= 1.458 m ³	L 8,60 m., Br. 6,30 m., H. 3,10 m., Ris fl.	= 168 m ³		<hr/>		3.084 m ³	<p>110.000.000.-</p>
L 32,70 m., Br. 12,05 m., H. 3,10 m. Ris 1,20 m.	= 1.458 m ³										
L 32,70 m., Br. 12,05 m., H. 3,10 m., Ris 1,20m.	= 1.458 m ³										
L 8,60 m., Br. 6,30 m., H. 3,10 m., Ris fl.	= 168 m ³										
	<hr/>										
	3.084 m ³										

Gata og númer: Hringbraut, Handritastofnun Háskóla Íslands.

Möt framkvæmd: 29/9/1969

Metið kr.

Nýtt hús fyrir handritageymslur ofl. Húsið, sem er 4 hæðir, er byggt úr steinsteypu, einangrað með plasti. Múrhuðað og málað utan. Pappapak og grjót. Hitaveita.

1. hæð: Þar eru 10 handritageymslur, fatageymsla, V.S., forstofa. Skilrúm eru hlaðin, allt málað og korklagt.

2. hæð: Frágangur er sami og á 1. hæð, nema þar eru lesstofur og kennslustofur. Þar er aðalinngangur.

3. hæð: Eins og 2. hæð.

4. hæð: Sami frágangur og á neðri hæðunum. Þar eru skrifstofur prófessora. Herbergi fleiri og veggfóðruð.

Þakhæð: Turnherbergi, lyftu- og blásaraherbergi.

Ath. Neðan á flest loft er denpapal úr aluminium, sett á járngrind. 1 lyfta er í húsinu og fylgir með í matinu.

1. hæð: L 50,46m., Br. 17,68m., H. 3,5m. 3.123 m³

2.-4. hæð L 51,36m., Br. 16,10m., H. 10,5m 8.680 m³

11.803 m³

Húsið, ásamt tilheyrandi, er virt á:.....kr. 50.753.000.00

Gata og númer: Hringbraut, Handritastofnun Háskóla Íslands.

Möt framkvæmd: 29/9/1969	Metið kr.									
<p>Nýtt hús fyrir handritageymslur ofl. Húsið, sem er 4 hæðir, er byggt úr steinsteypu, einangrað með plasti. Múrhuðað og málað utan. Pappapak og grjót. Hitaveita.</p> <p>1. hæð: Þar eru 10 handritageymslur, fatageymsla, V.S., forstofa. Skilrúm eru hlaðin, allt málað og korklagt.</p> <p>2. hæð: Frágangur er sami og á 1. hæð, nema þar eru lesstofur og kennslustofur. Þar er aðalinngangur.</p> <p>3. hæð: Eins og 2. hæð.</p> <p>4. hæð: Sami frágangur og á neðri hæðunum. Þar eru skrifstofur prófessora. Herbergi fleiri og veggfóðruð.</p> <p>Þakhæð: Turnherbergi, lyftu- og blásaraherbergi.</p> <p>Ath. Neðan á flest loft er denpapal úr aluminium, sett á járngrind. 1 lyfta er í húsinu og fylgir með í matinu.</p> <table data-bbox="341 744 1195 861"> <tr> <td>1. hæð:</td> <td>L 50,46m., Br. 17,68m., H. 3,5m.</td> <td>3.123 m³</td> </tr> <tr> <td>2.-4. hæð</td> <td>L 51,36m., Br. 16,10m., H. 10,5m</td> <td>8.680 m³</td> </tr> <tr> <td></td> <td></td> <td><u>11.803 m³</u></td> </tr> </table> <p>Húsið, ásamt tilheyrandi, er virt á:..... kr</p>	1. hæð:	L 50,46m., Br. 17,68m., H. 3,5m.	3.123 m ³	2.-4. hæð	L 51,36m., Br. 16,10m., H. 10,5m	8.680 m ³			<u>11.803 m³</u>	<p>50.753.000.00</p>
1. hæð:	L 50,46m., Br. 17,68m., H. 3,5m.	3.123 m ³								
2.-4. hæð	L 51,36m., Br. 16,10m., H. 10,5m	8.680 m ³								
		<u>11.803 m³</u>								

Gata og númer: Hringbraut, Háskólalóð. Félagsheimili stúdenta.

Möt framkvæmd: 31. marz 1971

Metið kr.

Nýtt félagsheimili, skrifstofa og veitingahús. Húsið, sem er 2 hæðir og kjallari að hluta, er byggt úr steinsteypu, einangrað með plasti. Múrhuðað og málað utan. Pappapak.

1.hæð: Þar er matsalur, samkomusalur, eldhús, bóksalur, 2 setustofur, snyrtingar með tilheyrandi, forsalur. Ýmist flísalagt, dúklagt, málað og hraunað. Panelklæðningar, létt skilrúm, harðviður í hurðum. Hljóðeinangrun í loftum, gler er tvöfalt í gluggum.

2.hæð: Félagsherbergi og skrifstofur, efri hluti matsalar. Timbur-skilrúm með harðviðarklæðningum (sum skilrúm eru hlaðin), dúkar á gólfum og máluð gólf. Harðviður í hurðum, gler eru tvöföld í gluggum. Kjallari: Frystir, kæliklefi, eldhús, geymslur. Ýmist flísalagt, máluð eða dúklögð gólf.

Stærð hússins:

L 36,80 m., Br. 20,00 m., H. 6,90 m.	} = 6.658 m ³
L 6,00 m., Br. 6,00 m., H. 5,65 m. Kj. 3,60 m	
Þak L 12,30 m., Br. 7,70 m., H. 2,00 m.	
Kj. L 19,60 m., Br. 20,00 m., Kj. 2,7 m.	

Húsið, ásamt tilheyrandi, er virt ákr.

42.000.000.-

Gata og númer: Hringbraut við Umferðamiðstöð. 4370-9030 04-01-01-01

Möt framkvæmd: 9.feb. 1978	Metið kr.
<p>Ný benzinafgreiðsla, byggð úr timbri á steinsteiptum grunni. Einangruð með plasti og steinull. Húsið er klætt utan með timbri. Þakið er timbur, pappi og bárujárn.</p> <p>Þar er afgreiðslusalur, snyrting með tilheyrandi, málað og dúklagt. Tvöfalt gler.</p> <p>Stærð hússins: L 8,00 m., Br. 4,00 m., H. 2,50 m. = 80 m³</p> <p>Húsið, ásamt tilheyrandi er virt ákr. <u>3.200.000.-</u></p>	

Gata og númer:

H r í s a t e i g u r 1.

Möt framkvæmd: 1/5/1943.	Metið kr.
<p>a. Íbúðarhús, einlyft, með risi og kjallara, úr steinsteypu, með eternitþaki á pappa og borðasúð. Kjallarastigi og 2 gólf úr járnbentri steinsteypu, en kjallaragólf og skilveggir eru úr venjulegri steinsteypu. Innan á útveggjum eru vikurplötur og allar íbúðir hússins eru múrsléttaðar og málaðar innan. Í aðal hæðinni eru 4 íbúðarherbergi, eldhús; búr, baðherbergi m/v.s., fataklefi, 2 skápar, skáli, anddyri og stigagangur. Í kjallaranum eru 4 íbúðarherbergi, 4 skápar, 2 geymsluherbergi, miðstöðvarherbergi, anddyri og gangur. Steinsteyputröppur eru við húsið. Undir þeim er gangur inn í kjallarann. Húsið er múrhúðað utan með kvarzi og tinnu.</p> <p>Stærð hússins: L. 14.4 m. br. 8.0 m. h. 2.7 m. ris 1.3 m. kjh. 2.4 m.</p> <p>" útskots: L. 5.7 m. br. 1.2 m. h. 2.7 m. kjh. 2.4 m.</p> <p>" do. L. 6.3 m. br. 0.5 m. h. 2.7 m. ris 1.3 m. kjh. 2.4 m.</p>	
Húsið, ásamt útskotum og tilheyrandi, er virt á.....	110.020.-
<p>b. Bifreiðaskúr, úr steinsteypu, bæði veggir, bak og gólf. Innan á útveggjum hans eru vikurplötur og allur er hann múrsléttaður innan og hraunhúðaður utan.</p> <p>Stærð: L. 8.0 m. br. 4.3 m. h. 2.8 m. sl. bak.</p>	
Skúrin, ásamt tilheyrandi, er virt á.....	7.720.-
Samtals	117.740.-

Gata og númer:

H r í s a t e i g u r 3. (áður Reykjavíkurvegur 6)

Möt framkvæmd: 1/11/1941. - 28/8/1963.	Metið kr.
<p>Íbúðarhús, einlyft, með kvisti, porti, risi og kjallara, úr bindingi. Veggir allir eru vírlagðir utan og múrhúaðir. Í útveggjabindingi er tvöfalt ^{pappa-}asfaltlag. Milligólf er í þakbitalögum og sagspónastopp á milli gólfanna. millibiljur eru einnig í þaksperrum og stoppað með spónum. Yfir kjallara er gólf úr járnbentri steinsteypu. Í neðri hæðinni eru 3 íbúðarherbergi, eldhús og gangur. Í ris hæð eru 4 íbúðarherbergi, 2 eldhús, v.s. og gangur. Í kjallaranum eru 2 íbúðarherbergi, eldhús, v.s. og gangur, þvottahús, miðstöðvar- klefi og 3 geymslukleifar. Í kjallaranum eru skilveggir og gólf úr steinsteypu. Neðan á loftið er strengt vírnet og múrhúað á það. Timburgólf er hér yfir steinsteypugólfinu í íbúðinni, þiljað er þar innan á útveggi og íbúðirnar ýmist veggfóðraðar eða málaðar. Í báðum hæðum eruskilveggir úr bindingi með tvöföldum þiljum.</p>	
Stærð: L. 8.5 m. br. 8.5 m. h. 4.3 m. ræ 3.6 m. kjh. 2.6 m.	
Inngönguskúr, byggður eins og húsið, við hann eru steinsteyputröppur.	
Stærð: L. 1.7 m. br. 3.0 m. meðalh. 3.0 m. kjh. 2.5 m. ris 0.6 m.	
Húsið, ásamt inngönguskúr og tilheyrandi, er virt á.....	54.830.-
-----000-----	
Virt 28/8/1963.	
A. Húsið er óbreytt að stærðum frá síðasta mati 1/11/1941. Verið er að setja nýtt eldhús á 1. hæð, þar er einnig verið að breyta baðinu. Þakhæðin hefur verið endurbætt, einnig hafa farið fram endurbætur á kjallara.	
B. Nýr bílskúr, byggður úr steinsteypu, óskast metinn með húsinu.	
Stærð hússins:	
A. L. 8.5., br. 8.5., h. 4.3., ræ 3.6., kj. 2.6.	
inngskú. L. 1.7., " 3.0., " 3.0., " 0.6., " 2.5.	= 658.16 m ³ 855.000.-
B. L. 6.2., " 3.4., " 2.6.	= 54.60 m ³ 22.000.-
Húsið, ásamt inngönguskúr og bílskúr með tilheyrandi, er virt á.....	kr. 8.77.000.-

Gata og númer:

Hrísa teigur 4.

Möt framkvæmd: 1/11/1941.	Metið kr.
<p>Íbúðarhús, einlyft, meðrisi og kjallara, úr bindingi, klætt utan borðum, pappa, listum og járn á veggjum og þaki. Í húsinu er 1 gólf úr járnþentri steinsteypu, en gólf og skilveggir í kjallara eru úr venjulegri steinsteypu. Í útveggjabinding er pappalag. Milligólf er í þakbitalögum, með sagspóna-stoppi. Skilveggir hæðanna eru úr bindingi, með tvöföldum þiljum. Þiljað er innan á útveggi kjallaraíbúðarinnar. Allar þiljur eru lagðar striga og íbúðir hússins eru ýmist veggfóðraðar eða málaðar innan. Í aðalhæðinni eru 3 íbúðarherbergi, eldhús, fastur skápur og anddyri. Í rishæð eru 3 íbúðarherbergi, eldhús og gangur. Í kjallaranum er 1 íbúðarherbergi, eldhús og gangur. Ennfremur er þar miðstöðvar- og þvottaherbergi, v.s., geymsluherbergi og gangur. Stærð: L. 7.5 m. br. 7.5 m. h. 3.7 m. ris 3.1 m. kjh. 2.5 m. Húsið, ásamt tilheyrandi, er virt á.....</p>	<p>32.580.-</p>
<p>Virt 21/4 1981. Bílskúr, byggður úr steinsteypu - holsteini. Stærðir eru: 82 m³. Bílskúrin, ásamt tilheyrandi er virt á</p>	<p>kr. 43.460</p>

Gata og númer:

H r í s a t e i g u r 5.

Möt framkvæmd: 28/1/1947.	Metið kr
<p>Íbúðarhús, hlaðið úr vikurholsteini með þaki úr borðum, pappa og jární. Kjallari og loft er úr steinsteypu, en skilrúm hlaðin úr steini að mestu, en sumt múrhúðað timbur. Í aðalhæðinni eru 3 íbúðarherbergi, eldhús, steypibaðherbergi, m/v.s., stigagangur og gangur, aðlt múrhúðað og málað. Í kjallara eru 2 íbúðarherbergi, eldhús og v.s., allt með sama frágangi og áður er lýst. Auk þess er þar miðstöðvarherbergi, þvottaherbergi og inngangur.</p>	
<p>Stærð hússins: L. 7.1 m. br. 7.11m. h. 5.5 m. ris 1.0 m. kjh. 2.5 m.</p>	
<p>" inng.sk: L. 3.6 m. br. 2.1 m. h. 5.5 m. ris 0.4 m. kjh. 2.5 m.</p>	
<p>Húsið, ásamt inngönguskúr og tilheyrandi, er virt á.....</p>	139.200.-
<p>b. Þifreiðaskúr er við húsið, hlaðinn úr steini á steiptan kjallara. Þak er úr timbri og bárujární. Loft er yfir kjallara úr steinsteypu.</p>	
<p>Stærð: L. 3.7 m. br. 8.2 m. h. 2.3 m. skáþak, kjh. 2.0 m.</p>	
<p>Skúrinn, ásamt tilheyrandi, er virtur á.....</p>	24.000.-
<p>Samtals</p>	163.200.-

Gata og númer:

Hrífsateigur 6.

Möt framkvæmd: 21/10/1928.	Metið kr.
<p>a. Íbúðarhús, úr grásteini og með járnþaki á pappa og borðasúð. Í súðina og á milli skambita er fyllt með marhálmi og mosa. Í húsin þessu sem er í bæjarstíl, eru 2 íbúðarherbergi, eldhús, 2 fastir skápar og gangur. Allt þiljað og málað.</p>	
Stærð: L. 6.4 m. br. 5.0 m. h. 1.9 m. ris 1.7 m.	
Húsið, ásamt tilheyrandi, er virt á.....	3.158.-
<p>b. Viðbygging er úr höggnum grásteini, með járnþaki á pappa og borðasúð. Þar er 1 íbúðarherbergi, þiljað, veggfóðrað og málað, gangur líka þiljaður innan og fjós með 4 kúabásun.</p>	
Stærð: L. 7.3 m. br. 4.2 m. h. 2.1 m. skápak.	
Viðbyggingin er virt á.....	1.920.-
<p>c. Íbúðarhús, úr timbri, járnvarið. Þar eru 3 íbúðarherbergi og eldhús, allt þiljað, veggfóðrað og málað.</p>	
Stærð: L. 8.7 m. br. 5.3 m. h. 2.5 m. ris 0.6 m.	
Húsið, ásamt tilheyrandi, er virt á.....	4.762.-
<p>d. Hænsnahús, úr steinsteypu, með járnþaki á súð.</p>	
Stærð: L. 2.7 m. br. 4.1 m. h. 2.0 m. skápak.	
Húsið er virt á.....	440.-
<p>e. Heyhlaða, úr steinsteypu, með járnþaki á langböndum.</p>	
Stærð: L. 6.5 m. br. 6.0 m. h. 2.6 m. ris 2.0 m.	
Hlaðan er virt á.....	1.398.-
	<p style="text-align: right;">Samtals 11.678.00^v</p>

Gata og númer:

H r í s a t e i g u r 7. (áður Reykjavíkurvegur 3.)

Möt framkvæmd: (1/12/1942.) 20/4/1948	Metið kr.
<p>a. Skrifstofuhús m/m, þríflyft, með risi og kjallara, úr steinsteypu, bæði veggir, gólf og loft, allt sementssléttað utan og með járnþaki á plægðri borðasúð með pappa á milli. Í neðri hæðinni eru 5 skrifstofur, 2 v.s. og gangur, allt kalksléttað innan, sumt málað og sumt veggfóðrað. Í efri hæðinni eru 2 skrifstofur og 3 vörugeymsluherbergi, baðherbergi, v.s. og gangur, allt með sama frágangi eins og er á neðri hæðinni. Í efstu hæðinni er ljósmyndasalur, 5 herbergi, gangur, v.s. og skápar, allt með sama frágangi eins og á hinum hæðunum. Kjallari með steinsteypugólfi er undir öllu húsinu, hólfður í sundur í vörugeymslur, miðstöðvarherbergi og kólaklefa, allur múrsléttður innan og geymslurnar hvíttaðar.</p>	
Stærð: L. 14.0 m. br. 12.6 m. h. 8.9 m. ris 1.5 m. kjh. 2.5 m.	
Húsið, ásamt tilheyrandi, er virt á.....	222.080.-
<p>b. Geymsluhús, tvílyft, með kjallara, úr steinsteypu, með járnþaki á borðasúð. Í kjallara er steinsteypugólf og loft eru úr járnþaki steinsteypu. Neðan á þakbita er þiljað með borðum. Í kjallara og á neðri hæðinni eru 2 skilveggir úr steinsteypu yfir þvert húsið og steiptur dregari með járnþaki steypusúlum undir eftir endilöngu húsinu. Í efsta lofti er 1 þver-skilveggur úr rabbits-steypu og trédragari með stöðum undir, eftir endilöngu húsinu. Húsið er allt sementssléttað utan og innan og málað innan.</p>	
Stærð: L. 17.0 m. br. 10.7 m. h. 8.5 m. skápak	
Húsið, er virt á.....	94.260.-
c. Girðingar um lóðina og hlið er virt á.....	1.500.-
Samtals	317.840.-

Gata og númer:

Hverfisgata 6a.

Möt framkvæmd: 1/10/1942.	Metið kr.
<p>Vörugeymsla og bifreiðaviðgerðarhús, úr steinsteypu, með 2 loft úr járn- bentri steinsteypu og járnþaki á pappu og borðasúð. Niðri eru skilveggir úr timbri. Þar er vörugeymsla. Uppi er ósundurhólfuð vörugeymsla. Í kjallara er bifreiðaviðgerð.</p> <p>Stærð: L. 14.7 m. br. 10.0 m. h. 6.1 m. skápak kjh. 2.8 m.</p> <p>Húsið, ásamt tilheyrandi, er virt á.....</p>	<p>132.800.-</p>

Gata og númer:

Hverfisgata 8-10.

Möt framkvæmd: (1/4/1942) 29/6/1963.

Metið kr.

a. Skrifstofu- og prentsmiðjuhús m/m, fjórlyft með þakskýli og kjallara, úr járnþentri steinsteypu, út- og innveggir, loft og þak. Þakið er tvöfalt með einangrun. Innan á öllum útveggjum eru vikurplötur. Allt er húsið múrhúðað innan og málað. Í neðstu hæðinni er veitingasalur, sölubúð, setjarasalur, prentvélasalur, 5 skrifstofur, vindfang, fordyri og 2 gangar. Í annari og þriðju hæð er sama herbergjaskipun. Í hvorri fyrir sig eru 17 skrifstofur, 2 snyrtiherbergi m/v.s., 1 baðherbergi og 2 gangar. Fjórða hæðin er nákvæmlega eins að herbergjaskipun og hinar tvær, sem lýst er hér næst á undan. Í þak-hæðinni eru 6 herbergi og gangur. Í kjallaranum eru samkomusalur, kaffisalur, prentsmiðja, eldhús, búr, miðstöðvarherbergi, steypibaðherbergi m/8 steypibað-tækjum, búfningsherbergi, 2 geymsluherbergi, 2 snyrti m/v.s., gangur o.fl. Kjallarinn er jafnstór lóðinni bæði byggðu og óbyggðu. Húsið er allt múrhúðað utan á götuhliðum með kvarz- og timnuhúð. Terrasso, er á baðherbergjum og snyrt-um. Steinskífa er á gólfi aðalgangsins. Stigar eru úr steinsteypu, með gúmmí-dúk á þrepum og pöllum.

Stærð álmu meðfr. Hverfisg. L. 25.1 m. br. 10.4 m. h. 11.7 m. kjh. 3.4 m.

" " " Ingólfsstr. L. 6.5 m. br. 11.0 m. h. 11.7 m. kjh. 3.4 m.

" þakskýlis: Meðall. 13.8 m. br. 8.6 m. h. 3.0 m.

" utanhússkjallara: L. 14.1 m. br. 6.5 m. meðalh. 4.0 m.

Húsið, ásamt þakskýli, utanhússkjallara og tilheyrandi, er virt á..... 600.620.-

b. Geymsluskúr, úr steinsteypu, með járnþaki á pappa og borðasúð. Skúrinn er allur þiljaður innan og múrhúðaður utan.

Stærð: L. 3.6 m. br. 2.6 m. h. 2.0 m. skáþak.

Skúrinn, er virtur á..... 1.045.-

Samtals 601.665.-

Virt 29/6/1963.

Frá síðasta mati, 1/4/1942, hefur farið fram stækkun á þakhæð hússins.

Byggt úr steinsteypu og járngrind klætt timbri, einangrun plast, en í lofti steinull, harðviðar klæðning, timburþak með bárujárni. Þakhæðin er nú 1 salur skrifst., og 2 snyrtiherbergi m/tilheyrandi. Tvöfalt gler, hverfigluggar, málað og harðviðar-klæðning upp að gluggum. Hurðir eru úr harðvið.

Stærð hússins:

A: Álma meðfr. Hverfisgötu L. 25.1, br. 10.4 h. 11.7 kj. 3.4.

" " Ingólfsstr. L. 6.5 " 11.0 h. 11.7 " 3.4.

Þak L. 16.5 " 10.4 h. 3.0 "

Utanhússkjallari L. 14.1 " 6.5 h. 4.0

B: X. 3XX " XXX: XX

= 5.013.2 m³= 514.8 m³= 366.6 m³= 5.894.6 m³

10.610.000.-

Gata og númer:

Hverfisgata 12.

Möt framkvæmd: (1/2/1942.) (10/5/1945.) (28/8/1947.) 14/4/1950.	Metið kr.
<p>a. Íbúðarhús, einlyft, með porti, 3 kvistum, innsvölum í vesturgafli, risi og kjallara, úr steinsteypu, með járnþaki á plögðri borðasúð, með pappa á milli. Í neðra bitalagi er milligólf. Í aðal hæðinni eru 4 íbúðarherbergi og gangur, allt þiljað og með striga og pappír á veggjum og loftum, allt málað. Í ris-hæðinni eru 5 íbúðarherbergi, baðherbergi, v.s., gangur og 2 fastir skápar, allt með sama frágangi eins og á aðal hæðinni. Á skambitum er gólf. Þar uppi er 1 íbúðarherbergi, þiljað og málað, gangur og framloft. Kjallari er undir öllu húsinu með steinsteypugólfi. Í honum er smíðarherbergi, eldhús, 2 búr og 2 gangar. Timburgólf er yfir steinsteypugólfinu í þessum herbergjum. Auk þess eru í kjallaranum þvottahús, geymsluherbergi og miðstöðvarherbergi. Við austurgafli hússins eru tröppur úr steinsteypu, með vagnskýli undir.</p> <p>Stærð: L. 10.0 m. br. 10.0 m. h. 4.2 m. ris 5.0 m. kjh. 2.4 m.</p> <p>Viðbygging er við suðurhlíð hússins, úr holum steini með járnþaki á borðasúð, með pappa á milli.</p> <p>Stærð: L. 3.3 m. br. 2.5 m. h. 2.7 m. skápak.</p> <p>Húsið, ásamt viðbyggingu og tilheyrandi, er virt á.....</p>	96.050.-
<p>b. Viðbygging er við suðurhlíð hússins meðfram Ingólfsstræti, úr steinsteypu, með járnþaki á borðasúð, með pappa á milli. Þar er lækningarherbergi, biðherbergi, ljóslækningarstofa, eldhús, anddyri og gangur. Langskilveggur er úr steinsteypu, en þverveggir úr bindingi, með tvöföldum þiljum. Þiljað er einnig neðan á loftbita. Innan á útveggjum eru þiljur á borðagrind, allt lagt striga og ýmist veggfóðrað eða málað. Timburgólf er í húsinu og hliðveggir þess eru sementssléttaðir utan.</p> <p>Stærð: L. 6.8 m. br. 8.6 m. h. 3.1 m. skápak.</p> <p>Viðbyggingin, ásamt tilheyrandi, er virt á.....</p>	19.085.-
	Samtals 115.135.- ✓
=====	
<p>Húsið er óbreytt frá síðasta mati 1/2/1942.</p> <p>Íbúðarhús: L. 10.0 m. br. 10.0 m. h. 4.2 m. ris 5.0 m. kjh. 2.4 m.</p> <p>Blaðaafgreiðsla: L. 6.8 m. br. 8.6 m. h. 3.1 m. skápak.</p> <p>Húsið, ásamt tilheyrandi, er virt á.....</p> <p>Blaðaafgreiðslan, ásamt tilheyrandi, er virt á.....</p>	210.000.-
	36.000.-
	Samtals 246.000.-
=====	
<p>Húsið er óbreytt frá síðasta mati 10. maí 1945.</p>	

Gata og númer: frh.

Möt framkvæmd:	Metið kr.
A. Ibúðarhús : L 10.0 m., br. 10.0 m., h. 4.2 m., ris 5.0 m., kj. 2.4 m. Húsið, ásamt tilheyrandi, er virt á.....	252.000.-
B. Blaðaafgreiðsluskúr: L 6.8 m., br. 8.6 m., h. 3.1 m., skáþak. Skúrinn, ásamt tilheyrandi, er virtur á.....	41.600.-
Samtals.....	293.600.-

Virt 14/4/1950.

Húsin eru óbreytt frá síðasta mati 28. ágúst 1947.

A. Ibúðarhús: L 10.0 m. br. 10.0 m. h. 4.2 m. ris 5.0 m. kj. 2.4 m. Húsið, ásamt tilheyrandi, er virt á.....	336.700.-
B. Blaðaafgreiðsluskúr: L 6.8 m. br. 8.6 m. h. 3.1 m. skáþak. Skúrinn, ásamt tilheyrandi, er virtur á.....	<u>54.400.-</u>
<u>Samtals krónur</u>	<u>391.100.-</u>

Gata og númer:

Hverfisgata 14.

Möt framkvæmd: 1/3/1943.	Metið kr.
<p>a. Íbúðarhús, m/m, einlyft, með 2 gluggakvistum, porti, risi og kjallara, úr steinsteypu og með járnþaki á plögðri borðasúð, með pappa á milli. Þar er 1 gólf úr járnþentri steinsteypu og skilveggir í kjallara og aðal hæð er úr steinsteypu. Efra gólf er úr timbri á vitalögum og milligólf. Í aðal hæðinni eru 4 íbúðarherbergi, vinnugstofa, biðstofa, fastur skápur og 2 gangar, allt kalksléttað og ýmist veggfóðrað eða málað. Í rishæðinni eru 5 íbúðarherbergi, baðherbergi m/v.s. og gangur. Skilveggir eru þar allir úr bindingi með tvöföldum biljum og allt ýmist veggfóðrað eða málað. Kjallari með steinsteypugólfi er undir öllu húsinu. Þar er 1 íbúðarherbergi og eldhús með samafrágangi eins og er uppi. Ennfremur eru þar 2 geymsluherbergi, þvottahús, miðstöðvarklefi, v.s., fastur skápur og 2 gangar, allt kalksléttað.</p> <p>Stærð: L. 11.9 m. br. 9.4 m. h. 4.1 m. ris 4.6 m. kjh. 2.5 m.</p> <p>Inngönguskúr er við vesturgöfl hússins, með kjallara og þaksvölum, byggðar eins og húsið sjálft, og með sama frágangi.</p> <p>Stærð: L. 2.3 m. br. 3.2 m. h. 2.1 m. þaksvölur, kjh. 2.5 m.</p> <p>Húsið, ásamt inngönguskúr og tilheyrandi, er virt á.....</p>	165.460.-
<p>b. Geymsluskúr er á sömu lóð, úr steinsteypu, með járnþaki á borðasúð. Hænn er hólfður í tvennt og með steinsteypugólfi og annað herbergið er með trégólfi þar yfir.</p> <p>Stærð: L. 6.6 m. br. 3.4 m. h. 2.3 m. skápak.</p> <p>Skúrinn er virtur á.....</p>	3.640.-
	<p>Santals 169.100.-</p>

Gata og númer:

Hverfisgata 15.

Möt framkvæmd: 21/2/1942.

Metið kr.

Safnahús, með risi, 12 gluggakvistum og kjallara, úr steinsteypu og grásteini og loftræsi í öllum útveggjum. Öll loft, gólf og skilveggir í húsinu eru úr steinsteypu, allt kalksléttað og málað. Á húsinu er járnþak á plægðri borðasúð, með pappa á milli. Í neðstu hæð eru bókbandsverkstofa, 2 bókaherbergi, 1 náttúrugripasalur, 3 skjalageymsluherbergi, 2 v.s., anddyri. Í 5 af herbergjum þessum eru skápar og hillur úr járn og tré. Í miðhæðinni eru 2 lestrasalir, ^{4 skrifstofur} 1 bóka-útlánssalur, 4 bókaherbergi og 2 gangar. Í öðrum lestrasalnum er brjóstpanel 2.2 m. á hæð og 3 fastir skápar. Í bókaherbergjunum eru hillur úr tré með járnuppistöðum. Í efstu hæðinni eru 8 bókaherbergi með hillum úr tré og járn, 1 skrifstofa. Í 2 bókaherbergjunum eru innmúraðir skápar sinníhvoru herbergi, með járnhurðum fyrir og járnhlerar fyrir 5 gluggum í öðru herberginu. Í rishæðinni eru 6 herbergi til forngripageymslu, allt þiljað og málað. Á skambitum er gólf úr plægðum borðum. Undir öll húsinu er kjallari með steinsteypugólfi. Þar eru 3 íbúðarherbergi, 3 geymsluherbergi, 1 kolaherbergi, miðstöðvarherbergi og 5 smáklefar. Íbúðarherbergin eru öll þiljuð innan á útveggi og þar strigalögð og allt ýmist veggfóðrað eða málað.

Stærð: L. 35.2 m. br. 18.2 m. h. 10.0 m. ris 5.7 m. kjh. kjh. 2.5 m.

Húsið, ásamt tilheyrandi, er virt á.....

1.067.990.-

Gata og númer:

Hverfisgata 16.

Möt framkvæmd: 21/5/1928.

Metið kr.

Íbúðarhús, tvílyft, með 3 gluggakvistum og kjallara og risi, úr steinsteypu, sementssléttaðri utan og með járnþaki á plægðri borðasúð með pappa á milli. Öll loft, allir skilveggir og stigar eru úr steinsteypu, en útveggir allir eru þiljaðir með panelborðum. Í neðri hæðinni eru 3 íbúðarherbergi, eldhús, gangur og fastur skápur. Panelþiljur eru lagðar striga og pappír. Skilveggir og loft er kalksléttað og allt ýmist veggfóðrað eða málað, í efri hæðinni er sama herbergjaskipun og allur frágangur eins og á neðri hæðinni. Auk þess er þar v.s. í ris hæðinni eru 4 íbúðarherbergi, gangur og þurkloft. Kjallari með steinsteypugólfi er undir öllu húsinu. Þar eru 2 íbúðarherbergi, veggfóðruð og máluð. 3 geymsluherbergi, þvottahús, gangur og v.s., allt múrhuðað utan.

Stærð: L. 9.1 m. br. 9.1 m. h. 6.0 m. ris 3.1 m. kjh. 2.3 m.

Húsið, ásamt tilheyrandi, er virt á.....

34.861.-_v

Gata og númer:

Hverfisgata 16a.

Möt framkvæmd: 21/6/1928.

Metið kr.

Íbúðarhús, tvílyft, með kvisti og risi, úr steinsteypu og með þaki úr borðasúð, pappa og bárujárni. Í húsinu eru 3 gólf úr járnþentri steinsteypu og skilveggir allir sem og kjallaraðgólf úr venjulegri steinsteypu. Þó eru nokkrir skilveggjabútar á efri hæðinni úr bindingi með tvöföldum þiljum striga-lögðum. Í neðri hæðinni eru 3 íbúðarherbergi, eldhús, anddyri og 2 gangar. Innan á útveggjum er borðagrind með pappa í, listum og þiljum þar innan á, lögðum striga og vélapappír og öll er hæðin ýmist veggfóðruð eða máluð. Í efri hæðinni eru 4 íbúðarherbergi, baðherbergi, v.s., anddyri og gangur, allt með sama frágangi eins og er á neðri hæðinni. Í þaklyfti er 1 íbúðarherbergi, þiljað og málað, geymsluherbergi og þurkherbergi. Kjallari er undir öllu húsinu. Þar er 1 íbúðarherbergi, með sama frágangi eins og er á hæðum hússins. Ennfremur eru þar þvottaherbergi, miðstöðvaþerbergi, 3 geymsluklefar, v.s. og 2 gangar. Allur er kjallarinn sementssléttaður inn og hvíttaður. Stigar eru úr timbri og allt er húsið sementssléttað utan.

Stærð: L. 7.7 m. br. 9.1 m. h. 6.1 m. ris 2.6 m. kjh. 2.3 m.

Inngönguskúr er byggður við suðurhlíð hússins, úr sama efni og með samskonar frágangi eins og það. Allur er hann þiljaður innan og málaður. Þak skúrsins er úr steinsteypu og er það með grindverki umhverfis að ofan og notast sem veggvalir frá efri hæð hússins. Kjallari er undir skúrnum og er þar inn- gangur í aðalkjallarann.

Stærð: L. 2.3 m. br. 3.9 m. skápak h. 3.5 m. kjh. 2.3 m.

Húsið, ásamt inngönguskúr og tilheyrandi, er virt á..... 31.242.-

Gata og númer:

Hverfisgata 18.

Möt framkvæmd: (1/11/1942.) 26/11/1946.	Metið kr.
<p>a. Verzlunar- og skrifstofuhús, tvílyft, með 2 útskotum, kvisti, veggsvölum og risi og kjallara, úr bindingi, klætt utan með plögðum borðum, pappa, listum og jární á veggjum og þaki. Í útveggjabindingi er millibil og milligólf í bitalögum. Í neðri hæðinni er sölubúð með mörgum og vönduðum skápum. Allar útveggjabiljur hæðarinnar, stoðir, bitar og loftbiljur eru klæddar með krossviði og öll er búðin lakkborin innan. Gólfíð er allt lagt masonitplötum. Í neðri hæðinni eru enn fremur 2 vörugeymsluherbergi, v.s. og gangur. Í efri hæðinni eru 8 skrifstofur og vörugeymsluherbergi, 3 skápar og 2 gangar. Allt þiljað strigalagt, veggfóðrað og málað. Í rishæðinni eru 3 herbergi og með sama frágangi eins og er á efri hæðinni, 3 geymsluklefar, 2 fastir skápar og gangur. Kjallari með steinsteypugólfi er undir öllu húsinu. Þar er miðstöðvarherbergi, 4 geymsluherbergi, kolaklefi og gangur.</p> <p>Stærð: L. 15.7 m. br. 10.7 m. h. 7.4 m. ris 2.4 m. kjh. 2.5 m.</p> <p>Húsið, ásamt tilheyrandi, er virt á.....</p>	196.600.-
<p>b. Opið bifreiðaskýli hefur verið byggt á baklóð hússins úr steinsteypu á 2 vegu, en 2 hliðar þess eru opnar, þak er úr bárujární á langböndum.</p> <p>Stærð: L. 15.5 m. br. 5.0 m. h. 2.8 m. skápak.</p> <p>Skýlið er virt á.....</p>	4.340.-
Samtals	200.940.-
<hr/>	
Virt 26/11/1946.	
Húsið er óbreytt frá síðasta mati 1. nóvember 1942.	
A. Verzlunarahús: L 15.7 m. br. 10.7 m. h. 7.4 m. ris 2.4 m. kj. 2.5 m.	
Húsið, ásamt tilheyrandi, er virt á.....	447.400.-
B. Bílskúr : L 15.5 m. br. 5.0 m. h. 2.8 m. skápak.	
Skúrinn, ásamt tilheyrandi, er virt á.....	6.500.-
Samtals krónur	453.900.-

Möt framkvæmd: (21/2/1942) 30/6/1950.

Metið kr.

Þjóðleikhúsið, byggt sumt úr venjulegri steinsteypu, en sumt úr járn-
bentri steinsteypu, bæði út- og innveggir, þak, loft og gólf. Það er allt
múrhuðað utan með hrafntinnu, kvarts- og silfurbergi. Í 1. hæð er leiksvið,
áhorfendasalur, anddyri, 4 geymsluherbergi, 12 herbergi til ýmsra afnota, 3
inngangar, 10 gangar o. fl. Í 2. hæð er áhorfendapallur, æfingasalur, 2
búningsherbergi, 2 fatageymslur, 2 baðherbergi, 6 v.s., 2 handlaugaklefar,
10 herbergi fyrir leikendur, 3 veitingasalir, tjaldgeymsla, bókasalur, 2
gangar o. fl. Í 3. hæð eru 4 stór geymsluherbergi, málarasalur, smíðastofa,
12 herbergi fyrir leikendur, 2 baðherbergi, 2 v.s., 7 gangar o. fl. Leik-
sviðið og áhorfendasalurinn nær frá gólfi og upp í gegnum allar hæðir húss-
ins, sem og lyftuklefi þess. Stigar eru allir úr steinsteypu. Einangrunar-
lag er enn ekkert innan á útveggjum, nema örfáum, sem eru lagðir korkplötum.
Húsið er ekki múrsléttað innan og þar algerlega ófullgert. Svipuð er skil-
veggja tilhögun og herbergjaskipun í kjöllum eins og í hæðum hússins.

Stærð turns: L 18.9 m. br. 16.6 m. h. 26.6 m. yfirkj. 2.7 m. undirkj 2.5 m.

" útbyggingar ^{nyltri} ~~nyltri~~: L 24.0 m. br. 5.2 m. h. 9.4 m. yfir-
kj. 2.7 m.
undirkj. 2.8 m.

Stærð hliðbyggingar að vestan: L 16.6 m. br. 4.6 m. h. 9.4 m. yfir-
kj. 2.7 m.
undirkj. 2.8 m.

Stærð tjaldhúss: L 16.6 m. br. 14.3 m. h. 12.0 m. kjh. 5.5 m.

" hliðbyggingar að austan: L 21.9 m. br. 5.8 m. h. 10.6 m. kjh. 4.5 m.

" " " vestan: L 21.9 m. br. 5.8 m. h. 10.6 m. kjh. 4.5 m.

" áhorfendahúss : L 21.7 m. br. 16.0 m. h. 13.7 m. ris 3.4 m.
kj. 3.6 m.

" anddyris : L 14.0 m. br. 9.3 m. h. 15.2 m. ^{1/4} 2.7

" hliðbyggingar austan anddyris: L 7.6 m br. 7.4 m h. 13.5 m. kj. 2.7 m.

" " vestan " : L 7.6 m br. 7.4 m h. 13.5 m. kj. 2.7 m.

Húsið, ásamt tilheyrandi, er virt á..... 1.902.780.00

Virt 30/6/1950.

Húsið ^{er} var metið til brunabóta ófullgert 21. febrúar 1942, er nú full-
smíðað, en hefir engum breytingum tekið að stærð eða ytra formi. Það er að
mestu leyti byggt úr steinsteypu og járnbentri steinsteypu, veggir, gólf,
loft og þök. Þó eru einstöku veggir og loft í leiksviðskjallara úr timbri
eða vikri, allt húðað úti sem inni. Járnbitalög með timburgólfum eru þó í
leiksviðskjallara, leiksviðsgólfi og leiksviðslofti, en timburgólf í áhorfenda-
sal

Gata og númer:

Möt framkvæmd: frh.

Metið kr.

og pöllum ofan á steypunni, einnig er timburgólf á steypu í smíða og málara-sölum og parkettgólf í veitingasölum í kjallara. Á útiriðum, austan, sunnan og vestan er norsk skífa, slípaður grásteinn er á anddyri, aðalstigum og hliðarstigum úr kjallara á I. hæð og öllum norðurstiga, hellur eða terrasso er á aukastiga í kjallara, öllum snyrtiherbergjum, vatnssalernum, baðklefum og eldhúsgólfum. Gúmmí er á hliðarstigum ofan kjallara og á aðalstigum undir teppi, línóleum á flestöllum öðrum gólfum hússins, en teppi eru strengd á gólf í áhorfendasal, pöllum, aðalstigum, hliðargöngum á I. og II. hæð og skrifstofu leikhússtjóra. Póleraðar harðviðarpiljur eru á öllum veggjum áhorfenda-sals og pallaloftum (og pallloftum) og veggjum í sal á II. hæð, svo og á öllum veggjum veitingasala í kjallara, svo eru og afgreiðsluborð í fatageymslum öllum og í afgreiðsluborðum í sal á II. hæð klæddur mahognypiljum. 661 póleraðir og bólstraðir stólar eru í áhorfendasal og á pöllum og 126 stólar í æfingasal í austurálmú, allir áfastir gólfunum. Aukaleiksvið eru í kjallara og æfingasal. Útidyr allar eru úr harðviði og allar innidyr í aðalhúsi, en aðrar hurðir venjulegar sléttar, nema að leiksviði, allar úr jární. Gluggar allir úr kopar. Gler í hurðum og gluggum slípað. Speglar allir og fatahengi áfast veggjum. Eldhúsinnrétting úr timbri, nema kæli og hitaborð, vaskar og rafmagnstæki, mest úr rústfríu stáli. Hljóðeinangrun er milli veggs og þilja í áhorfendasal og milli veggja að leiksviðskjallara og í nokkrum loftum annarsstaðar í húsinu. Handriðslistar allir úr póleruðum harðviði með krómuðum spólum á hliðar- og bakstigum. Hellulagðir veggir eru í öllum snyrti-klefum og hreinlætistæki öll úr fajance. Skápar í aðalanddyrum úr krómuðu stáli með slípuðu gleri. Allur leiksviðsútþúnaður til upphitunar og lýsingar er áfastur húsinu, svo og öll lýsingartæki. Upphitun er frá bæjarveitunni og er sumpart með ofnum og sumpart með lofti, sem dælt er inn utanfrá í gegnum hitara. Varahitun er í sambandi við rafveitu bæjarins og sérstök rafstöð í húsinu. Járntjald er fyrir leiksviðsopi og slökkvikerfi bæði fyrir vatn og kolsýru um allt er lýtur að leiksviði og herbergjum í sambandi við það. Um innréttingu sjá lýsingu 21. febrúar 1942.

Turn	:	L 18.9 m. br. 16.6 m. h. 26.6 m. yfir kj. 2.7 m. undir " 2.5 m.
Útbyggingshyrðri	:	L 24.0 m. br. 5.2 m. h. 9.4 m. yfir kj. 2.7 m. undir " 2.8 m.
Hliðarbygging að vestan:	L 16.6 m. br. 4.6 m. h. 9.4 m	
		yfir kj. 2.7 m. undir kj. 2.8 m.
Tjaldhús	:	L 16.6 m. br. 14.3 m. h. 12.0 m. kj. 5.5 m.
Hliðbygging að austan	:	L 21.9 m. br. 5.8 m. h. 10.6 m. kj. 4.5 m.

Gata og númer:

Hverfisgata 19

Möt framkvæmd: 30/6/1950.		Metið kr.
<u>frh.</u>		
Hliðbygging að vestan	: L 21.9 m. br. 5.8 m. h. 10.6 m. kj. 4.5 m.	
Áhorfendahús	: L 21.7 m. br. 16.0 m. h. 13.7 m. ris 3.4 m. kj. 2.6 m.	
Anddyri	: L 14.0 m. br. 9.3 m. h. 15.2 m. kj. 2.7 m.	
Hliðbygging austan anddyris:	L 7.6 m. br. 7.4 m. h. 13.5 m. kj. 2.7 m.	
" vestan "	: L 7.6 m. br. 7.4 m. h. 13.5 m. kj. 2.7 m.	
Húsið sjálft er virt á.....	13.082.000.-	10.465.600.-
Laust inventar er virt á.....	786.500.-	789.200.-
Fast inventar er virt á.....	5.845.900.-	3.116.700.-
Raflögn.....	2.898.100.-	2.318.500.-
	20.862.500.-	
	Samtals krónur	16.690.000.-

Gata og númer:

Hverfisgata 21.

Möt framkvæmd: 2/1/1941.	Metið kr.
<p>Íbúðar- og skrifstofuhús, tvílyft, með kvisti, risi og kjallara, úr steinsteypu og með járnþaki á plægðri borðasúð, með pappa á milli. Innan á útveggjum er asfalt. Neðsta gólfíð er úr steinsteypu og með línótöl ofan á, en á 2 bitalögum er milligólf og plægð gólfborð þar yfir. Í neðri hæðinni eru 2 skrifstofur. Í annari þeirra er innmúraður skjalaskápur með járnhurð. Ennfremur eru niðri í húsinu 2 íbúðarherbergi, baðherbergi, v.s., anddyri, 2 gangar og 2 fastir skápar, allt þiljað innan og með striga og pappír á veggjum og loftum, allt málað. Í efri hæðinni eru 3 íbúðarherbergi, eldhús, þúr, 2 gangar og 1 fastur skápur, allt þiljað, strigalagt, veggfóðrað og málað. Í rishæðinni eru 6 íbúðarherbergi, þurkloft, 2 gangar og 2 fastir skápar, allt þiljað og með striga og pappír, allt málað, nema þurkloftið. Á skambitum eru gólf úr plægðum borðum. Kjallari með steinsteypugólfi er undir öllu húsinu. Þar eru 4 geymsluherbergi, þvottahús, miðstöðvarklefi, kolaklefi, 2 gangar og v.s. Allar milligerðir eru úr steinsteypu, semenstsléttaðar. Á austurgafli hússins eru veggsvaíir. Húsið er sementssléttað utan.</p> <p>Stærð: L. 15.7 m. br. 10.7 m. h. 7.7 m. ris 4.1 m. kjh. 2.5 m.</p>	
<p>Viðbygging er við suðurhlíð hússins með þaksvölum, byggð eins og það og með steinflísagólfi. Niðri er anddyri, en uppi er 1 herbergi.</p> <p>Stærð: L. 5.0 m. br. 1.9 m. h. 7.1 m. þaksvaíir, kjh. 2.5 m.</p>	
<p>Húsið, ásamt viðbyggingu og tilheyrandi, er virt á.....</p>	114.350.- v

Gata og númer:

Hverfisgata 23.

Möt framkvæmd: 26/4/1945.

Metið kr.

Íbúðarhús, úr bindingi, klætt utan með plögðum borðum, pappa, listum og járnri þar yfir á veggjum og þaki. Innan á binding er pappi og milligólf í báðum bitalögum. Í aðalhæðinni eru 3 íbúðarherbergi, eldhús og fastur skápur, sem allt er þiljað og herbergin með striga og pappir á veggjum og loftum og allt málað. Í rishæðinni eru 3 íbúðarherbergi og gangur, með sama frágangi eins og er í aðalhæðinni. Kjallari með steinsteypugólfi er undir öllu húsinu, hólfður í sundur í geymslur.

Stærð: L. 6.3 m. br. 6.3 m. h. 3.1 m. ris 2.5 m. kjh. 2.2 m.

Inngönguskúr er við vesturgöfl hússins, byggður eins og það, hólfður í tvennt.

Stærð: L. 1.9 m. br. 2.5 m. h. 2.7 m. skápak, kjh. 2.2 m.

Húsið, ásamt inngönguskúr og tilheyrandi, er virt á..... 51.900.-

Gata og númer:

Hverfisgata 26.

Möt framkvæmd: (1/12/1942.) 26/11/1946.

Metið kr.

Íbúðar, verzlunar- og skrifstofuhús, brílyft, með skábaki og kjallara, úr steinsteypu, með eternitþaki á pappa og borðasúð. Í húsinu eru allir stigar og loft úr járnbentri steinsteypu, en kjallaragólf og skilveggir eru úr venjulegri steinsteypu. Innan á útveggjum eru vikurplötur og allar íbúðir hússins eru múrsléttadar innan og málaðar. Í neðstu hæðinni eru sölubúðir, geymsluherbergi, vinnustofa, skrifstofur, 2 skápar, v.s., anddyri og gangur. Í miðhæðinni eru dagstofa, matstofa, eldhús, búr, fatakrókur og v.s. Í efsta gólfi eru 6 íbúðarherbergi, baðherbergi, 7 fastir skápar, v.s., anddyri. Í kjallar-anum eru 2 geymsluherbergi, þvottaherbergi, miðstöðvarherbergi, v.s., eldiviðar-klefi og stórt óráðstafað herbergi. 2 veggpallar eru á húsinu. Stigar eru úr steinsteypu með gúmmíúð. Húsið er múrhúðað utan með kvarz og tinnu.

Stærð hússins: L. 12.2 m. br. 8.5 m. h. 9.7 m. skápak, kjh. 2.5 m.

" útskots: L. 5.8 m. br. 5.6 m. h. 9.7 m. m. kjh. 2.5 m.

" do. L. 3.5 m. br. 4.3 m. h. 9.7 m. skápak, kjh. 2.5 m.

Húsið, ásamt útskotum og tilheyrandi, er virt á.....

285.600.7

Virt 26/11/1946.

Húsið er óbreytt frá síðasta mati 1. des. 1942.

Íbúðarhús: L. 12.2 m. br. 8.5 m. h. 9.7 m. skápak. kj. 2.5 m.

Útskot : L. 5.8 m. br. 5.6 m. h. 9.7 m. skápak. kj. 2.5 m.

Do : L. 3.5 m. br. 4.3 m. h. 9.7 m. skápak. kj. 2.5 m.

Húsið, ásamt útskotum og tilheyrandi, er virt á.....

503.700.-

Gata og númer:

Hverfisgata 28.

Möt framkvæmd: 1/12/1942.

Metið kr.

Íbúðarhús, tvílyft, með gluggakvisti, risi og kjallara, úr bindingi, klætt utan með plögðum borðum, pappa, listum og járni þar yfir á veggjum og þaki. Í útveggjum er millibil og stoppað milli þilja með sagspónum og milli-gólf er í báðum bitalögum. Í hvorri hæð fyrir sig eru 4 íbúðarherbergi, 2 eld-hús og 2 gangar. Í rishæðinni eru 3 íbúðarherbergi, eldhús, baðherbergi m/v.s., 3 geymsluherbergi og gangur. Í kjallaranum eru 2 herbergi, v.s., gangur, með sama frágangi eins og er á aðalhæðunum. Ennfremur eru þar miðstöðvarherbergi, kolaklefi, þvottaherbergi, 3 geymsluklefar. Allar íbúðirnar eru þiljaðar inn-an, strigalagðar og ýmist veggfóðraðar eða málaðar.

Stærð: L. 10.7 m. br. 8.6 m. h. 6.6 m. ris 4.3 m. kjh. 2.2 m.

Inngönguskúr er við vesturgöfl hússins, úr steinsteypu, með járnþaki á pappa og borðasúð. Skúrinn er múrsléttadur utan og málaður. Innan á útveggjum hans er plankagrind með pappa í og þiljum þar innan á, allt lagt striga og pappír og málað.

Stærð: L. 2.5 m. br. 4.8 m. h. 6.0 m. þaksvalir, kjh. 2.2 m.

Húsið, ásamt inngönguskúr og tilheyrandi, er virt á.....

149.520.-

Virt 26/11/1946.

Húsið er óbreytt frá síðasta mati 1. des. 1942.

Íbúðarhús: L 10.7 m. br. 8.6 m. h. 6.6 m. ris 4.3 m. kj. 2.2 m.

Inngskúr : L 2.2 m. br. 4.8 m. h. 6.0 m. þaksvalir kj. 2.2 m.

Húsið, ásamt inngögnuskúr og tilheyrandi, er virt á.....

274.800.-

Möt framkvæmd: (21/9/1931.) 20/12/1946.	Metið kr.
<p>a. Íbúðarhús, úr bindingi, klætt utan með pappa, borðum, listum og járni á veggjum og þaki. Í aðalhæðinni eru 4 íbúðarherbergi, allt þiljað, veggfóðrað og málað. Uppi eru 3 íbúðarherbergi og gangur. Kjallari, með steinsteypugólfi er undir öllu húsinu og timbrugólf þar ofan á, nokkrum hluta þess. Þar er 1 íbúðarherbergi, eldhús, búr, miðstöðvarherbergi, gangur og geymslukompa og v.s.</p>	
Stærð: L. 7.5 m. br. 6.3 m. h. 6.4 m. ris 2.7 m. Kjh. 2.1 m.	
Húsið, ásamt tilheyrandi, er virt á.....	19.150.-
<p>b. Verzlunar- og íbúðarhús, er við austurgafli hússins, þríflyft og gluggakvistir og ris, úr steinsteypu, með járnþaki á listum, pappa og borðasúð. Í viðbyggingunni eru 3 loft úr járnþentri steinsteypu, en gólf neðstu hæðarinnan og skilveggir eru úr venjulegri steinsteypu, allt múrsléttað. Í neðstu hæðinni eru sölubúð og úrsmíðastofa. Í miðhæðinni eru 2 íbúðarherbergi. Í efstu hæðinni eru 2 íbúðarherbergi, fataklefi og gangur. Í rishæðinni er baðherbergi og framloft. Þiljur eru innan á útveggjum og allt ýmist veggfóðrað eða málað. Viðbyggingin er sementssléttuð utan.</p>	
Stærð: L. 3.8 m. br. 9.7 m. h. 8.0 m. ris 2.7 m.	
Húsið, ásamt tilheyrandi, er virt á.....	17.920.-
<p>c. Viðbygging er við vesturgafli hússins úr steinsteypu á 3 vegu og með járnþaki á borðasúð, með pappa á milli. Í neðstu hæðinni er opin gangur, geymsluklefi og stigagangur. Allt sementssléttað og stigagangurinn málaður. Í miðhæðinni er 1 íbúðarherbergi, þiljað, strigalagt, veggfóðrað og málað. Þar er einnig geymsluklefi og gangur, allt sementssléttað og málað. Í efstu hæðinni eru 2 íbúðarherbergi og gangur. Innan á útveggjum er borðagrind með pappa í og þiljum innan á, allt strigalagt, veggfóðrað og málað. Á þakbitum eru gólfborð, þar uppi er þurkloft. Stigar eru úr timbri.</p>	
Stærð: L. 3.5 m. br. 10.0 m. h. 8.0 m. ris 2.7 m.	
Viðbyggingin, ásamt tilheyrandi, er virt á.....	13.775.-
<p>d. Við suðurhlíð litra a., er geymsluskúr, úr steinsteypu, bæði veggir og þak, sementssléttað utan.</p>	
Stærð: L. 5.0 m. br. 3.1 m. h. 2.5 m. skábak.	
Skúrinn, er virtur á.....	1.170.-
Samtals	52.015.-

Möt framkvæmd: 20/12/1946.

Metið kr.

Húsið hefir verið allmikið endurbætt frá síðasta mati 21. september 1931.
Á neóstu hæð þess er húsggnaverzlun og húsgagnabólstrun í viðbyggingu þess.
Húsin eru múrhúðuð utan.

A. Íbúð- verzlunarhús: L 7.5 m. br. 6.3 m. h. 6.4 m. ris 2.7 m. kj. 2.1 m.

" Viðbygging : L 3.8 m. br. 9.7 m. h. 8.0 m. ris 2.7 m.

" Do : L 3.5 m. br. 10.0 m. h. 8.0 m. ris 2.7 m.

" " : L 5.0 m. br. 3.1 m. h. 2.5 m. skápak.

Húsið, ásamt viðbyggingu og tilheyrandi, er virt á.....

363.700.-

Gata og númer:

Hverfisgata 32 a.

Möt framkvæmd: (18/2/1919.) 20/12/1946.	Metið kr.
<p>a. Íbúðarhús, úr grásteini, hliðveggirnir, en gaflar úr bindingi, klætt utan borðum og listum og með járnþaki á langböndum. Í húsinu eru 2 íbúðarherbergi og eldhús, allt þiljað og málað.</p>	
Stærð: L. 6.3 m. br. 4.4 m. h. 3.5 m. í mænir	
Inngönguskúr, úr bindingi, klæddur utan borðum og með járnþaki á borðasúð. Þar er gangur og geymsla.	
Stærð: L. 4.9 m. br. 1.8 m. h. 1.9 m. skáþak.	
Húsið, ásamt inngönguskúr og tilheyrandi, er virt á.....	2.476.-
b. Við norðurhlið hússins er geymsluskúr, úr grásteini, með járnþaki á súð.	
Stærð: L. 6.3 m. br. 3.6 m. h. 1.9 m. skáþak.	
Skúrinn, er virtur á.....	900.-
Santals	3.376.- ^v
=====	
Virt 20/12/1946.	
Húsið er óbreytt í aðalatriðum frá síðasta mati 18. febr. 1919, en endurbætt og múrhúðað utan.	
A. Íbúðarhús: L 6.3 m. br. 4.4 m. h. 1.8 m. ris 1.8 m.	
" Inngskúr : L 4.9 m. br. 1.8 m. h. 1.9 m. skáþak.	
" Viðbygg. : L 6.5 m. br. 3.6 m. h. 2.9 m. skáþak.	
Húsið, ásamt skúr og viðbyggingu og tilheyrandi, er virt á.....	<u>41.100.-</u>

Gata og númer:

Hverfisgata 32 b.

Möt framkvæmd: (25/11/1944.) 18/10/1946.	Metið kr.
<p>Íbúðarhús, einlyft, með portí, kvisti, risi og kjallara, úr bindingi, klætt utan borðum, pappa, listum og járni á veggjum og þaki. Í aðalhæðinni eru 5 íbúðarherbergi, eldhús og 1 skápur. Í rishæðinni er sama herbergjaskipun. Allt þiljað innan með panel, strigalagt, veggfóðrað og málað. Í kjallaranum eru 2 íbúðarherbergi, eldhús og gangur. Þetta er allt með sama frágangi eins og er á aðalhæðunum. Auk þess er í kjallaranum 3 geymsluherbergi, þvottahús, gangur.</p> <p>Stærð: L. 9.5 m. br. 7.6 m. h. 4.7 m. ris 3.8 m. kjh. 2.5 m.</p>	
<p>Inngönguskúr er við húsið, byggður eins og það.</p> <p>Stærð: L. 2.5 m. br. 3.9 m. h. 5.4 m. skápak, kjh. 2.5 m.</p>	
<p>Við vesturgöfl hússins er inngönguskúr, úr steinsteypu, með járnþaki á þlögðri borðasúð, með pappa á milli. Hann er sementssléttaður utan og innan. Háar steinsteyputröppur eru við hann. Í honum er 1 gangur og geymsluklefi.</p> <p>Stærð: L. 1.9 m. br. 2.8 m. h. 1.9 m. skápak, kjh. 2.5 m.</p>	
<p>Viðbygging er við aðalhúsið að vestanverðu, úr vikurholsteini, á steyptum kjallara, með þaki úr borðaklæðningu, pappa og járni. Innan á útveggjum er múrhúðað og málað yfir. Timburloft eru í húsinu og dúkur á gólfi. Uppi er 1 íbúðarherbergi, en geymsla í kjallara, það er múrhúðað utan.</p> <p>Stærð: L. 3.9 m. h. 3.5 m. br. 3.5 m. skápak, kjh. 2.5 m.</p>	
<p>Húsið, ásamt 2 inngönguskúrum og tilheyrandi, og viðbyggingu er virt á</p>	154.000.-
=====	
<p>Húsið er í aðalatriðum obreytt frá síðasta mati 25/11/1944, en er allmikið endurbætt: Hlið rifin úr inngönguskúr og steyptur veggur í staðinn, allur fúí rifinn burtu meðfram gluggum og annarsstaðar og nýtt sett í staðinn.</p> <p>Stærð hússins: L. 9.5 m. br. 7.6 m. h. 4.7 m. ris 3.8 m. kjh. 2.5 m.</p> <p>" inngönguskúr: L. 2.5 m. br. 3.9 m. h. 5.4 m. skápak, kjh. 2.5 m.</p> <p>" do: L. 1.9 m. br. 2.8 m. h. 1.9 m. skápak, kjh. 2.5 m.</p> <p>" viðbygging: L. 3.9 m. br. 3.5 m. h. 3.5 m. skápak, kjh. 2.5 m.</p>	
<p>Húsið, ásamt inngönguskúrum, viðbyggingu og tilheyrandi, er virt á</p>	200.800.-
=====	

Gata og númer: Hverfisgata 33 (áður Klapparstígur 20)

Möt framkvæmd: 28/6/67	Metið kr.			
<p>Nýtt verrzlunar- og skrifstofuhús. Húsið, sem eru 2 hæðir, er byggt úr steinsteypu, einangrað með plasti. Slétthúðað og málað utan. Þakið er timburþak, bárujárnsklætt. Hitaveita.</p> <p>1. hæð: Þar er verzlun, skrifstofur, V.S., handlaug o.fl.</p> <p>2. hæð: Þar er viðgerðarverkstæði, skrifstofur, V.S. ásamt tilheyrandi, allt ýmist málað eða viðarklætt. Létt skilrúm.</p> <p>Stærð hússins:</p> <table style="margin-left: 40px;"> <tr> <td>L 20,4m., Br. 10,34m., H. 6,9m.</td> <td rowspan="2">} = 2516 m³</td> </tr> <tr> <td>L 24,70m., Br. 14,30m., Kj. 3,0m.</td> </tr> </table> <p>Húsið, ásamt tilheyrandi, er virt ákr.</p>	L 20,4m., Br. 10,34m., H. 6,9m.	} = 2516 m ³	L 24,70m., Br. 14,30m., Kj. 3,0m.	9.812.000,00
L 20,4m., Br. 10,34m., H. 6,9m.	} = 2516 m ³			
L 24,70m., Br. 14,30m., Kj. 3,0m.				

Gata og númer:

Hverfisgata 34.

Möt framkvæmd: (1/2/1942.) (15/1/1946.) (15/5/1953.)	Metið kr.
<p>a. Íbúðar- og verzlunarhús, úr bindingi, klætt utan borðum, pappa, listum og jární. Í neðri hæðinni eru 2 sölubúðir, skrifstofa og geymsluherbergi, allt þiljað innan, strigalggt, málað og veggfóðrað. Í efri hæðinni eru 3 íbúðarherbergi, baðherbergi, v.s., eldhús og gangur, allt með sama frágangi eins og er á neðri hæðinni. Í rishæðinni eru 6 íbúðarherbergi, öll þiljuð og máluð.</p> <p>Stærð: L. 10.7 m. br. 6.3 m. h. 6.3 m. ris 2.7 m.</p> <p>Kj.st: L. 2.4 m. br. 2.8 m. h. 1.0 m.</p> <p>Húsið, ásamt tilheyrandi, er virt á.....</p>	42.940.-
<p>b. Viðbygging er við suðurhlíð aðalhússins, tvílyft, með mansarbaki og kjallara, úr steinsteypu með baki úr jární á pappa og borðasúð. Gólf og loft eru úr steinsteypu. Í neðri hæðinni eru 3 íbúðarherbergi, í efri hæðinni eru 2 íbúðarherbergi, baðherbergi, eldhús og gangur. Innan á útveggjum er grind pappi, asbestplötur og veggjapappír og íbúðirnar eru allar málaðar. Í rishæðinni er ósundurhólfuð geymsla, öll klædd innan asbestplötum, bæði veggir og loft. Í kjallaranum er steinsteypugólf, þar þvottahús og geymslur.</p> <p>Stærð: L. 8.6 m. br. 5.7 m. h. 5.7 m. ris 1.9 m. kjh. 1.9 m.</p> <p>Húsið, ásamt tilheyrandi, er virt á.....</p>	26.570.-
Samtals	69.510.- ^v
=====	
<p>Húsið er óbreytt frá síðasta mati 1/2/1942.</p> <p>Íbúðarhúsið: L. 10.7 m. br. 6.3 m. h. 6.3 m. ris 2.7 m.</p> <p>Kjallari: L. 2.4 m. br. 2.8 m. h. 1.0 m.</p> <p>Viðbygging: L. 8.6 m. br. 5.7 m. h. 5.7 m. ris 1.9 m. kjh. 1.9 m.</p> <p>Húsið, ásamt viðbyggingu og tilheyrandi, er virt á.....</p>	202.800.-
=====	
<u>Virt 15/5/1953.</u>	
<p>Húsið er óbreytt að stærð frá síðasta mati 15. janúar 1946, en hefir nú verið múrhúðað utan og mikið breytt að innréttingu og endurbætt. Á neðri hæð er nú sölubúð, 2 vörugeymslur, snyrtiherbergi m/v.s. og forstofa, allt múrhúðað nýmálað og dúklagt. Á efri hæð eru nú 5 íbúðarherbergi, 2 eldhús, baðherbergi m/keri og v.s., stigahús, 2 innri forstofur og fatahengi, samt múrhúðað, allt nýmálað og dúklagt. Á þakhæð eru nú 7 íbúðarherbergi, 2 eldhús, baðherbergi m/keri og v.s., stigahús, 2 innri forstofur, allt klætt þilplötum og dúklagt. Í kjallara eru 3 geymslur, þvottahús og hitaveitukrókur, allt múrhúðað.</p> <p>Íbh.-ogverzlunarh.: L 10.7 br. 6.3 h. 6.3 ris 2.7 = 512.32 m³</p> <p>Kjallari : L 2.4 br. 2.8 h. 1.0 = 6.72 m³</p>	

Gata og númer:

Möt framkvæmd: (frh)	Metið kr.
<p style="text-align: right;">Flutt 519.04 m³</p> <p>Viðbygging: L 8.6 br. 5.7 h. 5.7 ris 1.9 kj. 1.9 = <u>416.67 m³</u></p> <p style="text-align: right;"><u>935.71 m³</u></p>	
Húsið, ásamt viðbyggingu og tilheyrandi, er virt á.....	<u>514.600.00</u> ✓
<u>Virt: 21/12.1981.</u>	
Húsið hefur verið endurmetið vegna breytinga, búið er að endurbæta húsið allmikið.	
Þriðja hæð til hægri er öll endurnýjuð, og einnig íbúð á annari hæð til vinstri.	
Stærðir hússins eru óbreyttar frá síðasta mati eða 936 m ³ .	
Húsið ásamt tilheyrandi er virt á.....	<u>kr 1.123.200.-</u>

Gata og númer:

Hverfisgata 35.

Möt framkvæmd: 1/1/1943.	Metið kr.
<p>a. Íbúðar- og verzlunarhús, úr bindingi, klætt utan með plögðum borðum, pappa, listum og járni þar yfir á 3 vegu, en eldvarnargafi er að norðanverðu og með járnþaki á plögðri borðasúð, með pappa og listum á milli. Innan á binding er pappi og milligólf er í öllum bitalögum. Í neðri hæðinni er verzlun, biljuð, og 3 herbergi með striga og pappír á veggjum og loftum, allt málað. Í efri hæðinni eru 4 íbúðarherbergi, eldhús, búr og fastur skápur, allt biljað strigalggt, veggfóðrað og málað. Í rishæðinni eru 3 íbúðarherbergi, eldhús, búr, 2 gangar, 2 fastir skápar og geymsla. Allt með sama frágangi eins og er á aðalhæðinni. Á skambitum er gólf úr plögðum borðum. Þar uppi er geymsla.</p> <p>Stærð: L. 11.3 m. br. 8.8 m. h. 7.5 m. ris 4.4 m.</p> <p>Inngönguskúr er við vesturhlíð hússins, byggður eins og það. Út frá honum eru veggssvalir.</p> <p>Stærð: L. 2.5 m. br. 3.1 m. h. 8.8 m. skápak.</p> <p>Inngönguskúr, með eldvarnarvegg að norðanverðu, er við húsið, byggður eins og það.</p> <p>Stærð: L. 1.9 m. br. 3.1 m. h. 8.8 m. skápak.</p> <p>Húsið, ásamt 2 inngönguskúrum og tilheyrandi, er virt á.....</p>	
<p>b. 2 geymsluskúrar, úr bindingi, klæddir borðum og bárujárni.</p> <p>Stærð: L. 3.3 m. br. 1.6 m. h. 2.0 m.</p> <p>" L. 3.0 m. br. 3.0 m. h. 2.0 m.</p> <p>Skúrarnir, eru virtir á.....</p>	<p>169.175.-</p> <p>1.740.-</p>
	<p>Samtals 170.915.-</p>

Gata og númer:

Hverfisgata 37.

Möt framkvæmd: 21/3/1937.	Metið kr.
<p>Íbúðarhús og verzlunar, með porti, kvisti, risi og kjallara, úr bindingi, klætt utan borðum, pappa, listum og járni á veggjum og þaki. Innan á binding er pappi og listar og milligólf er í öllum bitalögum. Í neðri hæðinni eru sölubúð, 2 íbúðarherbergi, skrifstofa, eldhús og gangar, ennfremur eru þar 6 skápar. Allt þiljað innan, strigalagt, veggfóðrað og málað. Í efri hæðinni eru 6 herbergi, 2 eldhús, búr, baðherbergi v.s., 2 gangar og 6 fastir skápar. Allt með sama frágangi eins og er á neðri hæðinni. Í rishæðinni eru 4 íbúðarherbergi, eldhús, 3 geymslukleifar og 2 skápar og gangur eftir endilöngu. Frágangur allur er hér eins og á neðri hæðinni. <u>Kjallari er undir nokkrum hluta hússins, hólfaður í sundur í geymslur.</u></p> <p>Stærð hússins: L. 16.6 m. br. 7.5 m. h. 7.2 m. ris 4.0 m.</p> <p>" kjallara: L. 6.3 m. br. 6.3 m. h. 2.1 m.</p> <p>" útikjallara: L. 7.0 m. br. 3.2 m. h. 2.0 m.</p> <p>Inngönguskúr er við húsið, byggður eins og það.</p> <p>Stærð: L. 2.8 m. br. 2.7 m. h. 6.9 m. skápak.</p> <p>Inngönguskúr er við húsið, byggður eins og það. Þar eru 3 geymsluherbergi og 1 skápur.</p> <p>Stærð: L. 3.8 m. br. 2.8 m. h. 7.1 m.</p> <p>Húsið, ásamt inngönguskúrum og tilheyrandi, er virt á.....</p>	<p>50.800.-</p>

Gata og númer:

Hverfisgata 39.

Möt framkvæmd: 21/1/1927.

Metið kr.

Íbúðar- og brauðgerðarhús m/m, fjórlyft, með risi og kjallara, úr járnþentri steinsteypu, bæði út- og innveggir, loft og gólf. Þak er úr borðasúð, pappa, listum og bárujárni. Innan á útveggjum neðstu hæðarinnar eru vikurplötur, en á útveggjum þriggja næstu hæða er borðagrind með pappa í, listum og vírlögðum þiljum þar innan á. Í ris hæðinni eru vikurplötur á útveggjum, en vírlagðar þiljur á sperrum og loftbitum. Allar þessar hæðir hússins eru múrsléttaðar og ýmist veggfóðraðar eða málaðar innan. Í neðstu hæðinni er sölubúð, saumastofa, sníðaherbergi, brauðsölubúð, brauðgerðarstofa, bökunnarherbergi, v.s. m/snyrti, anddyri og 3 gangar. Í 3 efri hæðunum er sama herbergjaskipun. Í hverri fyrir sig eru 6 íbúðarherbergi, 2 eldhús, 2 baðherbergi m/v.s., 6 fastir skápar, anddyri og 3 gangar. Í ris hæðinni eru 6 íbúðarherbergi, 2 steypibaðklefar m/v.s., 4 geymsluklefar, anddyri og 3 gangar. Þarna uppi er einnig stór þakpallur með steinsteypugirðingu. 3 veggpallar eru á norðurhlíð hússins. Í kjallaranum eru miðstöðvarherbergi, þvottahús, 2 vörugeymsluherbergi, 2 v.s., 6 geymsluklefar og 4 gangar. Við vesturhlíð kjallarans er kolaklefi og birtubræur úr steinsteypu. Stigar eru úr steinsteypu, dúrklagðir. Húsið er múrhúðað utan með hrafntinnu og kvarz.

Stærð: L. 15.8 m. br. 12.0 m. h. 11.2 m. ris 3.4 m. kjh. 2.1 m.

Húsið, ásamt tilheyrandi, er virt á.....

130.010.-

Gata og númer:

Hverfisgata 40.

Möt framkvæmd: 1/3/1942.	Metið kr.
<p>a. Íbúðarhús m/m, einlyft, með kvisti, porti, risi og kjallara, úr bindingi, klætt utan með plægðum borðum, pappa, listum og járni þar yfir á veggjum og þaki. Pappi er í bindingi og innan á bindingi og milligólf í báðum bitalögum. Í aðal hæðinni eru 5 íbúðarherbergi, eldhús, búr, gangur og v.s. og skápur, allt þiljað, strigalggt, veggfóðrað og málað. Í rishæðinni eru 6 íbúðarherbergi, eldhús, gangur, v.s. og 4 skápar, allt með sama frágangi eins og er á aðal hæðinni. Kjallari með timburgólfi er undir öllu húsinu. Í honum er sölubúr, skósmíðavinnustofa og gangur, allt þiljað og málað. Þuk þess eru þar 3 geymsluherbergi, þvottaherbergi og gangur.</p>	
Stærð: L. 10.7 m. br. 7.5 m. h. 4.4 m. ris 3.1 m. kjh. 2.5 m.	
Inngönguskúr er við suðurhlíð hússins, byggður eins og það. Í honum eru 2 gangar og 3 fastir skápar.	
Stærð: L. 2.8 m. br. 2.8 m. h. 3.8 m. þaksvalir, kjh. 2.5 m.	
Húsið, ásamt inngönguskúr og tilheyrandi, er virt á.....	65.380.-
b. Geymsluskúr er á baklóð hússins, úr bindingi, klæddur utan járni á 2 hlíðum og með járnþaki á langböndum.	
Stærð: L. 2.5 m. br. 2.9 m. h. 2.8 m. skápak.	
Skúrinn, er virtur á.....	375.-
Samtals	65.755.-

Virt 27/3 1980.	
Frá síðasta mati hefur húsinu verið algjörlega breytt eftir fluttnig af Hverfisg. 40.	
Nýr kjallari steyptur.	
Stærðir:	
L. 10,75 m., br. 7,6 m., h. 4,8 m., Ris 3,2 m., kj. 2,7 m.,)	
L. 3,05 m., br. 2,9 m., h. 3,8 m., " 2,7 m.,)	828 m ³
L. 4,1 m., br. 2,4 m., h. " 2,7 m.,)	
Húsið, ásamt tilheyrandi er virt á.....	kr. 70.380.000

Möt framkvæmd: 1/2/1943.	Metið kr.
<p>a. Íbúðarhús, með porti og risi, úr bindingi, klætt utan plægðum borðum, pappa, listum og járnri þar yfir á veggjum og þaki. Í binding er fyllt með sagspónum og milligólf er í báðum bitalögum. Í aðalhæðinni eru 3 íbúðarherbergi, eldhús og gangur, allt þiljað, strigalagt og málað. Í rishæðinni eru 3 íbúðarherbergi, 2 geymsluherbergi og gangur, allt þiljað og málað.</p> <p>Stærð: L. 7.5 m. br. 6.3 m. h. 3.8 m. ris 2.5 m.</p> <p>Viðbygging, öll þiljuð innan, strigalögð, veggfóðruð og máluð. Í aðalhæðinni eru 2 íbúðarherbergi, eldhús og anddyri. Í þaklyfti eru 2 íbúðarherbergi og gangur.</p> <p>Stærð: L. 7.1 m. br. 5.0 m. h. 3.1 m. ris 2.4 m.</p>	
<p>Húsið, ásamt viðbyggingu og tilheyrandi, er virt á.....</p>	52.050.-
<p>b. Geymsluskúr, úr timbri, járnvarinn. Hann er hólfður í þrennt.</p> <p>Stærð: L. 6.3 m. br. 1.4 m. h. 2.3 m. skábak.</p>	
<p>Skúrin er virtur á.....</p>	1.000.-
<p>c. Verzlunar, íbúðar- og skrifstofuhús m/m. Framhlíð þess er fimmlýft, en bakhlíðin fjórlyft. Ris er á húsinu og kjallari undir nokkrum hluta þess. Það er úr steinsteypu og með járnþaki á pappa og borðasúð. Í húsinu eru 5 loft og allir stigar úr járnþentri steinsteypu, en kjallaragólf og skilveggir eru úr venjulegri steinsteypu. Innan á útveggjum neöstu hæðarinnar eru vikurplötur, en allir útveggir þar fyrir ofan eru einangraðir með plötum úr spónasteypu og allt er húsið múrsléttað innan og ýmist veggfóðrað eða olíumálað. Í neöstu hæðinni eru 2 sölubúðir, skrifstofa, vélavinnustofa, 2 v.s. og anddyri. Önnur, þriðja og fjórða hæð hafa sömu herbergjaskipun. Í hverri fyrir sig eru 8 herbergi, 2 v.s., 2 gangar og anddyri. Í rishæðinni eru 5 íbúðarherbergi, eldhús, 2 gangar, v.s. og anddyri. 3 veggpallar eru á húsinu. Húsið er múrhúðað utan með kvarz og tinnu, framhlíðin, en bakhlíð og gaflar eru múrsléttaðir utan.</p> <p>Stærð hússins: L. 15.0 m. br. 10.8 m. meðalh. 12.5 m. meðalris 2.0 m.</p> <p>" kjallara: L. 12.5 m. br. 6.0 m. h. 1.9 m.</p> <p>" do. L. 3.0 m. br. 5.0 m. h. 1.9 m.</p>	
<p>Húsið, ásamt kjallara og tilheyrandi, er virt á.....</p>	380.070.-
	<p>Samtals 433.120.- ✓</p> <p>=====</p>

Gata og númer:

Hverfisgata 43.

Möt framkvæmd: (1/4/1942.) (21/4/1947) 30/12/1961.	Metið kr.
<p>Íbúðarhús m/m, úr bindingi, klætt utan borðum, pappa, listum og jární þar yfir á veggjum og þaki. Innan á binding er pappi og milligólf í bitalögum. 4.4 m. af lengd hússins er byggt úr steinsteypu og framhlíð þess er klædd utan með jární, en hin hliðin er sementssléttuð utan. Á þessum hluta hússins er þak úr borðasúð, pappa og jární. Húsið er einlyft, með porti og risi og kjallara. Í aðalhæðinni eru 4 íbúðarherbergi, eldhús, gangur, v.s. og 4 fastir skápar, allt þiljað innan, strigalagt, veggfóðrað og málað, í rishæðinni er sama herbergjaskipun og sami frágangur eins og á aðalhæðinni. Kjallari með steinsteypugólfi er undir öllu húsinu. Þar er þvottahús, skósmíðavinnustofa og gangur. 2 herbergin og gangurinn eru þiljuð og máluð innan.</p> <p>Stærð: L. 11.0 m. meðalbr. 7.9 m. h. 3.5 m. ris 2.5 m. kjh. 2.1 m.</p> <p>Inngönguskúr er við norðurhlíð hússins, byggður úr steinsteypu á 2 vegu, sementssléttuð utan, með járnþaki á borðasúð með pappa á milli. Í honum eru 2 gangar og v.s.</p> <p>Stærð: L. 2.1 m. br. 2.3 m. h. 4.7 m. skápak kjh. 2.1 m.</p> <p>Húsið, ásamt inngönguskúr og tilheyrandi, er virt á.....</p>	<p>50.460.-</p>
<p>Húsið er óbreytt frá síðasta mati 1/4/1942.</p> <p>Stærð íbúðarhúss: L. 11.0 m. meðalbr. 7.9 m. h. 3.5 m. ris 2.5 m. kjh. 2.1 m.</p> <p>" inngönguskúrs: L. 2.1 m. br. 2.3 m. h. 4.7 m. skápak, kjh. 2.1 m.</p> <p>Húsið, ásamt inngönguskúr og tilheyrandi, er virt á.....</p>	<p>151.900.-</p>
<p><u>Virt 30/12/1961.</u></p> <p>Frá síðasta mati, 21/4 1947, hefur verið sett ný eldhúsinnrétting, v. s. og handlaug, öll íbúðin máluð að nýju og dúklagt á 1. hæð.</p> <p>Þakhæð er óbreytt frá síðasta mati.</p> <p>Kjallari er óbreyttur frá síðasta mati.</p> <p>Stærð hússins:</p> <p>L. 11.0 m., br. 7.9 m., h. 3.5 m., ris 2.5 m., kj. 2.1 m.</p> <p>Inng.: " 2.1 " " 2.3 " " 4.7 " " skáþ. " 2.1 " = 623.76 m³.</p> <p>Húsið, ásamt tilheyrandi er virt á kr.</p>	<p>654.900.-</p>

Möt framkvæmd: (2/1/1932. b. 6/3/1951.	Metið kr.
<p>a. Íbúðarhús, tvílyft, með risi og kjallara, úr bindingi, klætt utan með plægðum borðum, pappa, listum og járnri þar yfir á baki og 3 vegu, en eldvarnarveggur ar austurgafi hússins. Í öllum útveggjum er millibil og innan á bindingu pappi og listar og milligólf í öllum bitalögum. Í neðri hæðinni eru 4 íbúðarherbergi, eldhús, búr og 3 fastir skápar, allt þiljað innan, strigalagt, veggfóðrað og málað. 2 af herbergjum þessum eru með háu brjóstbili. Í efri hæðinni er sama herbergjaskipun og sami frágangur eins og á neðri hæðinni. Í rishæðinni eru 3 íbúðarherbergi, þiljuð, veggfóðruð og máluð, þurkloft og gangur.</p> <p>Stærð: L. 8.8 m. br. 8.2, m. h. 6.5 m. ris 3.0 m. kjh. 2.0 m.</p> <p>Kjallari er undir öllu húsinu með steinsteypu og veggjum. Þar eru 4 geymsluklefar, þvottahús og gangur.</p> <p>Húsið, ásamt tilheyrandi, er virt á.....</p>	36.004.-
<p>b. Efnarannsóknarhús er á baklóðinni, úr holsteini, með járnþaki á borðasúð. Þar eru 2 vinnuherbergi, kennsluherbergi, skrifstofa, 2 skápklefar, v.s. og gangur. Innan á útveggjum eru korkplötur og skilveggir allir úr steinsteypu, allt múrsléttaðar og málað. Gólf eru úr steinsteypu. Loft eru kalksléttuð að neðan og máluð.</p> <p>Stærð: Meðall. 18.9 m. br. 4.6 m. h. 3.3 m. skápak.</p> <p>Húsið, ásamt tilheyrandi, er virt á.....</p>	20750.-
<p>c. Inngönguskúr er við vesturgafi hússins, með kjallara, þaksvölum, byggður eins og húsið sjálft. Þar er 1 íbúðarherbergi og gangur.</p> <p>Stærð: L. 2.5 m. br. 5.4 m. h. 6.5 m. skápak, kjh. 2.0 m.</p> <p>Skúrin er virtur á.....</p>	4.515.-
<p>d. Inngönguskúr er við suðurhlíð hússins, byggður eins og það.</p> <p>Stærð: L. 2.5 m. br. 2.5 m. h. 8.5 m. skápak, kjh. 2.0 m.</p> <p>Skúrin er virtur á.....</p>	2.451.-
Samtals	63.720.-
<hr/>	
Staflíður b. virtur 6/3/1951.	
<p>Samkomusalsbygging, 1 hæð með skúfþaki, byggður úr steinsteypu, vikur-skilrúm, sléttuð utan, klædd innan korki og vikurplötum og með þaki úr timbri, pappa og bárujárnri. Þar er stór samkomusalur, sjónarsvið, anddyri, 2 klefar sitt hvoru megin sjónarsviðsins og er miðstöð í öðrum, snyrtiherbergi og 2 v.s., allt distemperað og korkur á gólfum. Stafl. b. c. og d. falla inn í þessa nýju viðbyggingu.</p> <p>Stærð viðbyggingar: L. 10.5 m. br. 8.3 m. mh. 4.4 m. skápak.</p> <p>Viðbyggingin, ásamt tilheyrandi, er virt á.....</p>	
	153.400.00

Gata og númer:

Hverfisgata 44.

Möt framkvæmd: 30/6/1961.

Metið kr.

Virt 30/6. 1961.

A: Gamla húsið er óbreytt, nema að viðhaldi frá síðasta mati 2/1 1932.

B: Samkomusalurinn er óbreyttur frá síðasta mati 6/3 1951.
Húsin óskast metin til hækkunar vegna hækkaðs verðlags.
Stærð hússins:A: L. 8.8 m., br. 8.2 m., h. 6.5 m., ris 3.0 m., kjh. 2.0 m. = 721.60 m³... 793.800.-B: " 15.0 " " 8.3 " " 4.4 " = 547.80 m³... 575.200.-

Húsin ásamt tilheyrandi eru virt á kr. 1.369.000.-

Gata og númer:

Hverfisgata 47.

Möt framkvæmd: 9/6/1923.

Metið kr.

Íbúðarhús, með porti, kvisti, risi og kjallara, úr steinsteypu, múrsléttað utan, asfalterað innan og með járnþaki á plögðri borðasúð með pappa á milli. Milligólf er í bitalögum og sagspónastopp er á milli gólfanna.

Í aðalhæðinni eru 4 íbúðarherbergi, eldhús og 2 fastir skápar, allt þiljað og með striga og pappír á veggjum og loftum, allt málað. Brjóstbil er í 1 herbergi. Í risahæðinni eru 5 íbúðarherbergi, eldhús og gangur, allt með sama frágangi eins og er á aðalhæðinni. Á skambitum er gólf. Þar uppi er þurkloft. Kjallari með steinsteypugólfi er undir öllu húsinu. Þar eru 2 íbúðarherbergi, þiljuð og máluð og með trégólfi yfir steinsteypugólfinu. Ennfremur er þar þvottahús, 2 geymsluherbergi og v.s.

Stærð: L. 10.0 m. br. 8.8 m. h. 4.4 m. ris 2.5 m. kjh. 2.3 m.

Inngönguskúr er við vesturgöfl hússins, með kjallara og þaksvölum, byggður eins og það.

Stærð: L. 2.5 m. br. 3.8 m. h. 6.9 m. þaksvölur, kjh. 2.3 m.

Inngönguskúr er við norðurhlid hússins, byggður eins og húsið. Í honum er kolaklefi, búr og 3 gangar.

Stærð: L. 3.6 m. br. 2.5 m. h. 6.9 m. skápak, kjh. 2.3 m.

Húsið, ásamt 2 inngönguskúrum og tilheyrandi, er virt á.....

45.414.-

Gata og númer:

Hverfisgata 49.

Möt framkvæmd: (28/9/1918.) 15/1/1946.	Metið kr.
<p>a. Íbúðar- og verzlunarnús, tvílyft, með risi og kjallara, úr bindingi, klætt utan plægðum borðum, pappa, listum og járni á veggjum og þaki. Í neðri hæðinni er sölubúð, með búðarinnréttingu, 1 íbúðarherbergi, eldhús, gangur og geymsluherbergi, allt þiljað innan, strigalagt, veggfóðrað og málað. Í bindingu er stoppað með marhálmi og milligólf í báðum bitalögum. Í efri hæðinni eru 4 íbúðarherbergi, eldhús, búr og gangur, allt meðsama frágangi eins og niðri. Í ris hæðinni eru 4 íbúðarherbergi, eldhús og gangur, allt þiljað og málað. Kjallari með steinsteypugólfi er undir öllu húsinu. Þar eru 5 geymsluklefar þvottahús og 2 gangar.</p> <p>Stærð: L. 9.1 m. br. 6.9 m. h. 6.4 m. ris 3.6 m. kjh. 1.9 m.</p> <p>Inngönguskúr er byggður eins og húsið.</p> <p>Stærð: L. 2.2 m. br. 2.2 m. h. 5.7 m. ris 3.5 m. kjh. 1.9 m.</p> <p>Húsið, ásamt inngönguskúr og tilheyrandi, er virt á.....</p>	28.167.-
<p>b. Geymsluskúr, úr bindingi, klæddur utan borðum, pappa, listum og járni á veggjum og þaki.</p> <p>Stærð: L. 6.3 m. br. 5.1 m. h. 2.9 m. skáþak.</p> <p>Skúrinn er virtur á.....</p>	2.250.-
<p>c. Geymsluskúr, úr bindingi, klæddur utan járni á langböndum að norðan og austan og með steingafl að vestan, en borðaklæðning er að sunnan. Þak er úr járni á langböndum.</p> <p>Stærð: L. 8.4 m. br. 2.2 m. h. 1.9 m. skáþak.</p> <p>Skúrinn er virtur á.....</p>	432.-
<p>d. Skúr er áfastur við geymsluskúrinn, byggður að utan eins og hann, en þiljaður innan og hólfður í þrennt.</p> <p>Stærð: L. 3.1 m. br. 1.3 m. h. 1.9 m. skáþak.</p> <p>Skúrinn er virtur á.....</p>	180.-
	Samtals 31.029.-v
=====	
<p>Aðalhúsið er óbreytt frá síðasta mati, 28/9/1918, en útihús eru rifin burtu og nýtt hús stafl. B, byggt við vesturhlið og innangengt, en hurðin klædd járni.</p> <p>Stærð A. Íbúð.-og verzlh: L. 9.1 m. br. 6.9 m. h. 6.9 m. ris 3.6 m. kjh. 1.9 m.</p> <p>" " inngönguskúrs: L. 2.2 m. br. 2.2 m. h. 5.7 m. ris 3.5 m. kjh. 1.9 m.</p> <p>Húsið, ásamt inngönguskúr og tilheyrandi, er virt á.....</p>	172.500.-
	Flyt 172.500.-

Gata og númer:

Hverfisgata 49.

Möt framkvæmd:	Metið kr.
	Flutt 172.500.-
<p>B. Verzlunar- íbúðar og iðnaðarhús, 5 hæðir, ris og kjallari, úr steinsteypu, með þaki úr borðum, pappa og asbesti. Fimm og hálf loft eru úr járnbentri steinsteypu. Skilrúm eru hlaðin úr vikurplötum. Innan á útveggjum eru vikurplötur og allt er húsið múrhuðað og málað innan. I neðstu hæð er fyrirhugsuð sölubúð og er hún hólfuð í 2 hluta með vikurskilrúmi. Þar er einnig afþiljað v.s. og handlaug. I 2. hæð eru 3 herbergi, anddyri, v.s., 1 af herbergjunum er skrifstofuherbergi. I hinum efri hæðunum, hverri fyrir sig, eru 2 íbúðarherbergi, eldhús m/rafeldavél, baðherbergi m/v.s.; þó skal þess getið að 1 baðherbergið er með kerlaug, en 2 með steypibaðtækjum. Ennfremur er þar fastur skápur, fatakrókur og inngangur. Efsta hæðin nær ekki yfir fulla breidd hússins. I kjallara er gipssteypuherbergi og 1 íbúðarherbergi með sama frágangi og í hæðunum; þar er og afþiljað v.s. Stigahús með járnbentum stigum er við húsið og gangur fyrir væntanlega lyftu. Framhlið hússins er múrhuðuð með skeljasandi, en að öðru leyti er það slétthúðað.</p> <p>Stærð hússins: L. 12.4 m. meðalbr. 5.0 m. h. 11.4 m. kjh. 2.4 m.</p> <p>" þakhæðar: L. 10.0 m. meðalbr. 5.2 m. h. 2.7 m. ris 1.0 m.</p> <p>" stigagangs:L. 7.0 m. br. 2.5 m. h. 17.3 m. meðalris 0.6 m.</p>	
Húsið, ásamt tilheyrandi, er virt á.....	379.600.-
Samtals	552.100.-

Gata og númer:

Hverfisgata 49.

Möt framkvæmd: 20/9/1958.	Metið kr.
<p>Frá síðasta mati 15/1/1946, hefur verið byggt nýtt hús við gamla húsið, sem nota er sem verzlunar og íbúðarhús, fimm hæðir, hallaris og kjallari, byggt úr steinsteypu, einangrað með korki, slétthúðað og málað utan og með þaki úr timbri, pappa og bárujárn.</p> <p>Á 1. hæð eru 2 verzlunar, gangur og geymsla, alltt málað og dúklagt.</p> <p>Á 2. hæð eru 8 íbúðarherbergi, 3 eldhús, 2 baðherbergi m/kerlaugum, og 1 baðherbergi m/steypu, 3 v. s. og 3 handlaugar, stigahús og 3 forstofur. Innbyggðir skápar. Allt málað og dúklagt. Hurðir eru úr harðviði. Einfalt gler er í gluggum. - Á hæðinni eru 2 þriggja herbergja íbúðir og 1 tveggja herbergja. Auk þess er 1 geymsla á hæðinni.</p> <p>3 og 4 hæð eru að öllu leyti eins og 2 hæð, nema 1. svalir eru á 4. hæð.</p> <p>Á 5. hæð eru 5 íbúðarherbergi, 2 eldhús, 2 baðherbergi m/kerlaugum, 2 v. s. og 2 kerlaugar, stigahús og forsofa. Innbyggðir skápar. Allt málað og dúklagt. Hurðir eru úr harðviði. Einfalt gler er í gluggum. 2 svalir.</p> <p>Í kjallara er anddyri, gangur, þvottahús, kyndiklefi m/hi taveituupphitun, og 9 geymslur.</p> <p>Lýsing þess á einnig á gamla húsið.</p> <p>Stærð hússins:</p> <p>L. 14.0m., br. 12.4m., h. 11.3m., kj. 2.4m.,</p> <p>5. hæð L. 12.2m., br. 10.0m., h. 2.7m., ris. 1.0m.,</p> <p>L. 9.4m., br. 8.1m., h. 8.4m., kj. 2.4m.,</p> <p>4. hæð L. 8.0m., br. 8.1m., h. 2.7m., ris. 1.0m., Alls 3.451.19m³</p> <p>Húsið með tilheyrandi er metið á..... Kr. 2.933.500.-</p>	

Gata og númer:

Hverfisgata 50.

Möt framkvæmd: 21/4/1928.	Metið kr.
<p>a. Íbúðar- og vörzlunarhús m/m, með porti, risi og kjallara, úr bindingi, klætt utan með plögðum broðum, pappa, listum og járnri þar yfir á veggjum og þaki. Innan á bindingi er pappi og listar og milligólf er í 3 bitalögum. 2 reykháfar eru í húsinu. Í neðri hæðinni er sölubúð, skrifstofa og gangur, allt þiljað innan, veggfóðrað og málað. Í búðinni er venjuleg búðarinnrétting. Auk þessa eru á sömu hæð 2 vörugeymsluherbergi og v.s. Í efri hæðinni eru 5 íbúðarherbergi, eldhús, búr og gangur, allt þiljað innan, strigalagt, veggfóðrað og málað. Í rishæðinni eru 2 íbúðarherbergi, baðherbergi, v.s., 2 gangar, 2 fastir skápar og framloft. Allt er þetta þiljað, veggfóðrað og málað, nema framloftið. Kjallari með steinsteypugólfi er undir öllu húsinu. Í honum er húsgagnabólstrun, öll múrhúðuð og máluð. Auk þess er í kjallar- anum 2 geymsluklefar og gangur.</p>	
Stærð: L. 12.6 m. br. 9.4 m. h. 7.5 m. ris 4.1 m. kjh. 2.5 m.	
Inngönguskúr er við vesturgafi hússins, með þaksvölum, byggður eins og húsið bæði hið ybra og innra.	
Stærð: L. 2.5 m. br. 5.7 m. h. 6.9 m. þaksvlir, kjh. 2.5 m.	
Húsið, ásamt inngönguskúr og tilheyrandi, er virt á.....	77.015.-
<p>b. Geymsluhús, með porti og risi, úr bindingi, klætt utan plögðum broðum pappa, listum og járnri, þar yfir á þaki og 3 hliðum, en að sunnanverðu er eldvarnarveggur. Loft og gólf er úr timbri. Þar eru 3 geymsluherbergi.</p>	
Stærð: L. 15.1 m. br. 5.0 m. h. 3.3 m. ris 2.0 m.	
Geymsluhúsið er virt á.....	9.755.-
<p>c. Geymsluhús, einlyft, úr höggnum grásteinum, 3 veggirnir, en 1 hliðin er úr járnri á langböndum. Þak er einnig úr járnri á langböndum. Eftir húsinu endilöngu er naglfastur stallur eða jata úr timbri til þess að gefa hestum heyrni.</p>	
Stærð: L. 7.6 m. br. 3.0 m. h. 2.0 m. skáþak.	
Húsið, er virt á.....	365.-
Samtals	87.135.-

Gata og númer:

Hverfisgata 50

Möt framkvæmd: 20/3/1952. 30/6/1965	Metið kr.
<p>Íbúðarhús, 1 hæð með skúrþaki, byggt úr steinsteypu, snjókremborið utan, fððrað innan gosull, vikurplötum og múrhúð og með þaki úr steinsteypu, timbri, pappa og bárujárni. Þar eru 3 íbúðarherbergi, eldhús, steypibaðklefi m/v.s., anddyri, gangur, allt veggfððrað og málað og dúklagt, nema á anddyrisgólfi er terrasso; ennfremur dúklagt herbergi ómálað og hitaveitu og rafmagnsklefi.</p> <p>Stærð hússins: L 11.1 br. 11.2 h. 3.5 skápak = 435.12 m³ " útskots: L 4.3 br. 1.2 h. 3.2 skápak = 16.51 m³ 451.63 m³</p> <p>Húsið, ásamt útskoti og tilheyrandi, er virt á.....</p>	<p>225.800.00</p>
<p><u>Virt 30/6/1965</u></p> <p>Frá síðasta mati, 20/3/1952, hefur verið byggt ofan á húsið og er það nú 4 hæðir, byggt úr steinsteypu, einanrað með korki og óhúðað að utan. Þakið er timbur pappi og bárujárni. Hitaveita.</p> <p>1. hæð: Er óbreytt.</p> <p>2. hæð: Þar eru læknastofur, 4 herbergi, biðstofa, gangur, stigahús og snyrtiherbergi m/v.s. og handlaug. Allt málað og dúklagt, létt skilrúm, og harðviður í hurðum og einfalt gler í gluggum.</p> <p>3. hæð: Frágangur er eins og á 2. hæð nema þar eru ennfremur skrifstofur.</p> <p>4. hæð: Eins og 3. hæð að frágangi nema þar er einstaklingsíbúð, með eldhúskróki, hinn hlutinn eru skrifstofur, Allt málað og dúklagt.</p> <p>Stærð hússins:</p> <p>L. 11.1 m., br. 11.2 m., h. 11.45 m. L. 4.3 m., br. 1.2 m., h. 11.45 m. = 1.485.00 m³.</p> <p>Húsið, ásamt tilheyrandi, er virt á.....</p>	<p>kr. 2.521.000.-</p>

Gata og númer: Hverfisgata 50 v/Vatnsst.

Möt framkvæmd: 30/6/1965	Metið kr.
<p>Nýtt verzlunarhús, prentsmiðja og fl. Byggt úr steinsteypu, einangrað með korki, óhúðað að utan og þakið er timbur, pappi og bárujárn. Húsið er 4 hæðir og ris. Upphitun er hitaveita. (geislahitun)</p> <p>1. hæð: Þar er prentsmiðja, afgreiðslusalur, snyrtiherbergi m/v.s. og handlaug, allt málað og dúklagt og krossviður í hurðum.</p> <p>2. hæð: Þar er stigahús, vöruheymsla, afgreiðslusalur, snyrtiherbergi með v.s. og handlaug. Herbergi aðskilin með leftum skilrúmum. Allt málað og dúklagt.</p> <p>3. hæð: Eins og 2. hæð nema þar eru nóðan skilrúm lökkuð.</p> <p>4. hæð: Þar er iðnaður og er frágangur svipaður og á 2. hæð.</p> <p>Þakhæð: Þar er íbúð, öll innrétting með léttum skilrúmum. Íbúðin er 6 íbúðarherbergi, 1 baðherbergi með steypu, 1 v.s. og 1 handlaug. Allt málað og dúklagt.</p> <p>Stærð hússins:</p> <p>L. 10.05 m., br. 9.83 m., h. 11.10 m. = 1.097.00 m³.</p> <p>Þak: L. 10.05 m., br. 8.43 m., h. 2.65 m., ris 1.30 = <u>280.00 m³</u> = 1.377.00 m³.</p> <p>Húsið, ásamt tilheyrandi, er virt .a´ kr. <u>2.754.000.-</u></p>	

Gata og númer:

Hverfisgata 52.

Möt framkvæmd: 1/11/1943.

Metið kr.

Verzlunar- skrifstofu- og vörugæymsluhús, með risi, úr steinsteypu, með járnþaki á pappa og borðasúð. Í húsinu eru 3 loft, ásamt burðarbitum og 3 styrktarstöðum á hverri hæð, úr járnþentri steinsteypu, en gólf neðstu hæðarinnar og skilveggir í austurenda hússins eru úr venjulegri steinsteypu. Aðrir skilveggir eru úr bindingi, með tvöföldum masonitþiljum. Innan á útveggjum sölubúðar, skrifstofu og gæymsluherbergis á neðstu hæð og efnagerðarherbergja á rishæð eru masonitþiljur og herbergi öll máluð. Í neðstu hæðinni er sölubúð með borðum, skápum og skúffum, skrifstofa, 4 vörugæymsluherbergi, lyftuklefi, miðstöðvarherbergi, gangur og v.s. Miðhæðin er að mestu ósundurhólfuð vörugæymsla. Í 3. hæðinni eru 2 gæymslusalir, 2 fataklefar með skápum, v.s. og snyrti. Í rishæðinni eru 2 efnagerðarherbergi, gæymslusalur og lyftuklefi, sem er á öllum hæðum hússins. Allir steinsteypuveggir innan húss eru sementsstroknir. Stigar eru úr steinsteypu. Húsið er múrhúsað utan með skeljasandi og kvarz umhverfis dyr og glugga. Vörusýningargluggar eru á húsinu.

Stærð: Meðall. 20.3 m. br. 11.7 m. h. 10.0 m. ris 4.5 m.

Húsið, ásamt tilheyrandi, er virt á.....

348.050. ✓

Gata og númer:

Hverfisgata 53.

Möt frankvæmd: (1/8/1942.) 29/6/1946.	Metið kr.
<p>a. Íbúðarhús, með porti, kvisti, risi og kjallara, úr bindingi, klætt utan plægðum borðum, pappa, listum og járni á 3 vegu og baki, en austurgafli er eldvarnarveggur. Innan á austurgafli og suðurhlíð er pappi og milligólf er í báðum bitalögum. Í aðalhæðinni eru 4 íbúðarherbergi, eldhús, búr og gangur. Allt þiljað, strigalagt og málað. Í rishæðinni eru 4 íbúðarherbergi, eldhús, gangur og 3 fastir skápar, allt með sama frágangi eins og er í aðalhæðinni. Kjallari með steinsteypugólfi er undir öllu húsinu. Þar eru 3 geymsluherbergi, þvottahús og gangur.</p> <p>Stærð: L. 12.6 m. br. 7.5 m. h. 4.1 m. ris 3.8 m. kjh. 2.7 m.</p> <p>Inngönguskúr er við norðurhlíð hússins, byggður eins og það.</p> <p>Stærð: L. 2.5 m. br. 2.5 m. h. 5.5 m. skápak, kjh. 2.7 m.</p> <p>Húsið, ásamt inngönguskúr og tilheyrandi, er virt á.....</p>	83.020.-
<p>b. Lystihús, úr bindingi, klætt utan borðum á veggjum og með járnþaki á súð.</p> <p>Stærð: L. 2.6 m. br. 2.6 m. h. 2.2 m. ris 0.5 m.</p> <p>Húsið er virt á.....</p>	720.-
<p>Samtals</p>	83.740.- ✓
<p>Húsið er óbreytt frá síðasta mati 1/8/1942.</p>	
<p>Stærð íbúðarhúss: L. 12.6 m. br. 7.5 m. h. 4.1 m. ris 3.8 m. kjh. 2.7 m.</p> <p>" inngöngusk: L. 2.5 m. br. 2.5 m. h. 5.5 m. skápak, kjh. 2.7 m.</p> <p>" lystihúss: L. 2.6 m. br. 2.6 m. h. 2.2 m. ris 0.5 m.</p>	
<p>A. Húsið, ásamt inngönguskúr og tilheyrandi, er virt á.....</p>	196.400.-
<p>B. Lystihúsið, ásamt tilheyrandi, er virt á.....</p>	1.700.-
<p>Samtals</p>	198.100.-

Gata og númer:

Hverfisgata 54.

Möt framkvæmd: 21/10/1928.	Metið kr.
<p>Timburgeymslu- og skrifstofuhús, úr steinsteypu, með járnþaki á borða-súð, með pappa á milli. Það er einlyft, á suðurhlíð, með porti og risi, en norðurhlíðin er því nær öll tvílyft, Steinsteypugólf er í öllu húsinu og loft þess er úr tveggja þumlunga plönkum. Í neðri hæðinni er timburgeymsla og skrifstofuherbergi, þiljað og málað. Í efri hæðinni er einnig timburgeymsla og auk þess 3 stór skrifstofuherbergi og gangur. Skilveggir eru allir úr bindingi, með tvöföldum þiljum og þiljað er einnig innan á útveggjum og neðan á loftbita. Veggir herbergjanna, loft og gólf eru lagðir ýmist krossviði, insolit eða cellotex, en gangurinn er þiljaður með panelborðum og allt er þetta ýmist veggfóðrað eða málað. Húsið er allt sementssléttað utan.</p> <p>Stærð: L. 22.3 m. br. 11.5 m. meðalh. 4.3 m. meðalris 1.2 m.</p> <p>Húsið, ásamt tilheyrandi, er virt á.....</p>	<p>47.098.- ✓</p>
<p><u>Virt:9"1.1978.</u></p> <p>Byggt hefur verið nýtt hús á lóðinni, og er það kvikmyndahús, Þetta er steinsteyppt hús, einangrað með plasti, og er 111.hæðir og ris.</p> <p><u>1.hæð.</u></p> <p>Þar er forsalur, með miðasölu, ofl., flísalagt gólf, snyrtrherbergi með tilheyrandi, snyrtiherbergi fyrir fatlaða, geymsla og neyðarútgangur, lyfta, aðstaða fyrir ræstingu, lofttræstikerfi og fjórir sýningarsalir.</p> <p><u>11.hæð.</u></p> <p>Skrifstofur og lager.</p> <p><u>111.hæð.</u></p> <p>þar eru skrifstofur og snyrting með tilheyrandi.</p> <p><u>1111.hæð.</u></p> <p>Þar er íbúð og eldhús með borðkrók.</p> <p><u>Ris.</u></p> <p>þar eru sex íbúðarherbergi, baðherbergi með tilheyrandi, gestasnyrting, þvottaherbergi, búr og arinn í skála.</p> <p>Stærðir hússins. A.liður: 700m³ virtur á.....kr 24.500.000.-</p> <p>Stærð B.liðs: 6.993m³ virtur á.....kr 209.790.000.-</p>	

Möt framkvæmd: (1/9/1941.) (26/11/1946.) 17/5/1950.	Metið kr.
<p>Íbúðarhús, úr bindingi, klætt utan plögðum borðum, listum og jární á 3 hliðum og þaki; en eldvarnargafi er að vestanverðu. Í binding er fyllt með marhálm og sagspónum og milligólf er í bitalögum. Í aðalherberginu eru 5 íbúðarherbergi, eldhús og gangur, allt þiljað, herbergin strigalögð, veggfóðrað og allt málað. Uppi eru 5 íbúðarherbergi, 2 eldhús og gangur, allt með sama frágangi eins og niðri. 3 kvistar eru á suðurhlíð hússins og 2 að norðanverðu. Kjallari með steinsteypugólfi er undir öllu húsinu. Í honum er 1 íbúðarherbergi, eldhús, gangur, allt þiljað og málað. Ennfremur er þar þvottahús, 3 geymsluherbergi og gangur.</p> <p>Stærð: L. 10.7 m. br. 6.9 m. h. 5.5 m. ris 1.6 m. kjh. 1.9 m.</p> <p>Inngönguskúr er við norðurhlíð hússins, byggður eins og það. Þar er geymsla, 3 skápar og 3 gangar.</p> <p>Stærð: L. 2.2 m. br. 2.5 m. h. 6.3 m. skápak, kjh. 1.9 m.</p> <p>Inngönguskúr er byggður eins og húsið.</p> <p>Stærð: L. 1.7 m. br. 2.5 m. h. 2.8 m. skápak, kjh. 1.9 m.</p> <p>Húsið, ásamt 2 inngönguskúrum og tilheyrandi, er virt á.....</p>	<p>37.200.-</p>
<p>=====</p> <p>Virt 26/11/1946.</p>	
<p>Húsið er óbreytt frá síðasta mati 1. september 1941.</p> <p>Íbúðarhús: L 10.7 m. br. 6.9 m. h. 5.5 m. ris 1.6 m. kj. 1.9 m.</p> <p><i>Inngangur</i> <i>do</i> : L 1.7 m. br. 2.5 m. h. 6.3 m. skápak. kj. 1.9 m.</p> <p>Inngskúr : L 2.2 m. br. 2.5 m. h. 6.3 m. skápak. kj. 1.9 m.</p> <p>Húsið, ásamt tilheyrandi (inngskúr), er virt á.....</p>	<p>Krónur 166.500.-</p>
<p>Virt 17/5/1950.</p>	
<p>Húsið er óbreytt að stærð frá síðasta mati 26. nóvember 1946, en hefir verið endurbætt og nokkuð breytt innan húss eftir bruna.</p> <p>Á neðri hæð eru nú 4 íbúðarherbergi, eldhús, v.s., anddyri, innri forstofa, 10 fastir skápar, bakdyrainngangur, allt tekklætt, klætt veggjapappír og málað og dúklagt. Á efri hæð eru nú 5 íbúðarherbergi, 2 eldhús, v.s., stíga-hús, innri forstofa, allt veggfóðrað eða málað og dúklagt. Þakhæðin er ónothæf. Í kjallara eru nú 4 íbúðarherbergi, eldhús, 2 anddyri, 2 innri forstofur, allt veggfóðrað eða málað og dúklagt; ennfremur þvottahús m/þaðkeri og hitaveitulögn og 3 geymslur.</p> <p>Íbúðarhús: L 10.7 m. br. 6.9 m. h. 5.5 m. ris 1.6 m. kj. 1.9 m.</p> <p>Inng.skúr: L 2.2 m. br. 2.5 m. h. 6.3 m. skápak kj. 1.9 m.</p> <p>do : L 1.7 m. br. 2.5 m. h. 2.8 m. skápak kj. 1.9 m.</p>	

Gata og númer:

Hverfisgata 56.

Möt framkvæmd: 21/3/1939.

Metið kr.

Trésmíðaverksmiðja, brílyft, með risi og kjallara, úr steinsteypu, með eternitbaki á papp og borðasúð. Öll loft eru úr járnbentri steinsteypu og einnig burðarbitar og stoðir, en kjallaragólf er úr venjulegri steinsteypu. Í neðstu hæðinni er fataklefi, v.s. og snyrti, en að öðru leyti er hún ósundurhólfaður vélasalur. Í miðhæðinni er þurkherbergi, vinnustofa og efnisgeymsla. Efsta hæðin og þaklyftið er ósundurhólfað. Skilveggir allir eru úr bindingi, með tvöföldum panel-piljum. Allir útveggir eru sementsstroknið og allt er húsið kalkhvíttað innan og múrhúðað utan. Stigar eru úr steinsteypu. Í kjallaranum er miðstöðvarklefi og spónageymsla.

Stærð hússins: L. 16.9 m. br. 12.1 m. h. 9.8 m. ris 4.4 m.

" útskots: L. 16.9 m. br. 3.3 m. h. 6.7 m. skápak, kjst. L. 5.6 m. br. 1.2 m. h. 2.2 m.

Stærð kjallara: L. 16.9 m. br. 6.1 m. h. 2.2 m.

Húsið, ásamt tilheyrandi, er virt á.....

88.150.- ✓

Gata og númer:

Hverfisgata 57.

Möt framkvæmd: 21/11/1925.	Metið kr.
<p>Íbúðarhús, einlyft, með risi og kjallara, úr steinsteypu, með járnþaki á norðasúð, með pappa á milli. Í aðalhöðinni eru 5 íbúðarherbergi, eldhús, baðherbergi, v.s., anddyri og 2 gangar. Loft og gólf og skilveggir eru úr steinsteypu, allt sementssléttað. Aðeins 2 stuttir skilveggjabútar eru úr bindingi, með tvöföldum þiljum, striga og vélapappír. Innan á útveggjum eru korkplötur, sementssléttaðar og allt er húsið ýmist veggfóðrað eða málað innan. Kjallari er undir öllu húsinu með steinsteypugólfi og skilveggjum. Þar er þvottaherbergi, miðstöðvarherbergi, 4 geymsluherbergi og gangur.</p> <p>Stærð: L. 11.6 m. br. 9.5 m. h. 3.2 m. ris 2.7 m. kjh. 2.1 m.</p> <p>Húsið, ásamt tilheyrandi, er virt á.....</p>	<p>38.812.-</p>

Gata og númer:

Hverfisgata 57 a.

Möt framkvæmd: (21/1/1942.) 29/6/1946.	Metið kr.
<p>Íbúðarhús, úr bindingi, klætt utan plögðum borðum, pappa, listum og járnri þar yfir á 3 vegu og þaki, eldvarnargöfl er að vestanverðu. Milligólf er í báðum bitalögum og pappi innan á binding. Í aðal hæðinni eru 3 íbúðarherbergi, eldhús, búr og gangur, allt þiljað og herbergin lögð striga og pappfr á veggjum og loftum, allt ýmist veggfóðrað eða málað. Í rishæðinni eru 3 íbúðarherbergi, baðklefi, v.s. og gangur, allt með sama frágangi eins og er á aðal hæðinni. Kjallari með steinsteypugólfi er undir öllu húsinu. Þar er miðstöðvarherbergi, þvottaherbergi, 2 geymsluherbergi og gangur. Skilveggir eru úr steinsteypu.</p>	
Stærð: L. 6.9 m. br. 6.9 m. h. 5.0 m. ris 1.6 m. kjh. 2.4 m.	
Húsið, ásamt tilheyrandi, er virt á.....	31.060.- ^u
=====	
Húsið er óbreytt frá síðasta mati. (21/1/1942.)	
Stærð: L. 6.9 m. br. 6.9 m. h. 5.0 m. ris 1.6 m. kjh. 2.4 m.	
Húsið, ásamt tilheyrandi, er virt á.....	89.700.-
=====	

Gata og númer:

Hverfisgata 58.

Möt framkvæmd: 1/4/1943.	Metid kr.
<p>a. Íbúðarhús, tvílyft, með risi og kjallara, úr bindingi, klætt utan borðum pappa, listum og járn á veggjum og baki. Í neðri hæðinni eru 3 íbúðarherbergi og eldhús, allt þiljað innan á binding útveggja og skilveggja og neðan á loftbita, með plögðum panelborðum, allir veggir og loft strigalagt og allt ýmist veggfóðrað eða málað. Í efri hæðinni er sama herbergjaskipun og frágangur allur eins og á neðri hæðinni. Milligólf er í öllum bitalögum, með pappa og sagspónastoppi á milli gólfanna. Í veggjabinding er pappi og sumsstaðar stoppað með sagspónum á milli þiljanna. Kjallari með steinsteypugólfi er undir öllu húsinu. Þar eru 3 íbúðarherbergi, eldhús, v.s. og gangur. Timburgólf er yfir steinsteypugólfinu og borðagrind og þiljur eru innan á útveggjum kjallarans, að öðru leyti er þar sami frágangur eins og er á aðalhæðunum.</p> <p>Stærð: L. 6.9 m. br. 6.3 m. h. 7.0 m. ris 0.5 m. kjh. 2.5 m.</p>	
<p>Íbúðarhús, tvílyft með risi og er byggt áfast við vesturgafi aðalhússins, úr steinsteypu, á 3 vegu og með járnþaki á pappa og borðasúð. Í neðri hæðinni eru 2 íbúðarherbergi, v.s. og gangur. Gólf og loft eru úr járnþenti steinsteypu og skilveggir allir úr sementssléttaðri steinsteypu. Innan á útveggjum er plankagrind með pappa í, listum og þiljum þar innan á, lögðum striga og vélapappír og allt ýmist veggfóðrað eða málað. Í efri hæðinni eru 2 íbúðarherbergi, eldhús og gangur, allt með sama frágangi eins og er á neðri hæðinni. Í þaklyfti er geymslu- og þurkloft. Kjallari með steinsteypugólfi og skilveggjum er undir húsinu. Þar er þvottaherbergi, 2 geymsluherbergi og gangur. Við húsið eru steinsteyputröppur og geymsluklefi undir þeim. Allt er húsið sementssléttað utan.</p> <p>Stærð: L. 5.5 m. br. 8.8 m. h. 6.3 m. ris 2.6 m. kjh. 2.5 m.</p>	
<p>Húsin, ásamt tilheyrandi, eru virt á.....</p>	128.280.-
<p>b. Geymsluskúr, úr steinsteypu, með járnþaki á pappa og borðasúð. Þar eru 3 geymsluherbergi með steinsteypugólfi og skilveggjum úr timbri. Skúrinn er sementssléttaður utan og innan.</p> <p>Stærð: L. 6.0 m. br. 2.5 m. h. 2.5 m. skáþak.</p>	
<p>Skúrinn er virtur á.....</p>	2.470.-
	<p>Samtals 130.750.-</p>

Gata og númer:

Hverfisgata 58 a.

Möt framkvæmd: (1/5/1942.) 30/10 1954	Metið kr.
<p>Íbúðarhús, einlyft, með portí, risi, kvisti og kjallara, úr bindingi, klætt utan plögðum borðum, pappa, listum og jární þar yfir á veggjum og þaki. Innan á bindingi er pappi og milligólf er í báðum bitalögum. Í aðalhæðinni eru 4 íbúðarherbergi, 2 eldhús, 2 gangar og 6 skápar, sem allt er þiljað og herbergin með pappa á veggjum, en striga og pappír á loftum, allt ýmist veggfóðrað eða málað. Í rishæðinni er sama herbergjaskipun og samfrágangur eins og er á aðalhæðinni. Kjallari með steinsteypugólfi er undir öllu húsinu. Í honum eru 2 íbúðarherbergi, þiljuð og máluð, þvottahús, 2 geymsluherbergi og gangur.</p> <p>Stærð: L. 8.8 m. br. 6.9 m. h. 4.1 m. ris 3.1 m. kjh. 2.2 m.</p> <p>Inngönguskúr er við suðurhlíð hússins, með eldvarnarvegg að sunnanverðu, en að öðru leyti byggður eins og húsið. Hann er hólfaður í þrennt.</p> <p>Stærð: L. 3.1 m. br. 4.0 m. h. 5.0 m. skápak, kjh. 2.2 m.</p> <p>Húsið, ásamt inngönguskúr og tilheyrandi, er virt á.....</p>	<p>54.260.-^v</p>
<p>Öbreytt að stærðum frá síðasta mati 1. maí 1942, en hefir verið endurbætt mikið. Í kjallaranum er nú, auk 2 íbúðarherbergja, eldhús, v. s. m/handlaug og gangur, allt málað og dúklagt.</p> <p>Íbúðarhús : L. 8.8 m. Br. 6.9 m. H. 4.1 m. Ris 3.1 m. kj. 2.2 m.</p> <p>Inngöngusk.: L. 3.1 m. Br. 4.0 m. H. 5.0 m., skápak kj. 2.2 m. = 562.90 m³</p> <p>Húsið með inngönguskúr og tilheyrandi er metið á</p>	<p>kr. 354.600.00</p> <p>Kr. 354.600.00</p>

Gata og númer:

Hverfisgata 59.

Möt framkvæmd: 21/11/1928. 25/6/1964.	Metið kr.
<p>Íbúðar- og verzlunarhús, með kvisti, 9 gluggakvistum, porti, risl og kjallara, úr steinsteypu, með þaki úr borðasúð, pappa, listum og járn. Í neðstu hæðinni eru 2 sölubúðir með skápum, borðum, skúffum og 3 vörusýningar-gluggum, 2 skrifstofuherbergi, geymsluherbergi, v.s., anddyri og gangur. Í miðhæðinni eru 6 íbúðarherbergi, eldhús, baðherbergi m/v.s., anddyri og 2 gangar. Í efstu hæðinni er sama herbergjaskipun. Í rishæðinni eru 6 íbúðarherbergi 2 eldhús, baðherbergi m/v.s., anddyri og 2 gangar. Í húsinu eru 4 loft úr járnþentri steinsteypu, en kjallaragólf og skilveggir á aðalhæðunum eru úr venjulegri steinsteypu, allt múrsléttað. Í þaklyfti eru skilveggir ýmist úr steinsteypu, eða bindingi, með tvöföldum þiljum og þiljað er þar einnig neðan á loftbita. Innan á útveggjum hússins er 2" timburgrind með pappa í, listum og þiljum þar innan á. Allar þiljur eru lagðar striga og vélapappír og sá hluti hússins sem hér að ofan er lýst er ýmist veggfóðraður eða málaður innan. Á skambitum er gólf, þar uppi er þurkloft. Í kjallaranum eru 3 íbúðarherbergi, öll sementssléttað innan, þvottaherbergi, 3 geymsluklefar, v.s., miðstöðvarklefi og 3 gangar. Á veggjum og eldhúsveggjum hæðanna, umhverfis borð og vatnsskálar eru postulínsflísar. Stigar eru úr steinsteypu. Á norðurhlíð hússins eru 3 veggpallar. Allt er húsið sementsléttað utan.</p> <p>Stærð: L. 16.9 m. br. 10.6 m. h. 10.1 m. ris 4.2 m. kjh. 2.5 m.</p> <p>Húsið, ásamt tilheyrandi, er virt á.....</p>	<p>133.236.-</p>
<p><u>Virt 25/6/1964.</u></p> <p>Frá síðasta mati 21/11/1928, hefur 1. hæðinni verið breytt í fatahreinsun, verslun og íbúðarherbergi. Allt er þetta í góðu viðhaldi og hefur ýmsu verið breytt í innréttingum og frágangai í samræmi við breytta starfsemi.</p> <p>Á annari hæð eru 2 íbúðir. Þar hafa eldhúsin verið innréttað samkvæmt nýttísku sniði, skápar eru nýir og böðin endurbætt. Allt málað og dúklagt.</p> <p>Á 3ju hæð hefur farið fram samskonar breyting eins og á 2. hæð.</p> <p>Sama er að segja um þakhæðina, söma breyting eins og á 2. og 3ju hæð.</p> <p>Í kjallara eru ekki neinar sérstakar breytingar.</p> <p>Stærð hússins:</p> <p>L. 16.9 m., br. 10.6 m., h. 10.1 m., ris 4.2 m., kj. 2.5 m. = 2.633.36 m³.</p> <p>Húsið, ásamt tilheyrandi, er virt á.....</p>	<p>Kr. 4.477.000.-</p>

Gata og númer:

HVERFISGATA 59

Möt framkvæmd: 30/11 1955. 26/6/1964.	Metið kr.
<p>Nýr bílskúr, 1 hæð, byggður úr steinsteypu, texklæddur innan og með þaki úr timbri, og bárujárnri, upphitaður með heitu vatni og ráflýstur, ósundurhólfaður. Stærð skúrsins : L. 5.2 m. Br. 3.0 m. H. 2.20 m. = 34.32 m³</p> <p>Skúrinn með tilheyrandi, er metinn á kr. 12.000.00</p>	
<p><u>Virt 26/6/1964.</u></p> <p>Bílskúrinn er óbreyttur frá síðasta mati 30/11/1955, en óskast metinn til hækkunar, vegna hækkandi verðslags.</p> <p>Stærð skúrsins: L. 5.2 m., br. 3.0 m., h. 2.2 m. = 34.32 m³.</p> <p>Skúrinn, ásamt tilheyrandi, er virtur á kr. 32.000.-</p>	

Gata og númer:

HVERFISGATA 59 (bílskúr)

Möt framkvæmd: 30/11 1955. 25/6/1964.	Metið kr.
<p>Nýr bílskúr, 1 hæð, byggður úr timbri, múrhúsaður utan, klæddur innan texti og masonit og með þaki úr steiptum båruplötum, raflýstur og olíuupphitaður. Þar er smáherbergi afþiljað í horni innst í skúrnum, annars ósundurhólfaður.</p> <p>Stærð skúrsins: L. 8.8 m. Br. 3.3 m. mH. 2.2 m. = 63.89 m³</p> <p>Skúrinn, með tilheyrandi, er metinn á kr. 22.400.00</p>	
<p><u>Virt 25/6/1964.</u></p> <p>Bílskúrinn er óbreyttur frá síðasta mati 30/11/1955, en óskast metinn til hækkunar, vegna hækkandi verðlags.</p> <p>Stærð skúrsins: L. 8.8 m., br. 3.3 m., h. 2.2 m., = 63.89 m³.</p> <p>Skúrinn, ásamt tilheyrandi, er virtur á Kr. 58.000.-</p>	

Gata og númer:

Hverfisgata 59 a.

Möt framkvæmd: (24/5/1944.) 20/5 1955. 26/6/1964.	Metið kr.
<p>Íbúðarhús, tvílyft, norðurhliðin, en að öðru leyti einlyft með risi og kjallara, úr bindingi, klætt utan borðum, pappa, listum og jární á veggjum og þaki. Í neðri hæðinni eru 2 íbúðarherbergi og stigagangur. Í efri hæðinni eru 3 íbúðarherbergi, eldhús og gangur. Í kjallaranum eru 3 íbúðarherbergi og anddyri, allt er þetta þiljað innan strigalagt og ýmist veggfóðrað eða málað.</p> <p>Stærð: L. 5.7 m. br. 5.7 m. meðalh. 3.4 m. meðalris 1.3 m. kjh. 2.2 m.</p> <p>Viðbygging er við norðurhlið hússins, úr steinsteypu á 3 vegu, þak er úr borðasúð, pappa og jární. Í neðri hæðinni eru miðstöðvarherbergi og þvotta-herbergi, v.s. og gangur. Í efri hæðinni er baðherbergi m/v.s., 2 geymslu-klefar, fastur skápur og gangur, allt með sama frágangi eins og er á aðal-húsinu, nema miðstöðvarherbergið er óþiljað.</p> <p>Stærð: L. 5.7 m. br. 3.2 m. h. 2.3 m. skápak, kjh. 2.2 m.</p> <p>Húsið, ásamt viðbyggingu og tilheyrandi, er virt á.....</p>	<p style="text-align: right;">60.200.-</p>
<p><u>Virt 20/5 1955.</u></p> <p>Er óbreytt, frá síðast a mati 24. maí 1944, að stærðum en hitalögn og rafurmagnt hefir verið endurbætt, settar í það 3 rafurmagntselðavélar og allt dúklagt og málað.</p> <p>Íbúðarhús: L. 5.7 m. Br. 5.7 m. mH. 3.4 m. ris 1.3 m. kj. 2.2 m.</p> <p>Viðbygging: L. 5.7 m. Br. 3.2 m. " 2.3 m. skápak kj. 2.2 m. Alls 283.52 m³</p> <p>Húsið með tilheyrandi er metið á kr. 184.300.00</p>	
<p><u>Virt 26/6/1964.</u></p> <p>Húsið er í megin atriðum ó breytt frá matinu 20/5/1955, en óskast metið til samræmis við verðlag eins og það er í dag.</p> <p>Stærð hússins:</p> <p>L. 5.7 m., br. 5.7 m., h. 3.4 m., ris 1.3 m., kj. 2.2 m.</p> <p>L. 5.7 m., br. 3.2 m., h. 2.3 m., ris skáp. kj. 2.2 m. = 283.52 m³.</p> <p>Húsið, ásamt tilheyrandi, er virt á kr. 450.000.-</p>	

Gata og númer:

Hverfisgata 60 a.

Möt framkvæmd: 1/4/1943.

Metið kr.

Íbúðarhús, úr bindingi, klætt utan með plögðum borðum, pappa, listum og jární á veggjum og þaki. Í útveggi er fyllt með sagspónum og milligólf er í báðum bitalögum. Í aðalherberginu eru 3 íbúðarherbergi, eldhús og fastur skápur. Allt þiljað innan og neðan á loftbita, með panel, strigalögum og allt ýmist veggfóðrað eða málað. Í þaklyfti er 1 íbúðarherbergi með sama frágangi eins og er á aðalherberginu, 2 geymsluherbergi og gangur. Kjallari er undir öllu húsinu, með gólfi og skilvegg eftir endilöngu húsinu úr steinsteypu. Þar eru 2 íbúðarherbergi, eldhús og gangur, allt þiljað, veggfóðrað og málað. Ennfremur er þar þvottaherbergi, 2 geymsluklefar og v.s.

Stærð: L. 6.9 m. br. 6.6 m. h. 3.0 m. ris 2.8 m. kjh. 2.5 m.

Inngönguskúr er við vesturgafli hússins með þaksvölum, byggður eins og húsið sjálft, að öðru leyti en því, að eldvarnarveggur er við vesturgafli hans úr steinsteypu. Í skúrnum eru 2 gangar og fastur skápur. Allt þiljað innan með panel og málað. Undir skúrnum er kjallari til geymslu. Timburtröppur eru sín hvoru megin við skúrinn og undir þeim afþiljaðir geymsluklefar.

Stærð: L. 2.0 m. br. 2.8 m. h. 2.8 m. skápak, kjh. 2.5 m.

Húsið, ásamt inngönguskúr og tilheyrandi, er virt á.....

41.400.-

Möt framkvæmd: (1/4/1942.) (25/2/1947.) 15/5/1953.

Metið kr.

a. Íbúðarhús, úr bindingi, klætt utan með borðum, pappa, listum og jární á veggjum og þaki. Hus þetta er einlyft með porti, risi og kjallara, í bindingi er fyllt með sagspónum og milligólf er í efra bitalagi. Í aðal hæðinni eru 3 íbúðarherbergi, eldhús, gangur og 2 fastir skápar, allt þiljað og herbergin með striga og pappír á veggjum og loftum, allt ýmist veggfóðrað eða málað. Í rishæðinni er sama herbergjaskipun og sami frágangur eins og á aðal hæðinni. Kjallari er undir öllu húsinu. Steinsteypugólf er í honum hálfum en timburgólf er í hinum helmingnum. Þar er 1 herbergi, þiljað og málað, 2 geymsluklefar og gangur.

Stærð: L. 6.3 m. br. 6.3 m. h. 4.2 m. ris 2.5 m. kjh. 2.2 m.

Inngönguskúr er byggður eins og húsið. Þar er 1 íbúðarherbergi, 3 gangar, 2 geymsluklefar, og 2 skápar. Herbergið og gangarnir eru þiljaðir, veggfóðraðir og málaðir.

Stærð: L. 4.2 m. br. 2.8 m. h. 5.2 m. skápak, kjh. 2.2 m.

Húsið, ásamt inngönguskúr og tilheyrandi, er virt á..... 38.560.-

b. Verzlunar- og trésmíðahús. úr steinsteypu, með járnþaki á borðasúð með pappa á milli. Í aðal hæðinni er sölubúð, með borðum, skápum og hillum og skrifstofuherbergi. Loft og g-ólf eru úr járnþentri steinsteypu, en skilveggir eru úr venjulegri steinsteypu, allt múrsléttað. Innan á útveggjum er borðagrind með pappa í, þiljum, striga og vélapappír þar innan á. Allt ýmist veggfóðrað eða málað. Terrassvirsteypa er á búðargólfinu fyrir framan búðarborðið. Kjallari með steinsteypugólfi er undir öllu húsinu. Kjallari inn er allur múrsléttaður innan. Þar er trésmíðastofa, geymsluherbergi og gangur. Steinsteypuþröppur eru við húsið, niður í kjallarann.

Stærð: L. 5.7 m. br. 5.2 m. h. 3.7 m. skápak, kjh. 2.3 m.

Húsið, ásamt tilheyrandi, er virt á..... 17.740.-

c. Geymsluskúr, úr steinsteypu á 3 vegu en austurhliðin er að mestu leyti úr timburrimlum. Þak er úr borðasúð, pappa og jární. Þar eru 3 geymsluklefar og þurkhjallur. 1 skilveggur og gólf er úr steinsteypu. Skúrinn er múrsléttaður utan.

Stærð: L. 8.8 m. br. 2.5 m. h. 2.1 m. skápak.

Skúrinn er virtur á..... 2.300.-

Samtals 58.600.- v

Eldri hús eru óbreytt frá síðasta mati 1/4/1942. Nýtt verzlunarhús hefir verið byggt við eldra húsið, úr steinsteypu með járnþaki og er byrjun á

Gata og númer:

Hverfisgata 61.

Möt framkvæmd:	Metið kr.
framfíðarbyggingu. Innan á útveggjum eru vikurplötur og múrhúðað yfir og málað. Þar er stór sölubúð með skápum, borðum og hillum. Terrassogólf er í búðinni. Þar er ennfremur skrifstofa og afgreiðsluherbergi og v.s. og stiga-gangur. Í kjallara er vörugeymsla og prentsmiðja og smá skrifstofuherbergi. Þar er klætt innan með trétexi og útveggir hvíttaðir. Framhlíð hússins er múrhúðað með skeljasandi.	
A. Íbúðarhús: L. 6.3 m. br. 6.3 m. h. 4.2 m. ris 2.5 m. kjh. 2.2 m.	
" Inng.skúr: L. 4.2 m. br. 2.8 m. h. 5.2 m. skápak, kjh. 2.2 m.	
Húsið, ásamt inngönguskúr og tilheyrandi, er virt á.....	77.200.-
B. Verzlunarhús: L. 6.9 m. br. 7.9 m. h. 3.6 m. kjh. 2.4 m.	
" viðbyggingar: L. 3.6 m. br. 6.4 m. h. 2.4 m. kjh. 2.4 m.	
" kjallara: L. 6.6 m. br. 6.5 m. h. 2.4 m.	
Húsið, ásamt viðbyggingu og tilheyrandi, er virt á.....	175.000.-
C. Íbúðarhús: L. 5.7 m. br. 5.2 m. h. 3.7 m. skápak; kjh. 2.3 m.	
Húsið, ásamt tilheyrandi, er virt á.....	40.600.-
D. Geymsluskúr: L. 6.5 m. br. 4.5 m. h. 2.6 m. skápak.	
Skúrinn, ásamt tilheyrandi, er virtur á.....	10.900.-
	Samtals 303.700.-
<hr/> <hr/>	
<u>Virt 15/5/1953.</u>	
Húsið er frá síðasta mati 25. febrúar 1947 óbreytt að stærð en mikið endurbætt innanhúss.	
A. Íbúðarhús: L 6.3 br. 6.3 h. 4.2 ris 2.5 kj. 2.2 = 301.64 m ³	
" Inngskúr : L 4.2 br. 2.8 h. 5.2 skápak kj. 2.2 = 87.02 m ³	
	<u>388.66 m³</u>
Húsið, ásamt inngönguskúr og tilheyrandi, er virt á.....	<u>213.800.00V</u>

Möt framkvæmd: (1/5/1942.) 24/7/1953.	Metið kr.
<p>a. Íbúðarhús, úr bindingi, klætt utan með plögðum gólf-borðum, pappa, listum og jární á veggjum og þaki. Í neðri hæðinni eru 3 íbúðarherbergi og eldhús, allt þiljað og herbergin með pappa á veggjum, allt ýmist veggfóðrað eða málað. Í efri hæðinni er sama herbergjaskipum og sami frágangur eins og er á neðri hæðinni. Í rishæðinni er þurkloft. Kjallari með timburgólfi er undir öllu húsinu. Í honum er 1 herbergi, þiljað og málað, 2 geymsluklefar og gangur.</p> <p>Stærð: L. 5.7 m. br. 5.7 m. h. 5.7 m. ris 2.3 m. kjh. 2.2 m.</p> <p>Inngönguskúr er við suðurhlíð hússins, byggður eins og það.</p> <p>Stærð: L. 3.1 m. br. 2.2 m. h. 4.4 m. ris 0.6 m. kjh. 2.2 m.</p> <p>Húsið, ásamt inngönguskúr og tilheyrandi, er virt á.....</p>	30.480.-
<p>b. Fisksölubúð er byggð á lóðinni úr steinsteypu, með járnþaki á borðasúð, með pappa á milli. Gólf og skilveggir eru úr steinsteypu. Þar er fisbúð og fiskgeymsla, hvortveggja með flísalögðum veggjum og búðarborði, auk þess er þar afþiljaður símaklefi. Í húsinu eru einnig 3 geymsluherbergi í vestur-enda hússins. Það er allt múrsléttuð utan.</p> <p>Stærð: L. 13.3 m. br. 5.4 m. h. 2.5 m. skápak.</p> <p>Skúrinn, ásamt tilheyrandi er virtur á.....</p>	15.300.-
<p>c. Skúr úr steinsteypu, með járnþaki á listum, pappa og borðasúð. Gólf er úr steinsteypu, en skilveggir úr tré. Þar er geymsluklefi, þvottahús og v.s.</p> <p>Stærð: L. 5.0 m. br. 1.6 m. h. 2.4 m. skápak.</p> <p>Skúrinn, ásamt tilheyrandi, er virtur á.....</p>	1.140.-
Samtals	46.920.-
<hr/>	
<u>Virt 24/7/1953.</u>	
Húsið er óbreytt frá síðasta mati 1. maí 1942.	
A. Íbúðarhús: L 5.7 br. 5.7 h. 5.7 ris 2.3 kj. 2.2	= 292.41 m ³
" Inng.skúr: L 3.1 br. 2.2 h. 4.4 ris 0.6 kj. 2.2	= 47.06 m ³
Húsið, ásamt inngönguskúr og tilheyrandi, er virt á.....	166.300.00
B. Verzl.hús: L 13.3 br. 5.4 h. 2.5 skápak	= 179.55 m ³
Húsið, ásamt tilheyrandi, er virt á.....	68.200.00
C. Skúr : L 5.0 br. 1.6 h. 2.4 skápak	
Skúrinn, ásamt tilheyrandi, er virtur á.....	3.800.00
Samtals krónur	238.300.00

Gata og númer:

Hverfisgata 63.

Möt framkvæmd: (1/4/1942.) 24. apríl 1954	Metið kr.
<p>Íbúðarhús, með 2 kvistum, risi og kjallara, úr bindingi, klætt utan plægðum borðum, pappa, listum og járni þar yfir á veggjum og þaki. Í bindingi er pappi og milligólf í neðra bitalagi. Í aðal hæðinni eru 3 íbúðarherbergi, eldhús, gangur og skápar og v.s., allt þiljað innan og herbergin með striga og pappir á veggjum og loftum, allt ýmist veggfóðrað eða málað. Í þaklyfti eru 2 íbúðarherbergi, eldhús, geymsluherbergi og gangur. Herbergin eru strigalögð veggfóðruð, allt málað. Kjallari er undir öllu húsinu, með steinsteypugólfi. Þar eru 2 geymsluherbergi, 1 íbúðarherbergi með timburgólfi, þiljað og málað og gangur.</p> <p>Stærð: L. 6.9 m. br. 5.0 m. h. 2.8 m. ris 2.8 m. kjh. 1.9 m.</p> <p>Inngönguskúr er við norðurhlíð hússins, byggður eins og það. Í honum eru 2 gangar, búr, skápur og v.s.</p> <p>Stærð: L. 3.1 m. br. 1.3 m. h. 5.0 m. skápar, kjh. 1.9 m.</p> <p>Húsið, ásamt inngönguskúr og tilheyrandi, er virt á.....</p>	<p>20.830.-</p>
<p>Er óbreytt að stærðum frá síðasta mati 8. apríl 1948, en endurbætt innanhúss og óskast metið til hækkunar.</p> <p>Inngönguskúr: L. 3.1 m. Br. 1.3 m. H. 5.0 m., skápar, kj. 1.9 m.</p> <p>Húsið með inngönguskúr og tilheyrandi er metið á</p>	<p>kr. 131.000.00</p> <p>Kr. 131.000.00</p>

Gata og númer:

Hverfisgata 64.

Möt framkvæmd: 2/1/1943.	Metið kr.
<p>Íbúðar- og verzlunarhús, úr bindingi, klætt utan borðum, pappa, listum og jární á veggjum og þaki. Í binding er stoppað með marhálmí. Í aðalheðinni eru 3 íbúðarherbergi, eldhús og gangur. Allt þiljað og 1 af herbergjunum lagt striga og pappír á veggjum og lofti og allt málað. Undir öllu húsinu er kjallari. Í honum er steinsteypugólf. Þar er sölubúð með borðum, hillum og skápum, þiljað og málað. Í kjallara eru einnig 2 geymsluherbergi.</p> <p>Stærð: L. 6.3 m. br. 5.7 m. h. 3.5 m. ris 2.2 m. kjh. 2.5 m.</p> <p>Inngöngu- og úrsmíðaskúr er við suðurhlíð hússins, byggður að efni og frágangi þil eins og það. Undir honum er kjallari. Í neðri hæð skúrsins eru 2 herbergi og gangur. Í þaklyfti hans eru 2 geymsluklefar og gangur, allt þiljað og málað.</p> <p>Stærð: L. 6.3 m. br. 1.9 m. meðalh. 4.1 m. skápak, kjh. 2.5 m.</p> <p>Húsið, ásamt inngönguskúr og tilheyrandi, er virt á.....</p>	<p>48.970.-✓</p>
<p>Virt 30/4 1980.</p> <p>Óskað eftir endurmati á eigninni vegna mikilla breytinga sem gerðar hafa verið. Skipt hefur verið um glugga og innréttingar endurnýjaðar.</p> <p>Stærðir eru óbreyttar - 339 m³.</p> <p>Húsið, ásamt tilheyrandi er virt á</p>	<p>kr. 27.120.000</p>

Gata og númer:

Hverfisgata 64 a.

Möt framkvæmd: 21/5/1931.	Metið kr.
<p>a. Íbúðarhús, einlyft, með 5 gluggakvistum, porti, risi og kjallara, úr bindingi, klætt utan plögðum borðum, pappa, listum og járni þar yfir á veggjum og þaki, nema austurgafliinn, sem er eldvarnarveggur. Innan á binding er pappi og milligólf í 2 bitalögum. Í aðalhæðinni eru 3 íbúðarherbergi, eldhús og gangur, allt þiljað, strigalagt, veggfóðrað og málað. Í rishæðinni eru 4 íbúðarherbergi, eldhús, gangur og 4 skápar, allt með sama frágangi eins og á aðalhæðinni. Kjallari með steinsteypugólfi í $\frac{1}{4}$ hluta og timburgólfi í $\frac{3}{4}$ hlutum hans, er undir öllu húsinu. Í honum eru 3 íbúðarherbergi, v.s. og gangur, allt þiljað og málað. Auk þess er þar þvottahús og geymsluklefi.</p> <p>Stærð: L. 7.9 m. br. 7.5 m. h. 4.1 m. ris 2.8 m. kjh. 2.2 m.</p> <p>Inngönguskúr er við suðurhlíð hússins, byggður eins og það.</p> <p>Stærð: L. 2.7 m. br. 2.4 m. h. 5.7 m. skápak, kjh. 2.2 m.</p> <p>Húsið, ásamt inngönguskúr og tilheyrandi, er virt á.....</p>	19.090.-
<p>b. Geymsluskúr, úr bindingi, klæddur utan borðum á 1 hlið, en úr steinsteypu á 3 vegu og með járnþaki úr borðasúð með pappa á milli. Þar eru 3 geymsluklefar.</p> <p>Stærð: L. 3.8 m. br. 1.0 m. h. 1.9 m. skápak.</p> <p>Skúrinn er virtur á.....</p>	140.-
<p>Samtals</p>	<p>19.230.- ✓</p>

Gata og númer:

Hverfisgata 65.

Möt framkvæmd: 1/10/1925.	Metið kr.
<p>Íbúðarhús, úr bindingi, klætt utan borðum, pappu, listum og járn á veggjum og þaki. Í aðalherberginu eru 3 íbúðarherbergi, eldhús og gangur. Allt þiljað, lagt striga og pappir og ýmist veggfóðrað eða málað. Kjallari með steinsteypugólfi er undir öllu húsinu. Þar er geymsluherbergi, þvottaherbergi og v.s.</p> <p>Stærð: L. 6.3 m. br. 4.7 m. h. 2.8 m. ris 1.0 m. kjh. 1.9 m.</p> <p>Inngönguskúr, er byggður eins og húsið sjálft. Þar er gangur, geymsla og búr.</p> <p>Stærð: L. 3.8 m. br. 2.3 m. h. 2.8 m. skápak, kjh. 1.9 m.</p> <p>Húsið, ásamt inngönguskúr og tilheyrandi, er virt á.....</p>	<p>7.089.- ✓</p>
<p><u>Virt:14/7.1981.</u></p> <p>Húsið hefur verið endurbætt frá fyrra mati, og því endurmetið til hækkunar. Stærðir eru óbreyttar eða 195 m³.</p> <p>Húsið ásamt tilheyrandi er virt á.....kr</p>	<p>253.500.-</p>

Gata og númer:

Hverfisgata 65 a.

Möt framkvæmd: 2/1/1943.	Metið kr.
<p>a. Íbúðarhús, úr bindingi, klætt utan plögðum borðum, listum og járnri þar yfir á veggjum og þaki, þó er annar gaflinn ekki járnvarinn, heldur klæddur með tvöfaldri borðaklæðningu. Innan á binding er pappi, bæði uppi og niðri. Í aðalhæðinni eru 3 íbúðarherbergi, eldhús, gangur og fastur skápur, allt þiljað og 3 herbergin lögð strga og vélapappir, ýmist veggfóðruð eða máluð. Hitt allt er þiljað og málað. Í rishæðinni eru 3 íbúðarherbergi, eldhús og gangur, allt með sama frágangi eins og er á aðalhæðinni. Kjallari er undir öllu húsinu, hólfður í þrennt.</p>	
<p>Stærð: L. 5.7 m. br. 5.6 m. h. 3.4 m. ris 2.5 m. kjh. 2.0 m.</p>	
<p>Inngönguskúr er við vesturgافل hússins, byggður eins og það. Hann er hólfður í tvennt og þiljaður og málaður.</p>	
<p>Stærð: L. 1.9 m. br. 2.5 m. h. 2.5 m. ris 0.5 m. kjh. 2.0 m.</p>	
<p>Húsið, ásamt inngönguskúr og tilheyrandi, er virt á.....</p>	34.020.-
<p>b. Trésmíðavinnustofa, úr timbri, þiljuð innan og stoppuð. Í öðrum enda hennar er þiljað með trétexi. Gólf er úr timbri. Húsið er járnvarið utan á veggjum og þaki og málað.</p>	
<p>Stærð hússins: L. 7.5 m. br. 1.6 m. h. 2.3 m. skábak.</p>	
<p>" viðbyggingar: L. 4.1 m. (h. 2.3 m. br. 2.5 m.) skábak.</p>	
<p>Húsið, ásamt viðbyggingu og tilheyrandi, er virt á.....</p>	5.060.-
<p style="text-align: right;">Samtals</p>	39.080.-

Gata og númer:

Hverfisgata 66.

Möt framkvæmd: (2/1/1942.) 12/4/1949.	Metið kr.
<p>Íbúðarhús, einlyft, með risi og kjallara, úr bindingi, klætt utan með tvöfaldri borðaklæðningu á 2 hliðum, en einfaldri á hinum hliðunum og þaki, allt lagt pappa, listum og járni þar yfir, bæði veggir og þak. Í útveggi og súð er stoppað með marhálm. Í aðalherberginu eru 4 íbúðarherbergi og 2 eldhús, allt þiljað innan og neðan á loftbita, lagt striga og vélapappír og ýmist veggfóðrað eða málað. Í þaklyfti eru 2 íbúðarherbergi, þiljuð innan með panel og máluð. Milligólf er í báðum bitalögum. Kjallari með timburgólfi er undir öllu húsinu. Þar eru 2 íbúðarherbergi, þiljuð og máluð, 4 geymsluklefar og gangur.</p> <p>Stærð: L. 7.5 m. br. 6.3 m. h. 2.7 m. ris 2.2 m. kjh. 2.2 m.</p> <p>Inngönguskúr er við suðurhlið hússins, byggður eins og það. Þar eru 2 gangar, 2 fastir skápar, allt þiljað með panel og málað innan.</p> <p>Stærð: L. 1.9 m. br. 1.9 m. h. 2.2 m. skápak, kjh. 2.2 m.</p>	
<p>Húsið, ásamt tilheyrandi og inngönguskúr, er virt á.....</p>	25.150.- ✓
<p>=====</p> <p>Virt 12/4/1949.</p>	
<p>Húsið er óbreytt frá síðasta mati 2. jan. 1942.</p> <p>Íbúðarhús: L 7.5 m. br. 6.3 m. h. 2.7 m. ris 2.2 m. kj. 2.2 m.</p> <p>Inngskúr : L 1.9 m. br. 1.9 m. h. 2.2 m. skápak. kj. 2.2 m.</p> <p>Húsið, ásamt inngönguskúr og tilheyrandi, er virt á.....</p>	<p>krónur 83.800.- ✓</p>

Gata og númer:

Hverfisgata 66 a.

Möt framkvæmd:	Metið kr.
Möt framkvæmd: 11/9/1924.- 24/10/1969.	
<p>a. Íbúðarhús, úr bindingi, klætt utan plægðum borðum, pappa, listum og járnri þar yfir á veggjum og þaki. Innan á bindingi er þappi og milligólf er í báðum bitalögum. Í aðal hæðinni eru 6 íbúðarherbergi, 2 eldhús og 2 fastir skápar, sem allt er þiljað og herbergin með striga og þappir á veggjum og loftum allt ýmist veggfóðrað eða málað. Í þaklyfti eru 4 íbúðarherbergi og 2 eldhús, allt með sama frágangi eins og er á aðal hæðinni. Kjallari er undir öllu húsinu til geymslu.</p> <p>Stærð: L. 9.4 m. br. 6.3 m. h. 4.0 m. ris 2.7 m. kjh. 2.1 m.</p> <p>Inngönguskúr er við norðurhlið hússins, byggður eins og húsið sjálft, hólfður í þrennt.</p> <p>Stærð: L. 2.1 m. br. 1.4 m. h. 3.8 m. ris 0.6 m. kjh. 2.1 m.</p> <p>Inngönguskúr er við suðurhlið hússins, byggður eins og það.</p> <p>Stærð: L. 2.1 m. br. 1.9 m. h. 4.7 m. skápak, kjh. 2.1 m.</p> <p>Inngönguskúr er við suðurhlið hússins, byggður eins og það.</p> <p>Stærð: L. 2.1 m. br. 1.9 m. h. 4.7 m. skápak, kjh. 2.1 m.</p> <p>Húsið, ásamt 3 inngönguskúrum og tilheyrandi, er virt á.....</p>	16.719.-
<p>b. Viðbygging er við vesturgafli hússins, úr bindingi á 2 hliðar og með eldvarnarvegg úr steinsteypu að vestanverðu. Bindingurinn er klæddur utan með borðum, pappa, listum og járnri. Þak er úr borðasúð, pappa og járnri. Í viðbyggingunni eru hlutar af 2 herbergjum aðal hússins, allt þiljað innan, strigalagt, veggfóðrað og málað.</p> <p>Stærð: L. 1.9 m. br. 6.3 m. h. 3.2 m. skápak, kjh. 2.1 m.</p> <p>Viðbyggingin er virt á.....</p>	1.750.-
	Santals 18.469.-
Virt:24/10/1969.	
<p>Frá síðasta mati, 11/9/1924, hefur verið sett ný eldhúsinnrétting á 1. hæð, nýtt v.s. og tvöfalt gler í glugga, auk ýmissa annara endurbóta, hurðir eru úr harðviði að hluta.</p> <p>Þakhæðin hefur verið stækkuð frá síðasta mati, þar hefur verið settur stór kvistur á norður hlið, þar eru nú 4 íb. herbergi, 2 eldhús og 2 v.s. m/handlaugum. Allt málað og dúklagt. Vesturendi er forskallaður innan, tvöfalt gler er í gluggum og hurðir úr harðviði.</p> <p>Í kjallara var moðdargólf, nú hefur hann verið grafinn meira niður, (lofthæðin er 2.50 m.) og gólfíð steypt. Þar eru 2 geymslur, 2 þvottahús, og 1 baðherbergi m/kerlaug, v.s. og handlaug. Allt málað.</p> <p>Stærð hússins:</p> <p>A: L. 9.4 m., br. 6.3 m., h. 4.0 m., + kvistur ris 2.7 m., kj. 2.1 m.) L. 2.1 m., br. 1.4 m., h. 3.8 m., ris 0.6 m., kj. 2.1 m.) = 524 m³</p> <p>B: L. 2.1 m., br. 1.9 m., h. 4.7 m., ris skápak. kj. 2.1 m.) 1.310.000.-</p> <p>B: L. 1.9 m., br. 6.3 m., h. 3.2 m., ris " kj. 2.1 m. = 63 m³ 180.000.-</p> <p>Húsið, ásamt tliheyrandi, er virt á kr. 1.490.000.-</p>	

Gata og númer:

Möt framkvæmd:	Metið kr.
<u>Virt:28/12.1981.</u>	
Hluti hússins hefur verið endurmetin(einungis matshluti 02) til hækkunar. Stærðir eru óbreyttar frá síðasta mati eða A)286 m ³ virtur á kr.343.200.- og B)63 m ³ virt á kr.75.600.-	
Santals virt á.....	<u>kr 418.800.-</u>

Höfðisgata 66-A 1. jan. '77

Húsi 524 m³ 8.717.000.-Skur 63 m³ 1.192.000.-

Gata og númer:

Hverfisgata 67.

Möt framkvæmd: 1/6/1942.	Metið kr.
<p>a. Íbúðarhús, einlyft, með porti, risi og kjallara, úr bindingi, klætt utan plögðum borðum, pappa og jární þar yfir á veggjum og þaki. Í aðalhæðinni eru 3 íbúðarherbergi, eldhús, búr og gangur, sem allt er þiljað, herbergin lögð pappa á veggjum, en striga og pappír á loftum, allt málað. Í rishæðinni eru 2 íbúðarherbergi, eldhús, búr og gangur, allt með sama frágangi eins og er á aðalhæðinni. Kjallari með steinsteypugólf er undir öllu húsinu. Hann er hólfabur í 2 geymsluklefar, smíðastogu og gang.</p> <p>Stærð: L. 6.3 m. br. 5.7 m. h. 3.8 m. ris 2.5 m. kjh. 2.2 m.</p> <p>Inngönguskúr er við norðurhlíð hússins, með kjallara, byggður eins og það.</p> <p>Stærð: L. 1.9 m. br. 1.9 m. h. 3.8 m. skáþak, kjh. 2.2 m.</p> <p>Húsið, ásamt inngönguskúr og tilheyrandi, er virt á.....</p>	26.605.-
<p>b. Viðbygging úr bindingi er klædd utan með plögðum borðum, pappa, listum og jární á 2 vegu og þaki, en eldvarnarveggur er að austanverðu. Í útveggi er fyllt með sagspónum og milligólf er í báðum bitalögum. Í aðalhæðinni eru 3 íbúðarherbergi, eldhús og skápur, allt þiljað og með pappa á veggjum og striga og pappír á loftum, allt ýmist veggfóðrað eða málað. Kjallari er undir allri viðbyggingunni. Steinsteypugólf er í honum hálfum. Þar er þvottahús, geymsluherbergi og gangur.</p> <p>Stærð: L. 6.5 m. br. 6.9 m. h. 3.0 m. ris 0.6 m. kjh. 2.2 m.</p> <p>Inngönguskúr er við norðurhlíð viðbyggingarinnar, byggður eins og hún. Í honum er gangur og skápur, allt þiljað og málað.</p> <p>Stærð: L. 2.2 m. br. 2.5 m. h. 2.7 m. skáþak, kjh. 2.2 m.</p> <p>Húsið, ásamt inngönguskúr og tilheyrandi, er virt á.....</p>	27.735.-
<p>Samtals</p>	54.340.- ✓

Gata og númer:

Hverfisgata 68 a.

Möt framkvæmd: 1/3/1943.	Metið kr.
<p>a. Íbúðarhús, einlyft, á steinlímdum grunni, úr bindingi, klætt utan plægðum borðum, pappa, listum og jární, þar yfir og með járnaki á plægðri borðasúð með pappa á milli. Innan á binding er pappi og milligólf í báðum bitalögum. Í aðalherberginu eru 3 íbúðarherbergi, eldhús, búr og gangur, sem allt er þiljað og herbergin strigalögð með pappir á veggjum og loftum, allt ýmist veggfóðrað eða málað. Í rishæðinni er sama herbergjaskipun og sami frágangur eins og er á aðalherberginu. Kjallari með trégólfi er undir öllu húsinu. Í honum eru 2 geymsluklefar, gangur og smíðaherbergi.</p>	
Stærð: L. 6.9 m. br. 6.3 m. h. 4.4 m. ris 3.1 m. kjh. 2.5 m.	
Inngönguskúr er við suðurhlíð hússins, byggður eins og það. Í honum er v.s.	
Stærð: L. 1.9 m. br. 2.2 m. h. 4.7 m. skápak, kjh. 2.5 m.	
Húsið, ásamt inngönguskúr og tilheyrandi, er virt á.....	54.790.-
<p>b. Viðbygging er við vesturenda litra a, úr steinsteypu á 3 vegu, en er áföst við eldra húsið að austan. Þak er úr bárujárni, pappa og borðasúð. Í aðalherberginu eru 3 íbúðarherbergi, eldhús og gangur. Langskilveggur er úr steinsteypu, sementssléttaður beggja megin, en aðrir skilveggir eru úr bindingi, með tvöföldum þiljum. Þiljað er einnig neðan á loftbita. Innan á útveggjum er borðagrind með pappa í og þiljum þar innan á. Allar þiljur eru lagðar striga og vélapappir og öll er hæðin ýmist veggfóðruð eða máluð. Timburgólf er á bitalögum og í þeim milligólf með pappa og sagspónastoppi á milli gólfanna. Kjallari er undir allri viðbyggingunni með steinsteypugólfi. Þar er sölubúð með borðum, skápum, skúffum og hillum. Innan á útveggjum hennar eru lagðar korkplötur og allir veggir sementssléttaðir. Þiljað er neðan á loftbita og strigalagt og öll er búðin máluð, ásamt búðargögnum. Í kjallaranum er enn fremur miðstöðvarklefi, v.s. og opinn gangur.</p>	
Stærð: L. 5.5 m. br. 7.0 m. h. 3.4 m. ris 1.0 m. kjh. 2.5 m.	
Viðbyggingin, ásamt tilheyrandi, er virt á.....	38.530.-
<p>c. Geymsluskúr, úr bindingi, klæddur utan jární á langböndum.</p>	
Stærð: L. 2.7 m. br. 2.5 m. h. 2.2 m. skápak.	
Skúrinn er virtur á.....	1.020.-
<p>d. Geymsluskúr, úr steinsteypu, með járnaki á borðasúð, með pappa á milli. Skúrinn er að mestu þiljaður innan og í honum er steinsteypugólf.</p>	
Stærð: L. 2.6 m. br. 2.9 m. h. 2.6 m. skápak.	
Skúrinn er virtur á.....	900.-
	<p>Samtals 95.240.- ✓</p>

Gata og númer:

Hverfisgata 69.

Möt framkvæmd: 1/2/1944. 30/6/1966	Metið kr.
<p>a. Íbúðarhús, úr bindingi, klætt utan plægðum borðum, pappa, listum og járnri þar yfir á veggjum og þaki. Í aðalheðinni eru 3 íbúðarherbergi og eld-hús, allt þiljað innan, strigalagt, veggfóðrað og málað. Í rishæðinni eru 4 íbúðarherbergi og gangur, allt með sama frágangi eins og er á aðalheðinni. Kjallari með steinsteypugólf er undir öllu húsinu. Þar er 1 herbergi, þiljað og málað og geymsluherbergi.</p> <p>Stærð: L. 6.3 m. br. 6.3 m. h. 3.8 m. ris 2.3 m. kjh. 2.0 m.</p> <p>Inngönguskúr er byggður eins og húsið.</p> <p>Stærð: L. 1.9 m. br. 2.5 m. h. 4.4 m. skápak, kjh. 2.0 m.</p> <p>Húsið, ásamt inngönguskúr og tilheyrandi, er virt á..... 47.250.-</p>	
<p>b. Viðbygging, einlyft, með kjallara og skápaki, úr járnþentri steinsteypu 2 gólf, en kjallaragólf úr venjulegri steinsteypu. Hún er með járnþaki á pappa og borðasúð. Í aðalheðinni er sölubúð, þiljuð innan, vírlögð, múr-sléttuð og máluð. Í kjallaranum er geymsla. Hann er hólfður í tvennt. Viðbygging þessi er við vesturgöfl hússins, áföst við það, án eldvarnarveggs.</p> <p>Stærð: L. 3.7 m. br. 12.0 m. h. 3.6 m. skápak, kjh. 2.3 m.</p> <p>Viðbyggingin er virt ásamt tilheyrandi á..... 40.380.-</p>	
Samtals	87.630.-v
<hr/>	
Virt:30/6/1966	
<p>Sú breyting hefur verið gerð á húsinu frá síðasta mati, 1/2/1944, að húsið hefur verið stækkað og þakinu lyft. Stækkunin er úr timbri. Þá hefur verið múrhúðað að Kjallari innan og innréttingar endurnýjaðar og auknar. Í húsinu er nú á 1. hæð eld-hús, stofa, skáli og anddyri og á 2. hæð eru 3 íbúðarherbergi og bað. Allt málað og dúk-lagt og skápar eru innbyggðir.</p> <p>B: B liður er nú íbúðarherbergi og sölubúð. Kjallari er óbreyttur.</p> <p>Stærð hússins:</p> <p>A: L. 6.35 m., br. 8.90 m., h. 5.5 m., ris 6.5 m., kj. 2.4 m.</p> <p>" L. 1.60 m., br. 2.60 m., h. 2.7 m. = 476.00 m³ 1.047.000.-</p> <p>B: L. 3.70 m., br. 12.00 m., h. 3.6 m., ris skáþ., kj. 2.3 m. = 262.00 m³ 503.000.-</p> <p>Húsið, ásamt tilheyrandi, er virt á kr. 1.550.000.-</p>	
a	

Gata og númer:

Hverfisgata 70.

Möt framkvæmd: 11/9/1924.	Metið kr.
<p>a. Íbúðarhús, einlyft, með risi, kvisti og kjallara, úr bindingi, klætt utan með óplægðum borðum, pappa, listum og járnri þar yfir á veggjum og þaki. Í útveggi er fyllt í binding með marhálmi og milligólf er í neðra bitalagi, en á milli sperra er fyllt með sagspónum. Í aðalhæðinni eru 3 íbúðarherbergi, eldhús, búr, gangur og fastur skápur, allt þiljað, strigalagt, veggfóðrað og málað. Í rishæðinni eru 2 íbúðarherbergi og gangur, allt þiljað, strigalagt og málað. Kjallari með steinsteypugólfi er undir öllu húsinu og er timburgólf ofan á 3/5 hlutum af steinsteypugólfinu. Þar er 1 íbúðarherbergi, eldhús og gangur, allt með sama frágangi eins og á aðalhæðinni. Auk þessa eru þar 2 geymsluklefar og þvottahús.</p>	
Stærð: L. 6.3 m. br. 6.3 m. h. 2.8 m. ris 3.0 m. kjh. 2.5 m.	
Húsið, ásamt tilheyrandi, er virt á.....	9470.-
<p>b. Inngönguskúr er við suðurhlið hússins, úr bindingi á 2 vegu og þaki, en eldvarnarveggur er að sunnanverðu. Hann er allur þiljaður og málaður innan og jarnvarinn utan. Í honum eru 2 gangar, búr og v.s.</p>	
Stærð: L. 1.9 m. br. 2.7 m. h. 2.5 m. skápak, kjh. 1.9 m.	
Skúrin er virtur á.....	646.-
<p>c. Trésmía- og íbúðarhús, tvílyft, með kvisti og risi er byggt við austur-enda litra a, úr steinsteypu, með þaki úr borðasúð, pappa og járnri. Í efri hæðinni er framhliðin klædd bárujárni utan á steinsteypunni. Í neðri hæð hússins er trésmíðavinnustofa, eldhús, v.s., fastur skápur og anddyri. Í efri hæðinni eru 3 íbúðarherbergi og anddyri. Í húsinu eru 2 loft úr jarnbentri steinsteypu, en allir skilveggir og g-ólf neðri hæðarinnar er úr venjulegri steinsteypu. Innan á útveggjum er borðagrind, pappi, listar og þiljur og allt ýmist veggfóðrað eða málað. Í þaklyfti er 1 íbúðarherbergi, fataklefi, geymsluherbergi, 3 hliðarskápar og gangur, allt þiljað innan á veggsperrur og stoppað með sagspónum. Skilveggir eru hér úr timbri og íbúðarherbergið er veggfóðrað og málað.</p>	
Stærð: L. 6.7 m. br. 6.3 m. h. 5.3 m. ris 3.0 m.	
Viðbyggingin, ásamt tilheyrandi, er virt á.....	13.797.-
	Samtals 23.913.- ✓

Gata og númer:

Hverfisgata 71.

Möt framkvæmd: 10/7/1920.	Metið kr.
<p>a. Íbúðarhús, úr bindingi, klætt utan plægðum borðum, pappa, listum og járnri þar yfir á veggjum og þaki. Innan á binding er pappi og milligólf í báðum bitalögum. Í aðalhæðinni eru 3 íbúðarherbergi, eldhús, búr og gangur og 3 fastir skápar, sem allt er þiljað, strigalggt og ýmist veggfóðrað eða málað. Á rishæðinni eru 4 íbúðarherbergi og gangur, allt með sama frágangi eins og er á aðalhæðinni. Kjallari er undir öllu húsinu til geymslu.</p> <p>Stærð: L. 7.5 m. br. 6.9 m. h. 4.4 m. ris 3.1 m. kjh. 2.6 m.</p> <p>Inngönguskúr er við norðurhlið hússins, byggður eins og það.</p> <p>Stærð: L. 2.2 m. br. 2.5 m. h. 6.3 m. skápak, kjh. 2.6 m.</p>	
Húsið, ásamt inngönguskúr og tilheyrandi, er virt á.....	18.149.-
<p>b. Viðbygging er við austurgafli hússins, úr bindingi, báðir hliðveggir, klæddir utan með plægðum borðum, pappa, listum og járnri og með járnþaki á pappa og borðasúð. Austurgafllinn er eldvarnarveggur. Á aðalhæð hússins er sölubúð, með borðum, hillum og skápum, öll þiljuð innan og máluð. Þar er einnig geymsluherbergi, þiljað innan og með steinsteypugólfi. Í efri hitum er gólf úr plægðum gólfborðum. Þar uppi er geymsla.</p> <p>Stærð: L. 5.0 m. br. 6.9 m. h. 5.5 m. skápak.</p>	
Viðbyggingin er virt á.....	6.400.-
	Samtals 24.549.- ✓

Möt framkvæmd: 1/4/1942.	Metið kr.
<p>a. Íbúðar- og brauðgerðarhús, úr bindingi, klætt utan plægðum borðum, pappa listum og járnri þar yfir á 3 vegu, en eldvarnargafli er að austanverðu og með járnþaki á plægðri borðasúð, pappa, listum og járnri. Innan á bindingi er pappi og milligólf í báðum bitalögum. Í aðalhöðinni eru 5 íbúðarherbergi, eldhús, búr, gangur og 2 fastir skápar, allt þiljað, strigalagt, veggfóðrað og málað. Í rishæðinni eru 3 íbúðarherbergi, eldhús, geymsluklefi og gangur, allt með sama frágangi eins og er á aðalhöðinni. Á skambbitum er gólf, þar uppi er þurkloft. Kjallari með steinsteypugólfi er undir öllu húsinu. Í honum er brauðsölubúð með 2 vörusýningargluggum, borði, hillum og skúffum. Veggir og búðarborð eru klæddir með postulínsflísum. Í kjallaranum er enn fremur brauðgerðarherbergi, bökunarherbergi, geymsluherbergi, 3 skápar með hillum og gangur með flísagólfi.</p>	
Stærð: L. 11.3 m. br. 7.5 m. h. 4.7 m. ris 2.8 m. kjh. 2.8 m.	
Inngönguskúr er við suðurhlíð hússins, byggður eins og það, hólfabur í tvennt.	
Stærð: L. 2.2 m. br. 2.5 m. h. 3.8 m. skápak, kjh. 2.8 m.	
Húsið, ásamt inngönguskúr og tilheyrandi, er virt á.....	86.925.-
<p>b. Viðbygging er við aðalhösið. Hún er kjallari, úr steinsteypu, veggir, gólf en þak er úr borðasúð, pappa og járnri. Allur er kjallarinn þiljaður innan, múrsléttabur á vír og málaður. Þar er baðherbergi og w.s.</p>	
Stærð: L. 2.7 m. br. 2.6 m. h. 2.8 m.	
Kjallarinn, ásamt tilheyrandi, er virtur á.....	1.400.-
<p>c. Geymsluhús, einlyft, með risi, úr bindingi, klætt utan járnri á langböndum á veggjum og þaki. Þar er timburloft og steinsteypugólf. Húsið er hólfabur í sundur í 2 geymslur og hesthús.</p>	
Stærð: L. 5.7 m. br. 4.4 m. h. 3.2 m. ris 2.8 m.	
Húsið er virt á.....	6.900.-
<p>d. Bifreiðaskúr, er byggður á sömu lóð úr steinsteypu, með járnþaki á langböndum. Í honum er steinsteypugólf og allur er hann sementsléttabur utan og innan.</p>	
Stærð: L. 5.3 m. br. 6.3 m. h. 3.0 m. skápak.	
Skúrinn er virtur á.....	4.500.-
<p>e. Þvottahús úr bindingi, klætt utan pappa og járnri á þaki. Þiljað og hólfabur í tvennt. Steingólf er í því hálfu.</p>	
Stærð: L. 5.7 m. br. 3.0 m. h. 2.1 m.	
Húsið, ásamt tilheyrandi, er virt á.....	2.260.-
	Samtals 101.985.-

Gata og númer:

Hverfisgata 73.

Möt framkvæmd: (1/3/1943.) 12/4/1949. 31/1/1962.	Metið kr.
<p>a. Íbúðarhús, úr bindingi, klætt utan með plægðum börðum, pappa, listum og járnri þar yfir á veggjum og þaki. Í binding er pappi og milligólf er í neðra bitalagi. Í aðalheðinni eru 3 íbúðarherbergi, eldhús og 2 fastir skápar, sem allt er þiljað og herbergin með pappa á veggjum, en striga og pappir á loftum, allt ýmist veggfóðrað eða málað. Gólf er á efra bitalagi. Þar uppi er geymsla og þurkloft. Kjallari er undir öllu húsinu, hólfabur í tvennt, með rimlaskilvegg.</p> <p>Stærð: L. 6.3 m. br. 6.3 m. h. 3.3 m. ris 1.5 m. kjh. 2.2 m.</p> <p>Húsið, ásamt tilheyrandi, er virt á.....</p>	29.870.-
<p>b. Viðbygging er við vesturenda hússins, úr steinsteypu á 3 vegu. Þak er úr borðasúð, pappa, listum og járnri. Í viðbyggingunni eru 2 íbúðarherbergi, eldhús og gangur. Innan á útveggjum er rimlagrind með pappa og þiljum innan á. Skilveggir eru úr bindingi með tvöföldum þiljum. Þiljað er einnig neðan á loftbita. Allt strigalagt, veggfóðrað og málað. Kjallari er undir öllu húsinu, með steinsteypugólfi og trégólfi yfir helmingi kjallarans. Þar er 1 íbúðarherbergi, þiljað og málað, 2 geymsluherbergi og gangur.</p> <p>Stærð: L. 6.3 m. br. 6.3 m. h. 3.1 m. ris 1.5 m. kjh. 2.2 m.</p> <p>Húsið, ásamt tilheyrandi, er virt á.....</p>	30.320.-
	Samtals 60.190.-v
=====	
Virt 12/4/1949.	
Húsið er óbreytt frá síðasta mati 1. marz 1943, stafl A.	
Íbúðarhús: L 6.3 m. br. 6.3 m. h. 3.3 m. ris 1.5 m. kj. 2.2 m.	
Húsið, ásamt tilheyrandi, er virt á.....krónur	67.500.-v

Virt 31/1. 1962. stafl. B.	
Frá síðasta mati, 1/3 1947, hefur verið byggð ný hæð ofan á húsið, úr steinsteypu, einangrað með vikri, og með þaki úr timbri, pappa og bárujárnri. Upphitun er hitaveita.	
Áhæðinni (2. hæð.) eru 2 íbúðarherbergi, eldhús, m/borðkrók, baðherbergi m/steypu, v. s. og handlaug, forstofa og stigahús. Allt málað og dúklagt. Einfalt gler. er í gluggum og hurðir eru málaðar.	
Staflidur A er óbreyttur og ekki endurmetinn.	
Stærð:	
B.: L. 6.5 m., br. 7.00 m., h. 5.4 m., ris 1.0 m., kjh. 2.2 m. = 368.55 m ³ .	
Húsið með tilheyrandi er metið á	kr. 443.000.-

Gata og númer:

Hverfisgata 74.

Möt framkvæmd: (a - d 1/6/1941, e 2/1/1944.) a 17/7/1947, b 1/6/1941 c 2/1/1944.

Metið kr.

a. Íbúðarhús, úr bindingi, klætt utan borðum, pappa, listum og jární á veggjum og þaki. Í aðal hæðinni eru 3 íbúðarherbergi, 2 eldhús, 2 gangar og v.s. Allt er þetta þiljað innan, strigalagt, veggfóðrað og málað. Inngönguskúr er við húsið, byggður eins og það. Þar er stigagangur og steypibaðklefi m/v.s.

Stærð íbúðarhússins: L. 8.8 m. br. 6.9 m. h. 4.2 m. ris 2.7 m.

" inngönguskúrs: L. 2.4 m. br. 2.1 m. h. 5.1 m. skáþak.

Húsið, ásamt inngönguskúr og tilheyrandi, er virt á..... *Flutt 1956* 24.100.-

b. Viðbygging er við vesturenda hússins, úr steinsteypu, með járnþaki á borðasúð, tvílyft, með risi. Þar eru 3 loft úr járnþentri steinsteypu, en skilveggir eru úr venjulegri steinsteypu. Innan á útveggjum eru summsstaðar vikurplötur, en annarsstaðar vírlagðar þiljur og allar íbúðirnar eru múrslétt- aðar og ýmist veggfóðraðar eða málaðar innan. Húsið og kjallarinn er múr- húdað utan. Í hvorri hæð fyrir sig eru 2 íbúðarherbergi, eldhús, steypibað- klefi m/v.s. og gangur. Dyr með tréhurð er á milli húsanna.

Stærð: L. 4.9 m. br. 10.5 m. h. 5.4 m. ris 2.4 m.

Húsið, ásamt tilheyrandi, er virt á..... 34.300.-

c. Kjallari undir litra a og b, er úr steinsteypu og hólfaður í sundur í 5 herbergi. Þar er nú efnalaug.

Stærð: L. 16.0 m. br. 10.5 m. h. 3.4 m.

Kjallarinn er virtur á..... 31.405.-

d. Geymsluskúr, úr steinsteypu, með járnþaki á pappa og borðasúð. Hann er hólfaður í sundur í 3 geymsluklefa.

Stærð: L. 6.0 m. br. 2.7 m. h. 2.1 m. skáþak.

Skúrin er virtur á..... 680.-

e. Trésmíðahús, úr steinsteypu, með steinsteypugólfi og með þaki úr borðasúð, pappa og báruasbesti. Skilveggur er úr bindingi með einfaldri asbest- klæðningu. Húsið er klætt innan á útveggi með tréexplötum og múrhúð.

Stærð: L. 16.0 m. br. 7.0 m. h. 3.8 m. skáþak.

Húsið, ásamt tilheyrandi, er virt á..... 53.050.-

Santals 143.535.- ✓

Húsið er í aðalatriðum óbreytt frá síðasta mati 1/6/1941 og 2/1/1944.
Þar er nú verzlun, sem áður var efnalaug.

Hverfisgata 74.

Möt framkvæmd: 15/9/1965

Metið Kr.

A. Íbúðarhús: L. 8.8 m. br. 6.9 m. h. 4.2 m. ris 2.7 m.

" Inng.skúr: L. 2.4 m. br. 2.1 m. h. 5.1 m. skápak.

Húsið, ásamt inngönguskúr og tilheyrandi, er virt á..... 300.200.-

Viðbygging: L. 4.9 m. br. 10.5 m. h. 5.4 m. ris 2.4 m.

Kjallari: L. 16.0 m. br. 10.5 m. h. 3.4 m.

Mat viðbyggingarinnar er innifalið í mati hússins.

Litra b geymsluskúr er virtur 1/6/1941 á..... 680.-

" c Trésmíðahús er virt 2/1/1944 á..... 53.050.-

Samtals 353.930.-

Virt: 15/9/1965

Frá síðasta mati, 2/1/1944, hefur húsið verið stækkað, byggt úr steinsteypu, einangrað með plasti og velil, slétthúðað og málað að utan að hluta af húsinu. Húsið er 5 hæðir og ris og upphitun er hitaveita.

1. hæð: Þar eru nú 2 verzlunir, geymslur og gangar, allt málað og dúklagt, skilrúm eru úr timbri og gibsonít, einfalt gler í gluggum. Auk þess er þvottahús á hæðinni.

2. hæð: Þar eru 2 íbúðir eða samtals 8 íbúðarherbergi, 2 eldhús, 2 baðherbergi með sturtum, v.s. og handlaugum. Skápar eru innbyggðir, 2 svalir, hurðir eru úr harðviði, og í gluggum er einfalt gler. Gangur.

3. hæð: Eins og 2. hæð.

4. hæð: Eins og 2. hæð.

5. hæð: Eins og 2. hæð, nema minni.

Rishæð: Þetta er hanabjálki og eru 8 geymslur þar.

Stærð hússins:

A: L. 16.0 m., br. 10.5 m., h. 12.5 m., ris 3.5 m. = 2.394.00 m³

Húsið, ásamt tilheyrandi, er virt á kr. 3.830.000.-

Gata og númer:

Hverfisgata 75.

Möt framkvæmd: 1/4/1942.	Metið kr.
<p>a. Íbúðarhús, einlyft, með kvisti, risi og kjallara, úr bindingi, klætt utan plægðum borðum, pappa, listum og járnri þar yfir á veggjum og þaki. Í miðjan binding er þiljað með borðum og pappi þar innan á. Í aðalherberginu eru 3 íbúðarherbergi, eldhús, búr og gangur, allt þiljað innan, strigalagt, veggfóðrað og málað. Í rishæðinni eru 5 íbúðarherbergi og eldhús, allt með sama frágangi eins og er niðri. Kjallari með steinsteypugólfi er undir öllu húsinu. Þar er 1 íbúðarherbergi, eldhús og gangur, allt þiljað og málað. Auk þess eru þar 4 geymsluklefar. Timburgólf er yfir steinsteypugólfinu í íbúðinni.</p> <p>Stærð: L. 7.5 m. br. 7.5 m. h. 4.4 m. ris 2.5 m. kjh. 2.2 m.</p> <p>Inngönguskúr er við norðurhlíð hússins, byggður eins og það. Í honum eru 4 skápar og 2 v.s.</p> <p>Stærð: L. 2.2 m. br. 2.7 m. h. 6.9 m. skápak, kjh. 2.2 m.</p> <p>Húsið, ásamt inngönguskúr og tilheyrandi, er virt á.....</p>	45.125.-
<p>b. Viðbygging er við vesturgafli hússins, bygg eins og það. Þar eru 2 íbúðarherbergi, v.s. og gangur, allt þiljað, strigalagt, veggfóðrað og málað. Kjallari er undir allri viðbyggingunni. Þar eru 3 geymsluklefar og þvottahús og gangur.</p> <p>Stærð: L. 4.4 m. br. 7.5 m. h. 3.3 m. ris 0.8 m. kjh. 2.2 m.</p> <p>Húsið, er virt á.....</p>	13.430.-
<p>c. Hesthús og heyhlaða, er byggð að nokkru leyti úr höggnum grásteini og að nokkru leyti úr binding, klædd utan borðum og pappa á veggjum og með járnþaki á borðasúð með pappa á milli. Í öðrum enda þess er innréttað fjós og afþiljað með timbrskilveggjum og lofti. Þiljur eru tvöfaldar og stoppað á milli þeirra og eins í loftið með sagspónum. Steinsteypugólf er í húsinu.</p> <p>Stærð: L. 8.9 m. br. 3.5 m. h. 3.3 m. ris 1.8 m.</p> <p>Húsið, er virt á.....</p>	8.600.-
<p>Samtals</p>	67.155.-

Gata og númer: Hverfisgata 76

Möt framkvæmd: 9/11/1965	Metið kr.
<p>Nýtt iðnaðar- og verzlunarhús, 4 hæðir. Byggt úr steinsteypu, einaggrað með plasti, slétthúðað og málað að utan. Upphitun er hitaveita.</p> <p>1. hæð: Þar er verzlun, geymsla, 2 v. s. m/handlaugum. Allt málað og dúklagt. Gluggar eru með tvöföldu gleri.</p> <p>2. hæð: Þar er iðnaður,</p> <p>3. hæð: Eins og II. hæð.</p> <p>Dakhæð: Þar eru skrifstofuherbergi.</p> <p><u>Ath. Engar innréttingar eru með í mati þessu.</u></p> <p>Stærð hússins:</p> <p>L. 12.0 m., br. 16.08 m., h. 10.2 m.,</p> <p>þak. L. 9.5 m., br. 16.08 m., h. 2.8 m. = 2.396.00 m³.</p> <p>Húsið, ásamt tilheyrandi, er virt á kr.</p>	<p>3.354.000.-</p>

Gata og númer:

Hverfisgata 78.

Möt framkvæmd: (9/9/1944.)10/8/1946.	Metið kr.
<p>a. Íbúðarhús, úr bindingi, klætt utan óplægðum borðum, pappa, listum og jární á veggjum og þaki. Í aðalhæðinni eru 3 íbúðarherbergi og eldhús, allt þiljað og málað, herbergin strigalögð og veggfóðruð. Gólf eru tvöföld. Uppi eru 2 herbergi og framloft allt þiljað og málað. Kjallari er undir öllu húsinu, hólfaður í fernt.</p> <p>Stærð: L. 5.6 m. br. 5.0 m. h. 3.8 m. ris 2.5 m. kjh. 1.7 m.</p> <p>Inngönguskúr er við suðurhlíð hússins, byggður eins og það.</p> <p>Stærð: L. 1.9 m. br. 2.5 m. h. 2.8 m. skábak.</p> <p>Húsið, ásamt inngönguskúr og tilheyrandi, er virt á.....</p>	27.100.-
<p>b. Bókagerðarhús, sem áður var bifreiðaviðgerðaskúr, úr steinsteypu, með járnþaki á borðasúð og steinsteypugólfi, klætt innan á útveggi með trétexi og gólf dúklögð. Það er hólfað í 1 skrifstofuherbergi, 2 vinnuherbergi, gang og v.s.</p> <p>Stærð: L. 15.5 m. br. 7.3 m. h. 3.7 m. ris 2.1 m. <i>uppskriftir</i></p> <p>Húsið, er virt á.....</p>	189.600.-
Samtals	216.700.-✓
<p>Eldra húsið er í aðalatriðum óbreytt frá síðasta mati 9/9/1944. Þar er bókbandsherbergi, brotakerbergi, kaffistofa, handlauga- og hreinlætisherbergi, inngangur og geymsla. Í stað timburhúss þess, er flutt var af lóðinni, hefir verið byggt fjögurra hæða steinsteypuhús til bókkerðar, með þaki úr borðum, pappa og asbesti og er það áfast við steinsteypuhúsið, sem fyrir var og innangengt á milli þeirra. Stigar og 4 loft eru úr járnþentri steinsteypu og hvíla loftin að nokkru leyti á steinsteiptum súlum. Húsið er allt múrhúðað og málað innan. Í neðstu hæðinni eru 2 skrifstofuherbergi, 2 v.s., 2 geymsluherbergi og bifreiðaskúr, sem er aðskilinn frá hinum hlutum hússins. Í 2. hæð er bókbandsvinnustofa. Í 3. hæð er prentsalur, steypibaðherbergi m/v.s. Í 4. hæð, sem nær ekki að fullu yfir breidd hússins, eru 2 íbúðarherbergi, eldhús, baðherbergi m/keri og v.s., 2 skrifstofuherbergi og gangur. Í kjallara er geymsla. Lyftuhús er áfast við, en engin lyfta enn þá. Húsið er múrhúðað utan.</p> <p>Stærð hússins: L. 15.7 m. br. 10.8 m. h. 9.8 m. kjh. 2.8 m.</p> <p>" 4.hæðar: L. 15.7 m. br. 8.3 m. h. 2.6 m. ris 1.8 m.</p> <p>" lyftuhúss: L. 2.0 m. br. 2.2 m. h. 16.5 m. kjh. 0.5 m.</p> <p>Húsið, ásamt lyftuhúsi og tilheyrandi, er virt á.....</p>	
	719.000.-

Möt framkvæmd: 1/12/1941.	Metið kr.
<p>a. Íbúðarhús, með risi og kjallara, úr bindingi, klætt utan borðum, pappa, listum og jární á veggjum og þaki. Innan á bindingi er pappi og allt er húsið þiljað innan, s. trigalagt, veggfóðrað og málað. Í neðri hæðinni eru 4 íbúðarherbergi, eldhús, steypibaðklefi m/v.s., gangur og 2 fastir skápar. Í efri hæðinni er sama herbergjaskipun og sami frágangur eins og er á neðri hæðinni. Kjallari með steinsteypugólfi er undir öllu húsinu. Þar er miðstöðvarherbergi, þvottahús, 2 geymsluherbergi og gangur.</p> <p>Stærð: L. 7.5 m. br. 6.3 m. h. 5.6 m. ris 1.3 m. kjh. 2,1 m.</p> <p>Inngönguskúr er við suðurhlíð hússins, byggður eins og það.</p> <p>Stærð: L. 2.1 m. br. 2.1 m. h. 4.7 m. skápak, kjh. 2.1 m.</p> <p>Húsið, ásamt inngönguskúr og tilheyrandi, er virt á.....</p>	36.400.-
<p>b. Verzlunar- og íbúðarhús, þrilyft, með 4 gluggakvistum, porti, risi og kjallara, úr steinsteypu, með járnþaki á planka og borðasúð. Í húsinu eru 4 loft úr járnþentri steinsteypu, en skilveggir hæðanna og kjallarans eru úr venjulegri steinsteypu. Allt múrsléttað. Í neðstu hæðinni er sölubúð með venjulegri búðarinnréttingu, geymsluherbergi, skrifstofa, v.s. og anddyri. Í 2. og 3. hæð er sama herbergjaskipun, á hvorri fyrir sig eru 3 íbúðarherbergi, eldhús, baðherbergi m/v.s., anddyri og gangur. Innan á öllum útveggjum eru korkplötur og múrsléttað á þær. Allar íbúðirnar eru ýmist veggfóðraðar eða málaðar innan. Í þaklyfti eru 2 íbúðarherbergi, v.s., gangur og þurkloft. Þar uppi eru skilveggir, allir úr bindingi, með tvöföldum þiljum, allt veggfóðrað og málað, nema þurkloftið. Í kjallara eru 2 geymsluherbergi, miðstöðvarherbergi og gangur. Stigar eru allir úr steinsteypu og gúmmíðukur á stigabreytum og gólfum anddyris og baðherbergja. Veggvalir eru á vesturhlíð hússins. Húsið er sementssléttað utan.</p> <p>Stærð: Meðall, 7.6 m. br. 10.9 m. h. 10.3 m. ris 3.0 m. kjh. 2.0 m.</p> <p>Húsið, ásamt tilheyrandi, er virt á.....</p>	100.100.-
<p>c. Geymslu- og hesthús, úr steinsteypu, með járnþaki á langböndum. Steinsteypugólf er í öllu húsinu. Skilveggur er úr timbri og loft er í því öllu.</p> <p>Stærð: L. 6.6 m. br. 4.4 m. h. 3.5 m. ris 2.0 m.</p> <p>Húsið er virt á.....</p>	5.085.-
Samtals	141.585.-

Gata og númer:

Hverfisgata 82

Möt framkvæmd: 30/6/1965

Metid kr

Frá síðasta mati hefur verið byggð ný viðbygging, 5 hæðir. Byggt úr steinsteypu, einangrað með plasti, slétt húðað og málað að utan og steipt þak.

1. hæð: Nýja húsið: Verzlanir, snyrtiherbergi m/v.s. og handlaug, allt málað og dúklegt einangrun er í loftum í gluggum er tvöfalt gler og harðviður er í hurðum.

2. hæð: Þar eru skrifstofur 2 íbúðarherbergi, létt skilrúm, 2 snyrtiherbergi með v.s. og handlaugum. Allt málað og dúklegt og tvöfalt gler í gluggum og harðviður í hurðum.

3. hæð: Eins og 2. hæð.

4. hæð: Eins og 2. hæð.

Þakhæð: Stigahús, eldhús, forstofa, 3 herbergi, baðherbergi, v.s. og handlaug. XXX Allt málað og dúklegt, í gluggum er tvöfalt gler, og harðviður í hurðum.

Ath. Stafliður B metist ekki í þessu mati, A og C er rifið, en nýr liður A kemur inn.

Stærð hússins:

A. L. 18.7 m., br. 6.08 m., h. 3.5 m., ris fl. = 398.00 m³

2-5 L. 18.7 m., br. 6.57 m., h. 11.7 m., ris fl. = 1.437.00 m³.

Húsið, ásamt tilheyrandi, er virt á kr. 3.670.000.-

Gata og númer:

Hverfisgata 83. Bjarnaborg

Möt framkvæmd: (1/10/1941.) (10/4/1945.) 18/3/1947.	Metið kr.
<p>a. Íbúðarhús, tvílyft, með gluggakvistum, risi og kjallara, úr bindingi, klætt utan með borðum, pappa, listum og jární á veggjum og þaki. Norðurgafli hússins er eldvarnarveggur. Í neðri hæðinni eru 15 íbúðarherbergi, 5 eldhús, 5 búr, 5 gangar og 5 fastir skápar, allt þiljað innan, strigalagt, veggfóðrað og málað. Í efri hæðinni er sama herbergjaskipun og sami frágangur eins og er á neðri hæðinni. Í rishæðinni eru 12 íbúðarherbergi, 5 gangar, 5 geymslu-kleifar og 5 fataskápar. Kjallari er undir öllu húsinu til geymslu.</p> <p>Stærð suður- og norðurenda til samans: L. 18.8 m. br. 6.3 m. h. 5.8 m. ris 2.8 m. kjh. 2.0 m.</p> <p>Stærð millibyggingar: L. 22.0 m. br. 7.5 m. h. 2.8 m. ris 2.8 m. kjh. 2.0 m.</p> <p>Húsið, ásamt tilheyrandi, er virt á..... 154.020.-</p>	
<p>b. Geymsluskúr, úr binding, klæddur utan plægðum borðum, pappa, listum og jární á þaki, en aðeins klæddur utan með borðum á veggjum. Hann er hólfður í 10 geymslur og 10 salerni.</p> <p>Stærð: L. 34.7 m. br. 2.5 m. h. 2.8 m. skápak.</p> <p>Skúrinn er virtur á..... 7.290.-</p>	
<p>Samtals 161.310.-</p>	
=====	
Húsið er óbreytt frá síðasta mati.	
<p>A. Íbúðarhús. Suður- og norðurendi: L. 18.8 m. br. 6.3 m. h. 5.8 m. ris 2.8 m. kjh. 2.0 m.</p> <p>" Millibygging: L. 22.9 m. br. 7.5 m. h. 5.8 m. ris 2.8 m. kjh. 2.0 m.</p> <p>B. Geymsluskúr: L. 34.7 m. br. 2.5 m. h. 2.8 m. skápak.</p> <p>Litra A, ásamt tilheyrandi, er virt á..... 372.000.-</p> <p>" B, er virt á..... 14.500.-</p>	
<p>Samtals 386.500.-</p>	
=====	
Húsið er óbreytt frá síðasta mati 10/4/1945.	
<p>A. Suður- og norðurendi: L. 18.8 m. br. 6.3 m. h. 5.8 m. ris 2.8 m. kjh. 2.0 m.</p> <p>" Millibygging: L. 22.0 m. br. 7.5 m. h. 2.8 m. ris 2.8 m. kjh. 2.0 m.</p> <p>Húsið, ásamt millibyggingu og tilheyrandi, er virt á..... 418.300.-</p> <p>B. Geymsluskúr: L. 34.7 m. br. 2.5 m. h. 2.8 m. skápak.</p> <p>Skúrinn, ásamt tilheyrandi, er virtur á..... 18.200.-</p>	
<p>Samtals 436.500.-</p>	

Gata og númer:

Hverfisgata 84.

Möt framkvæmd: 1/5/1942.	Metið kr.
<p>a. Íbúðarhús og verzlunar, með portí, risi og kjallara, úr bindingi, klætt utan með plögðum borðum, pappa, listum og jární, á veggjum og þaki. Innan á binding er pappi og milligólf með steinsteypu er í báðum bitalögum. Í aðal- hæðinni eru 3 íbúðarherbergi, eldhús og búr, allt þiljað innan, strigalagt, veggfóðrað og málað. Í rishæðinni eru 3 íbúðarherbergi, eldhús, gangur og 2 fastir skápar, allt með sama frágangi eins og á aðalhæðinni. Kjallari með timbergólfi og steinsteypugólfi undir því hálfu, er undir öllu húsinu. Þar er sölubúð, með borðum og skápum, þiljuð og máluð innan. Auk þess er þar 2 geymsluherbergi og gangur.</p>	
Stærð: L. 7.5 m. br. 7.5 m. h. 4.4 m. ris 3.8 m. kjh. 2.5 m.	
Inngönguskúr er við austurgafi hússins, byggður eins og það. Þar eru 5 fastir skápar og 3 v.s., allt þiljað og málað.	
Stærð: L. 2.5 m. br. 3.1 m. h. 5.7 m. skápak, kjh. 2.5 m.	
Húsið, ásamt inngönguskúr og tilheyrandi, er virt á.....	54.580.-
b. Þvotta- og geymsluskúr, úr steinsteypu, hólfður í tvennt með tréskilrúmi. Þak er úr jární á langböndum.	
Stærð: L. 4.3 m. br. 2.7 m. h. 2.1 m. skápak.	
Skúrinn, ásamt tilheyrandi, er virtur á.....	2.750.-
Samtals	57.330.-

Möt framkvæmd:	21/5/1935.	Metið kr.
a.	Íbúðarhús, úr bindingi, klætt utan með plægðum borðum, pappa, listum og járnri þar yfir á veggjum og þaki. Í aðalherberginu eru 3 íbúðarherbergi og eldhús, allt þiljað, strigalagt, veggfóðrað og málað. Uppi eru 2 herbergi með sama frágangi eins og er á aðalherberginu. Kjallari með timburgólfi er undir öllu húsinu. Þar er 1 íbúðarherbergi og eldhús, þiljað og málað, 2 geymsluherbergi og gangur. Stærð: L. 5.7 m. br. 5.7 m. h. 3.3 m. ris 2.0 m. kjh. 2.0 m. Inngönguskúr er við norðurhlíð hússins, byggður eins og það. Stærð: L. 3.6 m. br. 1.9 m. h. 5.0 m. skápak, kjh. 2.0 m. Húsið, ásamt inngönguskúr og tilheyrandi, er virt á.....	7.951.-
b.	Íbúðarhús, áfast við eldra húsið, úr steinsteypu á 3 vegu og með járnþaki á borðasúð, með pappa á milli. Í aðalherberginu eru 2 íbúðarherbergi og eldhús. Innan á útveggjum er borðagrind með pappa í og þiljum þar innan á. Skilveggir eru úr bindingi, með tvöföldum þiljum. Þiljað er og neðan á loftbita. Allt lagt striga og pappir og ýmist veggfóðrað eða málað. Kjallari með steinsteypugólfi er undir húsinu. Þar er 1 íbúðarherbergi og eldhús, þiljað og málað og geymsluherbergi. Stærð: L. 4.0 m. br. 7.2 m. h. 3.4 m. skápak, kjh. 2.0 m. Inngönguskúr er við norðurhlíð hússins, byggður eins og það. Stærð: L. 2.0 m. br. 2.5 m. h. 2.6 m. skápak, kjh. 2.0 m. Húsið, ásamt inngönguskúr og tilheyrandi, er virt á.....	6.362.-
c.	Heyhlaða er á sömu lóð úr járnri á langböndum. Stærð: L. 6.6 m. br. 3.6 m. h. 2.8 m. ris 1.0 m. Heyhlaðan er virt á.....	948.-
d.	Fjós er við vesturenda hlöðunnar, úr binding, klætt utan borðum, pappa og járnri. Stærð: L. 4.0 m. br. 3.4 m. h. 2.0 m. skápak. Fjósið er virt á.....	700.-
e.	Heyhlaða er byggð úr binding, klædd utan járnri á langböndum. Stærð: L. 10.0 m. br. 2.5 m. h. 3.2 m. skápak. Heyhlaðan er virt á.....	960.-
Samtals		16.921.- ✓

Gata og númer:

Hverfisgata 86.

Möt framkvæmd: 1/6/1942.	Metið kr.
<p>Ibúðarhús, úr bindingi, klætt utan með plægðum borðum, pappa og járnri þar yfir á veggjum og þaki. Stoppað er í binding með marhálmi og pappi er innan á bindingi. Milligólf er í neðra bitalagi. Í aðal hæðinni eru 4 íbúðarherbergi, eldhús og skápur. Allt þiljað, strigalagt, veggfóðrað og málað. Í rishæðinni eru 5 íbúðarherbergi og eldhús, allt með sama frágangi. Kjallari er undir öllu húsinu með trégólfi. Þar er 1 íbúðarherbergi og eldhús, þiljað og málað, 2 geymsluherbergi og gangur.</p> <p>Stærð: L. 7.5 m. br. 6.9 m. h. 4.4 m. ris 2.5 m. kjh. 2.4 m.</p> <p>Inngönguskúr er við suðurhlíð hússins, byggður eins og það.</p> <p>Stærð: L. 2.1 m. br. 2.1 m. h. 6.9 m. skápak, kjh. 2.4 m.</p> <p>Inngönguskúr er við vesturgafli hússins, byggður eins og það.</p> <p>Stærð: L. 1.9 m. br. 2.5 m. h. 2.7 m. skápak, kjh. 2.4 m.</p> <p>Húsið, ásamt 2 inngönguskúrum og tilheyrandi, er virt á.....</p>	<p>48.980.-</p>
<p>Virt 30/7 1980.</p> <p>Jarðhæð er ný, þar eru 2 geymslur, 1 eldhús, borðstofa, 2 íbúðarherbergi, baðherbergi m/tilheyrandi, þvottahús og anddyri.</p> <p>A miðhæð er nýr stigagangur.</p> <p>Húsiða var flutt inn á lóðina og stækkað.</p> <p>Stærðir eru:</p> <p>L. 6,90 m., br. 7,60 m., h. 4,50 m., ris 3,20 m., kj. 2,5 m.,)</p> <p>L. 3,55 m., br. 2,25 m., h. 6,0 m., " 1,6 m., " 2,5 m.,) 556 m³.</p> <p>L. 1,84 m., br. 4,48 m., h. 2,7 m., " 1,3 m., " 2,5 m.,)</p> <p>Húsið, ásamt tilheyrandi er virt á kr. 44.480.000</p>	<p>44.480.000</p>
<p>Virt 20/11 1980.</p> <p>Óskað er eftir endurmati því nú er húsið klárað að öllu leiti.</p> <p>Stærðir eru óbreyttar - 556 m³.</p> <p>Húsið, ásamt tilheyrandi er virt á kr. 50.040.000</p>	<p>50.040.000</p>

Gata og númer:

Hverfisgata 87.

Möt framkvæmd: 1/11/1943.

Metið kr.

Íbúðarhús, tvílyft, með risi og kjallara, úr bindingi, klætt utan plögðum borðum, pappa, listum og járnri bar yfir á veggjum og baki. Innan á binding er pappi og listar og milligólf með steinsteypu í báðum bitalögum. Í aðal hæðinni eru 3 íbúðarherbergi, eldhús og 3 skápar, allt þiljað, strigalagt, veggfóðrað og málað. Í efri hæðinni er sama herbergjaskipun og sami frágangur. Kjallari með steinsteypugólfi er undir öllu húsinu, hólfður í sundur í geymslur.

Stærð: L. 6.9 m. br. 6.6 m. h. 5.7 m. ris 1.6 m. kjh. 2.2 m.

Inngönguskúr er við vesturgöfl hússins, byggður eins og það. Hann er hólfður í tvennt og með 2 föstum skápum.

Stærð: L. 2.2 m. br. 2.5 m. h. 5.0 m. ris 0.5 m. kjh. 2.2 m.

Inngönguskúr er við húsið, byggður eins og það. Hann er hólfður í tvennt. Þar er fastur skápur, skólþró og 2 v.s.

Stærð: L. 2.2 m. br. 2.2 m. h. 4.9 m. skápak, kjh. 2.2 m.

Húsið, ásamt 2 inngönguskúrum og tilheyrandi, er virt á.....

64.670.- v

Gata og númer:

Hverfisgata 88. A

Möt framkvæmd: (1/7/1943.) 15/5/1946.	Metið kr.
<p>a. Íbúðarhús, úr steinsteypu, með þaki úr borðasúð, pappa, listum og jární. Í húsinu, sem aðeins er kjallarahæð, eru 4 íbúðarherbergi, eldhús, v.s., geymslu- klefi, anddyri, 2 gangar og opinn gangur í gegnum húsið. Loft er úr járnbentri steinsteypu, en skilveggir og gólf eru úr venjulegri steinsteypu. Innan á útveggjum er borðagrind með pappa í og þiljum þar innan á, strigalögðum. Skil- veggir og loftið að neðan er sementssléttuð og allt ýmist veggfóðrað og málað. Leirflísar eru á gólfum anddyris og ganga. Múrhúðað utan m/skeljasandi. Stærð: L. 15.5 m. br. 8.8 m. h. 3.5 m. skápak.</p>	
Húsið, ásamt tilheyrandi, er virt á.....	85.010.-
<p>b. Geymsluskúr, úr steinsteypu, bæði veggir og þaki. Múrhúðaður utan með skeljasandi og múrsléttuður og þiljaður með borðum að innan. Skúrinn er hólf- aður í tvennt, þvottahús og geymslu. Stærð: L. 8.5 m. br. 4.5 m. h. 2.6 m.</p>	
Skúrinn, ásamt tilheyrandi, er virtur á.....	10.350.-
	Samtals 95.360.- ✓
=====	
<p>Húsið er óbreytt frá síðasta mati að öðru leyti en því, að sett hefir verið á það ris. Þar er geymsla. (1/7/1943.)</p>	
A. Íbúðarhús: L. 15.5 m. br. 8.8 m. h. 3.0 m. ris 2.9 m.	
B. Geymsluskúr: L. 8.5 m. br. 4.5 m. h. 2.6 m. skápak.	
Húsið, ásamt tilheyrandi, er virt á.....	150.000.-
Geymsluskúrinn, ásamt tilheyrandi, er virtur á.....	10.000.-
	Samtals 160.000.-
=====	

Gata og númer:

Hverfisgata 88 b.

Möt framkvæmd: 16/9/1919.	Metið kr.
<p>a. Íbúðarhús, úr bindingi, klætt utan borðum, pappa og listum og járni á veggjum og þaki. Í aðalhöðinni eru 3 íbúðarherbergi, eldhús og búr. Allt þiljað innan, pappalagt, veggfóðrað og málað. Kjallari með steinsteypugólfi er undir húsinu og er timburgólf yfir því. Þar eru 3 íbúðarherbergi, þiljuð, strigalögð, veggfóðruð og máluð, eldhús og gangur, þiljað og málað.</p> <p>Stærð: L. 6.3 m. br. 6.3 m. h. 3.1 m. lágt ris, kjh. 2.5 m.</p> <p>Inngönguskúr er við vesturgafli hússins, byggður eins og það. Þar eru 2 gangar. Við hann eru háar tröppur.</p> <p>Stærð: L. 1.9 m. br. 2.8 m. h. 2.7 m. skápak, kjh. 2.5 m.</p> <p>Húsið, ásamt inngönguskúr og tilheyrandi, er virt á.....</p> <p>b. Viðbygging er við austurgafli hússins, úr steinsteypu, með járnþaki á borðasúð, sementssléttuð utan, hólfuð í 2 geymsluklefa.</p> <p>Stærð: L. 3.1 m. br. 6.3 m. h. 2.5 m. skápak, kjh. 2.0 m.</p> <p>Viðbyggingin er virt á.....</p> <p style="text-align: right;">Santals</p>	<p>14.085.-</p> <p>2.000.-</p> <p>16.085.-</p>
<p>Virt: 17/12 1976.</p> <p>Frá síðasta mati hefur ýmislegt verið endurbætt í húsinu.</p> <p>Engin stækkun hefur átt sér stað. Húsið er 1.hæð, ris og kjallari.</p> <p>1.hæð: Þar er 1.íbúð, - Nýtt þak hefur verið sett á húsið járnvarið að utan. Nýjir gluggar sem í eru tvöfalt gler. Gólfdukur á gólfum.</p> <p>Þaðherbergi með tilheyrandi er á 1.hæð og eru stofurnar viðarklæddar.</p> <p>Þakhæð: Þar er geymsluloft.</p> <p>Kjallari: Þar er 1.íbúð.</p> <p>Stærð hússins:</p> <p>A. L. 6.3 m., Br. 6.3 m., H. 3.1 m., Kj. 2.5 m.</p> <p>L. 1.9 m., Br. 2.8 m., H. 2.7 m., Ris. skápak. Kj. 2.5 m. = 250 m³</p> <p>B. L. 3.1 m., Br. 6.3 m., H. 2.5 m., Ris. skápak. Kj. 2.0 m. = 88 m³</p> <p>Húsið, ásamt tilheyrandi, er virt á.....kr.</p>	<p>4.125.000.-</p> <p>1.452.000.-</p> <p>5.577.000.-</p>

Gata og númer:

Hverfisgata 88 c.

Möt framkvæmd: (7/1/1924.) (29/5/1948) 25/8/1962.	Metið kr.
<p>Ibúðarhús, úr holsteini, sementsláttuðum, utan og með járnþaki á borða- súð, með pappa á milli. Í því er steinsteypugólf. Þar eru 2 íbúðarherbergi, þiljuð, strigalögð og máluð, eldhús og gangur með sama frágangi. Timburgólf er yfir steinsteypugólfinu. Í húsinu er ennfremur geymsluherbergi, Stærð: L. 12.8 m. br. 4.9 m. h. 3.1 m. skáþak. Húsið, ásamt tilheyrandi, er virt á.....</p>	9.556.- ✓
=====	
<p>29/5/1948</p> <p>Húsið er óbreytt frá síðasta mati 7. jan. 1924 að öðru leyti en því, að það hefir verið endurbætt inna og utan og sett á það nýtt þak, sett í það miðstöðvarlagn og eldavél.</p> <p>A. Ibúðarhús: L 12.8 m. br. 4.9 m. h. 3.1 m. skáþak. Húsið, ásamt tilheyrandi, er virt á.....</p> <p>B. Skúr fylgir húsinu, áður óvirtur, úr timbri, járnvarinn. Stærð: L 1.9 m. br. 5.2 m. h. 2.0 m. skáþak. Skúrinn, ásamt tilheyrandi, er virtur á.....</p>	54.300.00 1.700.00
=====	
<p><u>Virt 25/8/1962.</u></p> <p>Frá síðasta mati, 29/5 1948, hefur verið sett ný eldhúsinnrétting og sett allt nýtt bæði inni eldhús og stofu, nýtt baðker, og raflagn endurnýjuð.</p> <p>Stærð hússins:</p> <p>A: L. 12.8 m., br. 4.9 m., h. 3.1 m., skáþak. = 194.43 m³. kr. 253.000.- B: " 1.9 " " 2.5 " " 2.0 " " = 9.50 m³. " 8.000.-</p> <p>Húsið, ásamt tilheyrandi er virt á samtals kr. 261.000.-</p>	

Gata og númer:

Hverfisgata 89.

Möt framkvæmd: 1/3/1942.	Metið kr.
<p>a. Íbúðarhús, með risi og kjallara, úr bindingi, klætt utan borðum, pappa, listum og járnri á veggjum og þaki. Í neðri hæðinni eru 3 íbúðarherbergi, eldhús, búr og gangur, sem allt er þiljað innan, pappalagt, veggfóðrað og málað. Í efri hæðinni er sama herbergjaskipun og sami frágangur eins og í neðri hæðinni. Á þakbitum eru plægð gólfborðu. Þar uppi er geymsla. Kjallari er undir öllu húsinu með steinsteypugólfi. Í honum eru 2 íbúðarherbergi, þiljuð og máluð, 2 geymslukleifar og gangur.</p> <p>Stærð: L. 7.5 m. br. 7.6 m. h. 5.7 m. ris 1.8 m. kjh. 2.2 m.</p> <p>Inngönguskúr er við norðurhlíð hússins, byggður eins og það.</p> <p>Stærð: L. 2.2 m. br. 2.5 m. h. 5.3 m. skápak, kjh. 2.2 m.</p> <p>Húsið, ásamt inngönguskúr og tilheyrandi, er virt á.....</p>	40.960.-
<p>b. Geymsluskúr er byggður við austurenda íbúðarhússins, úr bindingi, klæddur utan járnri á langböndum bæði veggir og þak. Loft er í skúrnum úr gólfborðum.</p> <p>Stærð: L. 2.8 m. br. 7.6 m. h. 5.5 m. skápak.</p> <p>Skúrin er virtur á.....</p>	4.025.-
	Samtals 44.985.- ✓
<p>Gummíviðgerðaviðbygging, 1 hæð með skúrþaki og kjallari, byggð úr steinsteypu, óhúðuð utan nema á framhlíð, klædd innan timbri og asbestplötum og með þaki úr steinsteypu, timbri, pappa og bárujárnri. Á hæðinni eru 2 viðgerðarverkstæði, 2 skrifstofur, v.s. m/handlaug og geymsla, allt múrhúðað og hvíttað. Geymslan stafl. B. er rifinn.</p> <p>Stærð viðbyggingar : L 6.75 br. 3.0 h. 3.8 skápak kj. 2.4 = 1255.50 m³</p> <p>" kjallaraútskots: L 1.5 br. 13.0 h. 2.4 = 46.80 m³</p> <p style="text-align: right;">1302.30 m³</p>	
Viðbyggingin, ásamt tilheyrandi, er virt á.....	260.500.00
Íbúðarhús og geymsluskúr (a. og b. liður) frá 1/3/1942 var virt á.....	44.985.00
	Samtals krónur 305.485.00 ✓

Gata og númer:

Hverfisgata 90.

Möt framkvæmd: 1/11/1941.	Metið kr.
<p>a. Íbúðar- og verzlunarhús, með porti, risi, úr steinsteypu, með járnþaki á pappa, listum og borðasúð. Milligólf er í báðum bitalögum. Í neðri hæðinni eru sölubúð, geymsluherbergi, 2 íbúðarherbergi, eldhús, 2 gangar og v.s. Innan á útveggjum eru biljur. Skilveggir eru úr bindingi með tvöföldum biljum og biljað er neðan á loftbita. Allt strigalagt, veggfóðrað og málað. Í efri hæðinni eru 4 íbúðarherbergi, eldhús, gangur og 2 fastir skápar. Allt með sama frágangi eins og á neðri hæðinni. Í rishæðinni er sama herbergjaskipun og sami frágangur. Stærð: L. 7.5 m. br. 7.5 m. h. 7.0 m. ris 3.1 m.</p>	
<p>Inngönguskúr er við suðurhlíð hússins, byggður eins og það. Þar eru 3 gangar og 1 v.s.</p>	
<p>Stærð: L. 2.2 m. br. 2.8 m. h. 7.8 m. skápak</p>	
<p>Húsið, ásamt inngönguskúr og tilheyrandi, er virt á.....</p>	37.620.-
<p>b. Bifreiðaskúr er byggður úr steinsteypu á 3 vegu, en norðurhlíðin er úr bindingi. Hann er klæddur utan borðum, pappa og járn. Þak er úr borðasúð, pappa, listum og járn.</p>	
<p>Stærð: L. 5.5 m. br. 6.0 m. h. 3.0 m. skápak.</p>	
<p>Skúrinn er virtur á.....</p>	2.475.-
<p>c. Geymsluskúr er byggður á baklóð hússins úr steinsteypu með járnþaki á pappa og borðasúð. Gólf og 2 skilveggir eru úr steinsteypu. Í skúrnum er þvottahús, geymsluherbergi, 3 geymsluklefar, v.s. og gangur. Skúrinn er múrsléttður utan.</p>	
<p>Stærð: L. 10.2 m. br. 5.8 m. h. 3.0 m. skápak.</p>	
<p>Skúrinn, ásamt tilheyrandi, er virtur á.....</p>	7.280.-
<p>d. Íbúðarhús, úr bindingi, klætt utan borðum, pappa, listum og járn á veggjum og þaki. Í aðal hæðinni eru 3 íbúðarherbergi, eldhús og skápur, allt biljað, veggfóðrað og málað. Kjallari er undir öllu húsinu með timburgólfi. Þar er 1 íbúðarherbergi, eldhús, gangur og 2 geymsluklefar. Íbúðin er biljuð og máluð. (Áður brbr. 710)</p>	
<p>Stærð: L. 5.6 m. br. 5.0 m. h. 2.7 m. ris 1.3 m. kjh. 2.5 m.</p>	
<p>Húsið, ásamt tilheyrandi, er virt á.....</p>	9.800.-
<p>e. Geymsluskúr, úr bindingi, klæddur utan borðum, pappa, listum og járn á veggjum og þaki.</p>	
<p>Stærð: L. 3.8 m. br. 2.5 m. h. 2.4 m. skápak.</p>	
<p>Skúrinn er virtur á.....</p>	1.150.-
<p style="text-align: right;">Santals</p>	58.325.- ✓

Gata og númer:

Möt framkvæmd: 13/6 1979.

Metið kr

Frá síðasta mati hefur húsið verið stækkað og ýmsar breytingar verið gerðar. Viðbótin er steinsteypt, einangruð, klædd að utan með spónarplötum og er bárujárn á þaki.

Bætt hefur verið við anddyri, dagstofu, eldhúsi. Teknir hafa verið veggir sem afmörkuðu gamalt eldhús og það flútt. Þetta á við 1.hæð. 2.hæð: Hún hefur einnig verið stækkuð að 1/3, bætt við anddyri og stofu.

3.hæð: Stækkuð að 1/3, bætt við herbergi, v.s. og stigapalli.

Stærð hússins:

A. L. 11.30 m., Br. 7.60 m., H. 7.50 m., Ris. 3.0 m. = 773 m³

Húsið, ásamt tilheyrandi, er virt á.....kr. 37.104.000.-

Gata og númer:

Hverfisgata 91.

Möt framkvæmd: (1/2/1942.) 28/2/1963.	Metið kr.
<p>a. Íbúðarhús, úr bindingi, klætt utanmeð kantsettum borðum, pappa, listum og járnri þar yfir, bæði á veggjum og þaki. Í aðal hæðinni eru 4 íbúðarherbergi og 2 eldhús, allt þiljað, pappalagt, veggfóðrað og málað. Öll gólf eru tvöföld. Í rishæðinni eru 4 íbúðarherbergi og 2 gangar. Allt með sama frágangi eins og er á aðal hæðinni. Kjallari er undir öllu húsinu, hólfður í geymslur. Stærð: L. 7.5 m. br. 6.3 m. h. 4.1 m. ris 2.5 m. kjh. 1.9 m.</p> <p>Inngönguskúr er byggður eins og húsið.</p> <p>Stærð: L. 2.5 m. br. 2.5 m. h. 6.1 m. skápak, kjh. 1.9 m.</p> <p>Húsið, ásamt inngönguskúr og tilheyrandi, er virt á.....</p>	26.330.-
<p>b. Íbúðarhús, úr steinsteypu á 3 vegu, með járnþaki á borðasúð með pappa á milli. Suðurhlíðin er hærri. Í neðri hæðinni eru 2 íbúðarherbergi, eldhús og skápur. Skilveggir eru úr þiljuðum binding og borðaklæðning er neðan á loftbitum. Innan á útveggjum er borðagrind með pappa í og þiljum þar innan á. Allt lagt striga og vélapappír og ýmist veggfóðrað eða málað. Í efri hæðinni er sama herbergjaskipun og frágangur allur eins og á neðri hæðinni. Kjallari með steinsteypugólfi er undir öllu húsinu. Þar er þvottaherbergi, 2 geymsluherbergi og gangur.</p> <p>Stærð: L. 4.9 m. br. 6.3 m. h. 5.9 m. ris 0.8 m. kjh. 2.0 m.</p> <p>Inngönguskúr er við húsið, byggður eins og það.</p> <p>Stærð: L. 2.3 m. br. 3.9 m. h. 5.2 m. skápak, kjh. 2.0 m.</p> <p>Húsið, ásamt inngönguskúr og tilheyrandi, er virt á.....</p>	24.750.-
	Samtals 51.080.-v
Virt 28/2 1963.	
<p>Húsið er óbreytt að stærðum, en vel við haldið og óskast endurmetið til samræmis við hækkað verðalag.</p> <p>Stærð hússins:</p>	
A: L. 7.5 m., br. 6.3 m., h. 4.1 m., ris 2.5 m., kj. 1.9 m.	
" " 2.5 " " 2.5 " " 6.1 " skápak " 1.9 " = 390.20 m ³ .	kr. 410.000.-
B: " 4.9 " " 6.3 " " 5.9 " ris 0.8 m., " 2.0 "	
" inng.:" 2.3 " " 3.9 " " 5.2 " skápak " 2.0 " = 320.80 m ³ .	" 415.000.-
Húsið ásamt tilheyrandi er virt á samtals.....	kr. 825.000.-

Gata og númer:

Hverfisgata 92.

Möt framkvæmd: (1/3/1943. X13/4/1946.) 26/11/1946.	Metið kr.
<p>a. Íbúðarhús, einlyft, með risi, úr bindingi, klætt utan borðum, pappa, listum og járnri þar yfir á veggjum og þaki. Innan á binding er pappi og milligólf í neðra þitalagi. Í aðal hæðinni eru 3 íbúðarherbergi, eldhús og skápur. Allt þiljað, strigalagt, veggfóðrað og málað. Í rishæðinni er 1 íbúðarherbergi, þiljað og málað og framloft. Kjallari með steinsteypugólfi og timburgólfi þar ofan á er undir öllu húsinu. Í honum eru 2 íbúðarherbergi, eldhús, geymsla og 2 skápar. Allt þiljað og málað.</p> <p>Stærð: L. 6.3 m. br. 5.7 m. h. 3.0 m. ris 2.4 m. kjh. 2.5 m.</p> <p>Inngönguskúr er við suðurhlíð hússins, byggður eins og það.</p> <p>Stærð: L. 2.2 m. br. 2.5 m. h. 2.5 m. skápak, kjh. 2.5 m.</p> <p>Húsið, ásamt inngönguskúr og tilheyrandi, er virt á..... 33.050.-</p>	
<p>b. Viðbygging er tvílyft, úr steinsteypu og með járnþaki á borðasúð, með pappa og listum á milli. Öll gólf eru úr timbri og innan á útveggjum er pappi, grind úr timbri og panelborð. Allt veggfóðrað og málað. Í neðri hæðinni er 1 íbúðarherbergi og gangur. Í efri hæðinni eru 2 íbúðarherbergi og gangur. Kjallari með steinsteypugólfi er undir viðbyggingunni. Þar er 1 íbúðarherbergi, gangur og v.s.</p> <p>Stærð: L. 3.8 m. br. 6.8 m. h. 6.8 m. skápak, kjh. 2.5 m.</p> <p>Viðbyggingin, ásamt tilheyrandi, er virt á..... 26.110.-</p>	
<p>c. Geymsluskúr, úr steinsteypu, með járnþaki á súð. Hann er hólfaður í þrennt.</p> <p>Stærð: L. 10.0 m. br. 3.1 m. h. 2.5 m. skápak.</p> <p>Skúrinn er virtur á..... 4.184.-</p>	
	Samtals 63.344.- ✓
=====	
<p>Húsið er óbreytt frá síðasta mati 1/3/1943.</p> <p>A. Íbúðarhús: L. 6.3 m. br. 5.7 m. h. 3.0 m. ris 2.4 m. kjh. 2.5 m.</p> <p>" Inngönguskúr: L. 2.2 m. br. 2.5 m. h. 2.5 m. skápak, kjh. 2.5 m.</p> <p>" Viðbygging: L. 3.8 m. br. 6.8 m. h. 6.8 m. skápak, kjh. 2.5 m.</p> <p>Húsið, ásamt inngönguskúr, viðbyggingu og tilheyrandi, er virt á..... 87.100.-</p> <p>B. Geymsluskúr: L. 10.0 m. br. 3.1 m. h. 2.5 m. skápak.</p> <p>Skúrinn er virtur á..... 2.000.-</p>	
	Samtals 89.100.-
=====	
Virt 26/11/1946.	
Húsið er óbreytt í aðalatriðum frá síðasta mati 13. apríl 1946, en endurbætt nokkuð.	

Gata og númer:

Hverfisgata 92.

Möt framkvæmd: 26. nóv. 1946.	Metið kr
A. Ibúðarhús: L 6.3 m. br. 5.7 m. ris 2.4 m. h. 3.0 m. kj. 2.5 m.	
" Inngskúr : L 2.2 m. br. 2.5 m. skápak. h. 2.5 m. kj. 2.5 m.	
Viðbygging : L 3.8 m. br. 6.8 m. skápak. h. 6.8 m. kj. 2.5 m.	
Húsið, ásamt inngönguskúr, viðbyggingu og tilheyrandi, er virt á.....	123.400.-
B. Geymsluskúr: L 10.0 m. br. 3.1 m. h. 2.5 m. skápak.	
Skúrin, ásamt tilheyrandi, er virtur á.....	<u>3.000.-</u>
<u>Samtals krónur</u>	<u>126.400.-/</u>
<hr/>	
Virt: 12/5 1976.	
Frá síðasta mati hefur húsið allt verið bárujárnsklætt að utan að nýju. Gluggar einnig lagfærðir. Stærð hússins:	
A. íb. L. 6.3 m., Br. 5.7 m., H. 3.0 m., Ris. 2.4 m., Kj. 2.5 m.)	
inng.: L. 2.2 m., Br. 2.5 m., H. 2.5 m., Ris. skápak. Kj. 2.5 m.)	= 508 m ³ 7.112.000.-
viðb.: L. 3.8 m., Br. 6.8 m., H. 6.8 m., Ris. " Kj. 2.5 m.)	
B. geym. L. 10.0 m., Br. 3.1 m., H. 2.5 m.	= 78 m ³ 187.000.-
Húsið, ásamt tilheyrandi, er virt á.....	<u>kr. 7.299.000.-</u>

Gata og númer:

Hverfisgata 92 a.

Möt framkvæmd: 21/1/1930.	Metið kr.
<p>a. Íbúðarhús, úr bindingi, klætt utan borðum, pappa, listum og járnri á veggjum og þaki. Í aðalheðinni eru 4 íbúðarherbergi, eldhús og gangur. Allt biljað innan, strigalagt, veggfóðrað og málað. Sellotex er á gólfum og dúkar þar yfir. Í þaklyfti er gólf á bitalögum. Þar uppi er geymsla.</p> <p>Stærð: L. 9.3 m. br. 6.3 m. h. 2.8 m. ris 1.8 m.</p> <p>Inngönguskúr er vâ suðurhlið hússins, byggður eins og það. Þar er geymsla og gangur.</p> <p>Stærð: L. 2.8 m. br. 1.5 m. h. 2.5 m. skáþak.</p> <p>Húsið, ásamt inngönguskúr og tilheyrandi, er virt á.....</p>	<p>10.575.00</p>
<p>b. Geymsluskúr er við vesturgafli hússins, úr bindingi, klæddur utan borðum og pappa á veggjum og þaki. Hann er hólfður í þrennt.</p> <p>Stærð: L. 3.2 m. br. 9.8 m. h. 2.4 m. skáþak.</p> <p>Skúrinn er virtur á.....</p>	<p>600.00</p>
<p style="text-align: right;">Samtals</p>	<p>11.175.00 ✓</p>

Gata og númer:

Hverfisgata 92 b.

Möt framkvæmd: 4/8/1923.	Metið kr.
<p>a. Íbúðarhús, úr steinsteypu, með járnþaki á borðasúð, með pappa á milli. Í aðal hæðinni er 1 íbúðarherbergi, eldhús, gangur og skápur, allt þiljað með asbestplötum á borðagrind. Loft eru lögð striga og pappír, allt málað. Gólf er úr steinsteypu. Í þaklyfti eru 2 íbúðarherbergi, með samskonar frágangi eins og niðri.</p>	
Stærð: L. 6.6 m. br. 4.7 m. h. 4.3 m. ris 1.6 m.	
Húsið, ásamt tilheyrandi, er virt á.....	8.420.-
<p>b. Geymsluskúr, úr steinsteypu á 3 vegu og binding, borðaklæddum á 1 hlið. Járnþak er á skúrnum á borðasúð, með pappa á milli. Þar eru 2 geymslukleifar og gangur.</p>	
Stærð: L. 2.7 m. br. 4.7 m. h. 2.7 m. skáþak.	
Skúrin er virtur á.....	718.-
	Santals 9.138.- ✓

Gala og númer:

Hverfisgata 92 c.

Möt framkvæmd: (15/10/1943) 21.9.1972.	Metið kr.
<p>Íbúðarhús, úr steinsteypu með járnþaki á borðasúð, með pappa á milli. Í neðri hæðinni er 1 íbúðarherbergi, eldhús og gangur. Innan á útveggjum er borðagrind með pappa í og þiljum innan á. Þiljur eru og neðan á loftbitum. Skilveggir eru úr bindingi, klæddir tvöföldum þiljum. Allt lagt striga og pappír og ýmist veggfóðrað eða málað. Í efri hæðinni eru 2 íbúðarherbergi, eldhús og gangur, allt með saskonar frágangi eins og er í neðri hæðinni.</p> <p>Stærð: L. 7.1 m. br. 4.7 m. h. 5.7 m. skábak.</p> <p>Húsið, ásamt tilheyrandi, er virt á.....</p>	<p>28.270.- v</p>
<p><u>Virt: 21.9.1972</u></p> <p>Frá seinasta mati hafa verið gerðar endurbætur á eigninni og er óskað eftir endurmati vegna þeirra. T.d. hafa verið settar nýjar raflagnir, húsið klætt að innan og málað.</p> <p>Stærðir eru óbreyttar.</p> <p>Húsið, ásamt tilheyrandi er virt ákr.</p>	<p>722.000.-</p>

Gata og númer:

Hverfisgata 93.

Mót framkvæmd: a., b., 21/4/1926, c., 21/8/1929, d., 21/9/1931.	Metið kr.
<p>a. Íbúðar- og brauðgerðarhús, úr steinsteypu, með járnþaki á pappa og borðasúð. Í aðal hæðinni eru 4 íbúðarherbergi, 2 eldhús, baðherbergi, v.s. og gangur. Gólf, loft og skilveggir allir eru úr steinsteypu, allt sementssléttað. Innan á útveggjum er borðagrind með pappa í og þýljum þar innan á, lögðum striga og vélapappír og allt er húsið ýmist veggfóðrað eða málað innan. Kjallari er undir öllu húsinu með steinsteypugólfi. Þar eru 2 herbergi til köku- og brauðgerðar, lögð postulínsflísum á öllum veggjum, brauðsölubúð og 2 bökunarherbergi. Útveggir þessara herbergja eru lagðir korkplötum og sementssléttað innan á þær og loft og veggir hvíttáðir. Í búðinni eru borðu, skúffur og hillur, allt málað. Í öllum herbergjum þessum eru gólf lögð leirflísum. Ennfremur er í kjallaranum miðstöðvarherbergi, v.s. og gangur. <i>2 bökunarloftar.</i></p> <p>Stærð: L. 11.7 m. br. 9.8 m. h. 3.4 m. skáþak, kjh. 3.0 m.</p> <p>Inngönguskúr er við austurgöf húsins, byggður eins og það.</p> <p>Stærð: L. 2.2 m. br. 3.9 m. h. 3.0 m. skáþak, kjh. 3.0 m.</p> <p>Húsið ásamt inngönguskúr og tilheyrandi, er virt á.....</p>	61.265.-
